



GREINARGERÐ FAGSVIÐA OG B-HLUTA FYRIRTÆKJA

MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2018

Lögð fram í borgarstjórn 7. nóvember 2017

A-hluti

Íþróttta- og tómstundasvið6

Menningar- og ferðamálasvið 14

Skóla- og frístundasvið 27

Umhverfis- og skipulagssvið 39

Velferðarsvið 50

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu 59

Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar..... 71

Sameiginlegur kostnaður 75

Framlög til B hluta fyrirtækja 76

Ný upplýsingakerfi 77

B-hluti

Faxaflóahafnir82

Félagsbústaðir..... 85

Malbikunarstöðin höfði 94

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins..... 97

Strætó bs. 101

SORPA bs. 106

Orkuveita Reykjavíkur.....

A-HLUTI

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

LEIÐARLIJÓS:

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til ípróttá- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

Áætlun 2018	
Rekstrartekjur	1.578.550
Tekjur samtals	1.578.550
Laun og launatengd gjöld	2.217.459
Annar rekstrarkostnaður	7.056.155
Rekstrargjöld samtals	9.273.614
Rekstarniðurstaða	7.695.064

STARFSFÓLK

Áætlun 2018	
Vinnuframlag	304
Stöðugildi	254
Yfirvinna	103.414
Vaktir	133.179


HLUTVERK

- Rekstur sundlauga og ípróttamannvirkja.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við ípróttá- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

MEGINÁHERSLUR 2018 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Starfsemi Ípróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í ípróttá- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er maðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, ípróttamannvirkja, félagavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til ípróttá- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við ípróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Áfram verður unnið með ÍBR að eftirfylgd sameiginlegrar stefnumótunar í ípróttamálum Reykjavíkur sbr. stefnu fyrir árin 2012-2020. Árið 2018 verður áfram haldið áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verður unnið að uppbyggingu á fræðslu- og starfsmannahúsi.



SKIPURIT



Framkvæmdum við Sundhöllina á útisundlaug, búningasklefum og afgreiðslu lauk árið 2017 og er komið í fullan rekstur. Unnið verður áfram að endurbótum við Breiðholtslaug á búningasklefum og afgreiðslu laugarinnar.

Árið 2017 var gerð viðhorfskönnun hjá ÍTR og verður áfram unnið með þær niðurstöður. Sérstakar aðgerðir verður farið í í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum ásamt því að halda áfram að efla stjórnendahóp ÍTR með ýmiss konar fræðslu. Horft verður til þess að efla upplýsingaflæði, viðhalda árangursríkum stjórnunarháttum, efla hæft og áhugasamt starfsfólk og að stuðla að hvetjandi og jákvæðu starfsumhverfi.

SKIPULAG REKSTRAR 2018



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2018 gera ráð fyrir hækkun á neysluvísitölu um 2,7%. Annar rekstrarkostnaður er verðbættur sem nemur neysluvísitölu. Áætlaðar hækkanir vegna launabreytinga, í samræmi við gildandi kjarasamninga koma til með að verða bættar.


Helstu breytingar á rekstri frá fyrra ári verða meðal annars að stækkun á Sundhöllinni verður í rekstri allt árið 2018. Nýtt íþróttahús við Egilshöll verður tekið í notkun vorðið 2018 ásamt því að stefnt er að taka í notkun nýtt knattús í Breiðholti.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótt- og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti og Hinu Húsinu og er sá kostnaður um 11% af útgjöldum Íþrótt- og tómstundarsviðs. Innri leiga, húsaleigusamningar, samningsbundnir styrkir og framlög eru um 65% af útgjöldum ÍTR. Kostnaður vegna kaupa á orku er 3% af útgjöldum.

Sundlaugar

ÍTR rekur sex sundlaugar. Laugarnar eru ekki einungis ætlaðar til sundkennslu, íþrótta- og sundiðkunar. Þær hafa fjölþættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Heildaraðsókn árið 2016 var 1.866 þúsund gestir og áætluð aðsókn fyrir árið 2017 1.980 þúsund gestir. Framkvæmdir við útisundlaug, búningsklefa og afgreiðslu eru langt komnar við Sundhöllina og áætlað að þeim ljúki í lok nóvember, þá verður stefnt að því að afgreiðslutíma laugarinnar verði breytt í samræmi við afgreiðslutíma Laugardalslaugar. Hönnun á byggingu nýrrar sundlaugar í Úlfarsárdal er nánast tilbúin. Fjárhagsáætlun vegna lauganna 2017 er 1.450 mkr.

Stefnt er að því að vera með lengri afgreiðslutíma um helgar í Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug. Afgreiðslutími verður þá um helgar frá 9:00 – 22:00 en í fyrravetur var afgreiðslutíminn frá 9:00 til kl 18:00. Taflan hér til hliðar sýnir hvernig aðsóknin skiptist á milli sundlauga í Reykjavík.



Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýra. Auk almennrar starfsemi við dýrahald skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árlega sækja um 10 þúsund nemandar leik- og grunnskóla fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við Skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldrsstig og bæði kyn í huga. Auk dýragarðs og fjölskyldugarðs er starfrækt miðasala, veitingahús, verkstæði og skrifstofa. Bætt hefur verið aðstaða við veitingahús garðsins með nýjum heilsársskála. Unnið verður að uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2016 var um 175 þúsund gestir. Fjárhagsáætlun 2018 er 273,8 mkr.

Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefnin felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafapjónustu, frístundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2018 er 438,1 mkr. Þar af er frístund fatlaðra 220,6 mkr., Vinnumiðlun, atvinnu- og forvarnarverkefni 49,1 mkr. og önnur starfsemi Hins Hússins 1684 mkr. Starfsemi Hins Hússins fer fram í Pósthússtræti 3-5 og að Rafstöðvarvegi 9.

Helstu verkefni eru: Áttavitinn - Jafningjafraeðsla Hins Hússins - Götuleikhús Hins Hússins – Lifthópar Hins Hússins – Vinfús – Vítamín – Vinnustaðanám – Músíktílaunir – Unglist – Gallerí Tukt.

Félög og félagasamtök með aðstöðu í Hinu Húsinu: Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) – Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) – Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) – Landsamband ungmennafélaga (LUF) - List án landamæra.

Nauthólsvík, Ylströnd og Siglunes

Nauthólsvík hefur verið einn helsti sjóbaðsstaður Reykvíkinga frá árinu 1949. Í Siglunesi hefur Reykjavíkurborg rekið siglinga- og róðrastarfsemi fyrir börn og unglinga síðan 1967.

Nauthólsvík er vinsælt svæði til útivistar enda veðursæld og náttúrufegurð mikil.

Siglunes á sér farsæla og skemmtilega sögu. Í Siglunesi læra börn og unglingar grunnatriði siglinga og róðurs og takast á við fjölbreyttar áskoranir í öruggu umhverfi með leikgleði, fræðslu og ævintýramennsku í fyrirrúmi. Siglt er á stórum og smáum seglbátum og róíð á kayökum og árabátum. Þátttaka í starfsemi Siglunes 2017 var 5 þúsund gestakomur, sem er fækkun um 2

Þúsund gestakomur sem er tilkomið vegna bilunar á Jónasi feita sem ekki var sjósettur í sumar. Fjárhagsáætlun Siglunes 2018 er 26,5 mkr.

Ylströndin með heitum pottum og manngerðu sjávarlóni opnaði sumarið 2000 og var einungis opin á sumrin fyrstu árin. Haustið 2006 hófust vetrarsjóbböð á Ylströndinni og hafa þau notið mikilla vinsælda meðal sjóbaðsunnenda sem leggja leið sína í Nauthólsvík.

Sérstaða Ylstrandarinnar er mikil. Samspil sjávar, strandarinnar, heita vatnsins og náttúrunnar er magnað og mikil reynsla að upplifa. Fjöldi gesta í vetraropnun Ylstrandarinnar voru 16 þúsund á s.l. vetri. Heildargestakomur yfir árið er áætlað 500 þúsund manns. Fjárhagsáætlun Ylstrandarinnar árið 2018 er 64,6 mkr.

Upplýsinga- og kynningarmál

Mannvirkjavæfur ÍTR fór formlega í loftið í september 2016 og eru allir skólasalir og sundlaugar komin inn í kerfið og sýnileg í gegn um Frístundavefinn. Í tilraunaskyni fengu 30 félög beinan aðgang að fristund.is árið 2016 og gekk það vonum framár. Yfir 100 félög fengu aðgang á árinu 2017 og geta því stýrt upplýsingum sínum sjálf. Stefnt er að því að efni á vefnum verði að fullu stýrt af félögum í lok árs 2018. Árið 2016 var Frístundakortið að fullu tengt við skráningarkerfi stærstu félaga í Reykjavík með þeim hætti að nú fara foreldrar þeirra barna sem nota þar kerfi ekki inn á Rafræna Reykjavík til þess að úthluta styrk heldur klára ferlið hjá sínu eigin félagi. Öðru var haldið óbreyttu þannig að þau félög sem nota ekki rafrænt skráningakerfi finna ekki fyrir breytingum. Það liggur fyrir að skoða þurfi uppgjörshluta Frístundakortakerfisins.


Nautholsvik.is, síðustu heimasíðu ÍTR í eldra heimasíðukerfi (ContentXXL) var lokað í ágúst 2017 og sett á fót ný síða í sama umhverfi og síður Frístundamiðstöðva. Þarfagreining fór fram í samvinnu við starfsfólk Siglunes og Ylstrandar og voru töluverðar breytingar gerðar frá eldra vefsvæði.

Skráning í sumarstarf Hins Hússins var færð yfir í Völu frístund, skráningarkerfi Skóla- og frístundasviðs, vorið 2017. Á árinu 2017 fékk ÍTR úthlutað 500 þúsund kr. úr pottinum Ný upplýsingakerfi til að aðlagja sumarskráningu að starfsemi Hins Hússins. Sótt hefur verið um 3 mkr. fyrir árið 2018 til þess að gera nauðsynlegar breytingar vegna skráningar og innheimtu í vetrarstarf. Unnið er að innleiðingu á nýju aðgangs- og afgreiðslukerfi fyrir starfstaði ÍTR. Fjármagn í verkefnið á árinu 2017 eru 17,5 mkr. og sótt hefur verið um 40 mkr. fyrir árið 2018.


Frístundakortið

Félögum sem aðild hafa að frístundakortinu hefur hækkað um ríflega 10% og eru þau nú 221. Hækkun var á frístundarkortinu úr 35 þúsund kr í 50 þúsund kr árið 2017. Fjárhagsáætlun vegna Frístundakortsins 2017 er 726,9 mkr.

Frístundakortið 2016 – heildarþátttaka



Börn sem eru skráð í skipulagt starf eftir hverfum árið 2016



Skíðasvæði

Samþykktur hefur verið nýr samstarfssamningur til þriggja ára sem gerður var milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem aðild eiga að Skíðasvæðunum. Í samningnum er kveðið á um framlög þeirra til reksturs og rekstrarumsjón verður áfram hjá ÍTR. Fjárfesting skíðasvæðanna er ekki inni í samningnum en hún verður samþykkt sérstaklega.

Meginmarkmið samningsins er að stuðla að markvissu starfi á þeim sviðum þjónustu, fyrir alla hópa skíðaiðkenda, sem skíðasvæðunum er ætlað að sinna og gera þeim mögulegt að bæta þjónustu sína. Með samningnum er einnig leitast við að

tryggja sem besta nýtingu þess fjár sem lagt er til skíðasvæðanna með langtímaákvörðunum. Í þessu felst m.a. að skíðasvæðin viðhaldi getu til að aðlaga starfsemi sína að breyttum kröfum og nýjum forsendum og að starfsfólk skíðasvæðanna búi á hverjum tíma yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að ná fram þessum markmiðum.

Fulltrúar sveitarfélaganna í stjórn SSH að hverju sinni mynda eigendavettvang vegna reksturs skíðasvæðanna. Á eigendavettvangi skal árlega fjallað um rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna, sem og önnur mál er varða stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem ekki er mætt í rekstrar- og framkvæmdaáætlunum. Eigendavettvangurinn mótar endanlegar tillögur um framangreint til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Skipuð skal sérstök nefnd, Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem starfa skal sem ráðgefandi aðili gagnvart eigendavettvangi skíðasvæðanna. Aðildarsveitarfélögin kjósa einn fulltrúa til setu í samstarfsnefnd.

Meginhlutverk samstarfsnefndar eru:

1. Að móta tillögu að stefnu varðandi rekstur og uppbyggingu á svæðunum.
2. Að móta tillögu að áætlun um rekstur, gjaldskrár og fjárfestingar.
3. Að hafa eftirlit með rekstri í umboði eigendavettvangs skíðasvæðanna.
4. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna ásamt stjórnendum skíðasvæðanna skal hafa nána samvinnu við skíðadeildir þeirra íþróttafélaga sem eru með starfsemi á skíðasvæðum.

Aðsókn að skíðasvæðum veturinn 2016-2017 var 61.678 gestir og almennir opnunardagar voru 62. Í Skálafelli var opið í 8 daga og komu 3.656 gestir. Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs skíðasvæðanna 2017 er áætlað 94,9 mkr.

Unnið er að stefnumótun hjá samstarfsnefnd skíðasvæðanna um uppbyggingu og framkvæmdir á skíðasvæðunum.

Íþróttafélög og ÍBR – styrkir og framkvæmdir

Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR árið 2017 og er til ársins 2019. Fram kemur í samningnum að framlög ÍTR til félaganna og ÍBR verði í samræmi við sameiginlega stefnumótun og forgangsörðun sem unnin var 2012. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 915 mkr. Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um 2.065 mkr en hluti af kostnaði ÍTR er vegna afnota félaganna af íþróttahúsum skólanna, Egilshöll, Íþrótt- og sýningahöllinni, íþróttahúsi í Norðlingaholti o.fl. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum. Íþrótt- og tómstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Á samningstímanum verður unnið að því að íþróttafélögin bjóði eldri borgurum aukna þjónustu í sínum mannvirkjum.

Íþróttafélögin skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi ár. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli félags, ÍBR og ÍTR um gerð slíkrar áætlunar.

ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsörðunar verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 52,6 mkr.

Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir árið 2018 tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning og stuðning borgaryfirvalda: Reykjavík International Games og Rey Cup. Einnig má nefna Vetrarhátíð, Reykjavíkumarathon, Menningarnótt og Tour of Reykjavík á vegum ÍBR.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Starfsmannamál*					
Fjöldi starfsmanna	500	522	552	557	557
Fjöldi stöðugilda ÍTR	244	260	265	275	275
Fjöldi ársverka	233	244	249	254	254
Fjöldi ársverka, karlar / konur	102 / 131	107 / 137	110/139	129/146*	129/146*
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	20	20	19	19	19
Vinnuframlag	288	291	302	304	304
Fjöldi yfirvinnustunda	91.963	92.000	109.555	103.414	103.414
Fjöldi vinnustunda með vaktaálagi	112.256	113.000	141.500	133.179	133.179
Eknir km. á ári skv. samningum	82.713	18.750	10.000	10.000	10.000
Aðsóknartölur					
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.807	1.828	1.866	1.850	1.850
Aðsókn að Ylströnd í þús.	470	470	500	470	500
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús.	172	178	174	176	176
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	229	229	112	112	112
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	7.000	9.600	8.638	8.000	8.000
Börn á námskeiðum í siglingaklúbbnum Siglunesi	500	500	500	500	500
Önnur aðsókn að Siglunesi	6.500	6.000	6.500	6.500	5.000
Frístundakortið - ráðstöfun					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	78%	77%	82%	82%	82%
Stelpur/Strákar	79% / 77%	78% / 76%	82%/81%	83%/81%	83%/81%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	94%	92%	94%	95%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	87%	89%	89%	90%	90%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	74%	69%	77%	77%	77%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	53%	48%	53%	60%	60%
Frístundakortið - skráning í starfsemi					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	81%	81%	81%	82%	84%
Stelpur/Strákar	81% / 80%	81% / 80%	83% / 81%	83% / 81%	84%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	92%	93%	95%	95%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	88%	90%	89%	90%	90%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	78%	76%	77%	77%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	60%	55%	53%	60%	60%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	180	183	219	220	220
Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga	52%	52%	65%	62%	62%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	17%	17%	22%	23%	23%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga	1%	1%	0,5%	1%	1%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs	12%	13%	12,5%	14%	14%

* Með fyrirvara um launaáætlun og tölum úr SAP

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Styrkir til félaga (í þús. kr.)					
Rekstrarstyrkir	281.019	301.096	312.653	316.907	336.853
Húsaleigustyrkir	647.115	661.690	662.223	667.862	671.981
Greiðsla vegna mannvirkja	893.262	968.601	979.405	984.852	1.052.119
Aðrir styrkir	95.273	91.346	107.936	110.652	111.594
Byggingastyrkir	86.530	45.000	52.500	72.400	72.400
Styrkir ráðsins	35.000	17.500	35.000	25.000	25.600
Hitt Húsið					
Fjöldi viðburða	900	900	900	900	900
Fjöldi virkra í viðburðum	18.000	18.000	18.000	18.000	18.000
Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús.	90.000	90.000	90.000	90.000	90.000
Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans	300.000	323.298	406.742	436.005	420.000
Fyrirspurnir á vef Tótalráðgjafar og Áttavitans	520	524	437	384	380
Aðsókn að starfsemi og viðburðum vegna fatlaðra einst.	25.000	25.750	25.000	25.000	25.000
Innlit á vefsíðu Hins Hússins			17.831	12.541	12.000
Húsnæði og vellir					
Fermetrar í innri leigu*	60.175	60.175	60.175	60.175	60.175
Fermetrar í leigu hjá öðrum	35.690	35.690	36.878	36.878	36.878
Fjöldi fermetra á grasvöllum	333.000	333.000	280.000	280.000	280.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	64.800	64.800	73.557	73.557	73.557
Rekstrartölur					
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1.801	1.810	1.850	1.880	1.880
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	800	810	820	830	830
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	6.050	6.100	6.150	6.200	6.230
Innri leiga	2.207.227	2.369.348	2.466.971	2.559.883	2.650.084

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2013	Raun 2015	Raun 2017	Áætlun 2018
Mannauður					
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	72%	76%	75%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	81%	84%	84%	85%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	80%	84%	83%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	82%	79%	82%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	71%	79%	78%	85%
Árangursríkir stjórnumarhættir	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	83%	86%	85%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	77%	78%	80%	85%

MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

LEIÐARLIJÓÐ:

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamannaborgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur (aðrar tek.)	447.320	513.437	516.177
Tekjur samtals	447.320	513.437	516.177
Laun og launatengd gjöld	1.210.831	1.329.641	1.433.162
Annar rekstrarkostnaður	3.434.117	3.761.657	3.820.164
Rekstrargjöld samtals	4.644.948	5.091.298	5.253.326
Rekstrarniðurstaða	4.197.628	4.577.861	4.737.149

STARFSFÓLK

	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Fjöldi starfsmanna	221	227	231
Fjöldi stöðugilda	153	160	163,5
Stöðugildi eftir stofnunum:			
Borgarbókasafn Reykjavíkur	76	78,7	79,5
Borgarsögusafn Reykjavíkur	35	36	36,6
Listasafn Reykjavíkur	22	22,8	24,6
Höfuðborgarstofa	12	13,6	10
Skrifstofa MOF	6	5,8	5,8
Bókmenntaborg UNESCO	2	2	2
Sérverkefni	1	1	5
* með fyrirvörum um að ekki er búið að vinna launaáætlun ársins			


SKIPURIT



HLUTVERK

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu, Listasafns Reykjavíkur og Reykjavík—Bókmenntaborgar UNESCO. Þverfaglegt starf um barnamenningu og sérverkefni eins og Tónlistarborgin Reykjavík, safnabúðir og menningarkort eru einnig undir hatti sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

SKIPTING REKSTRAR 2018



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Reykjavík er okkar er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2018 en með því er vísað í þá megináherslu sviðsins að stuðla að öflugum menningar- og listalífi sem borgarbúar geta notið og ferðamenn laðast að. Er sú áhersla í takt við menningarstefnuna þar sem segir meðal annars að mikilvægt sé að Reykjavík skapi sér sérstöðu sem kraftmikil og skapandi borg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa. Í aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar segir enn fremur að fjölbreytt menningarlíf, árvissir viðburðir og aðlaðandi borg séu forsendur þess að Reykjavík eflist sem áfangastaður.

Þetta þýðir að áfram verður lögð áhersla á að sinna þörfum borgarbúa, skapa fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fjölskyldur og miðla sögu og þekkingu og því helsta sem er að gerast í listum og menningu. Í ferðamálum verður sjónum beint að innviðum í því augnamiði að hér þrífist ferðaþjónusta í sátt við borgarbúa.

Yfirskriftin leiðir einnig hugann að börnunum sem flest ef ekki öll geta raulað lag rapparans Emmsjé Gauta og minnir á það frjóa og fjölbreytta barnamenningarstarf sem unnið er í menningarstofnunum borgarinnar, hjá Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, með barnamenningarhátíð og í gegnum ýmsa aðra viðburði og hátíðir.

Í ferðamálum verður stefnt að því að ljúka vinnu við nýja stefnu í ferðamálum en sú sem fyrir er var staðfest árið 2011 og rennur út árið 2020. Miðað verður við að ný stefna nái til styttra tímabils og að henni fylgi raunhæf aðgerðaráætlun. Fyrstu skrefin í þessari vinnu verða tekin nú í haust. Áfram er lögð rík áhersla á að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustunni og efla sölu og kynningu á Gestakorti Reykjavíkur sem aðlaðandi og hagkvæmri leið fyrir ferðamenn til að njóta menningar í höfuðborginni. Áætlað er að fara í útboð á árinu og leita eftir rafrænni lausn fyrir kortið og útvíkka í leiðinni möguleika kortsins bæði sem stjórnþæki, upplýsingatæki og betra val fyrir ferðamanninn.

Á árinu verður einnig lögð áhersla á að ljúka viðburðarstefnu fyrir borgina og aðgerðaráætlun og kemur það í hlut skrifstofu menningarmála og viðburðarteymis sviðsins að fylgja henni eftir. Fyrstu skrefin verða einnig tekin nú í haust. Samhliða þessu verður rýnt í allt viðburðarhald á vegum sviðsins og Reykjavíkurborgar með það í huga að skerpa sýn, efla samstarf á milli eininga og sviða og gera enn betur.

Áfram verður unnið að því að að efla og auka framboð á sértækum menningarvörum innan safnbúða stofnana og stefnt er að því að fara í stefnumótunarvinnu á árinu með það að markmiði að auka gæði og sérstöðu búðanna og hámarka hagnað.

Stór verkefni eru framundan í sýningarhaldi og má þar helst nefna að miðað er við að ný grunnsýning á Sjóminjasafninu verði opnuð á vormánuðum. Sviðið fóstrar nýtt þróunarverkefni sem ber heitið Tónlistarborgin Reykjavík og er miðað við að í upphafi árs 2018 liggi fyrir aðgerðaráætlun sem verði fylgt vel eftir.

Sem fyrr verður haft að leiðarljósi að borgarbúar njóti sem bestu kjara að menningarstofnunum borgarinnar og í því augnamiði var ákveðið að hækka ekki áskrift að árskort Menningarkorts Reykjavíkur sem er frábær kostur fyrir þá sem eru reglulegir gestir menningarstofnana.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnu og ferðamálastefnu. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna.

Launakostnaður nemur 27% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga 20%. Reiknaðar eru 2,7% vísitölubætur á breytilegan kostnað og taka hækkanir á aðgangseyri mið af sömu prósentutölu. Þó er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldskrár stofnana aukist minna á árinu 2018 en árið á undan, eða um 8% í stað 29%. Megin ástæðan er minnkandi vöxtur á komu ferðamanna og aukning í notkun Gestakortsins sem gefi mun minna af sér en einskiptisaðgangur.

Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur sviðsins vaxi um 1% frá endurskoðaðri áætlun ársins 2017. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna lánsskírteina haldi áfram að lækka og að vörusala verði heldur minni á milli ára sem rekja má meðal annars til hás gengis íslensku krónunnar og minnkandi kaupmáttar erlendra ferðamanna. Gert er ráð fyrir að Borgarsögusafn verði með um 49% hlutdeild af tekjum sviðsins en Landnámssýningin er tekjuhæsta sýningin og áætlað að hún afli 40% tekna safnsins.

Á árinu 2018 verður um 51% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja og samstarfssamninga en um 42% af fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Stofnanir sviðsins og miðlæg starfsemi

Menningar- og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og þær aðgerðaráætlanir sem þeim fylgja. Þær mynda forgangsráðun í verkefnum næsta árs og eru forsenda þess hvernig starfsemin er þróuð og unnin til lengri tíma.

Mikill kraftur einkennir starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar og verður árið 2018 engin undantekning. Hjá Borgarbókasafni mun nýr vefur líta dagsins ljós, Listasafn Reykjavíkur hyggst treysta innra starf safnsins og stærsta verkefni Borgarsögusafns verður opnun nýrrar grunnsýningar í Sjóminjasafninu.

Hjá Höfuðborgarstofu verður áhersla lögð á að skerpa sýn starfseminnar í takt við nýjar áskoranir í ferðamálum og vinna að nýrri ferðamálastefnu. Viðburðarteymið verður um áramót flutt á skrifstofu menningarmála en með því er ætlunin að stytta og styrkja boðleiðir milli viðburðarhalds og menningarstarfs sviðsins. Viðburðarteymið heldur meðal annars utan um hátíðir borgarinnar, Vetrarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Barnamenningarhátíð, Tendrun Friðarsúlunnar og Aðventuhátíð. Til stendur að endurskoða viðburðarhald á árinu og rýna hvað betur megi fara.

Hjá Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO verður áfram unnið að helstu verkefnum um lestrarhvatningu en stór áskorun snýst um að endurskoða rekstrarmódel Gröndalshússins.

Tónlistarborgin Reykjavík er þróunarverkefni til þriggja ára og fóstrar sviðið það verkefni. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn sem verður með starfsaðstöðu í tónlistarklasanum við Hlemm.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni fyrir utan rekstur menningarstofnana fara til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu, en óvíst um sérstakt rekstrarframlag. Jafnframt njóta Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum og fleiri sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja. Árið 2017 færðist framlag til Bíó Paradísar, Nýlistasafnsins, Kling&Bang og Hönnunar-miðstöðvar úr almennum styrkjaþotti á sérstaka kostnaðarstaði sem lúta öðrum lögmálum en almennt styrkjaferli, til viðbótar við önnur menningarhús sem þar eru fyrir. Hin nýja myndlistar-miðstöð Marshallhúsið sem var opnuð í mars 2017 hefur farið vel af stað og mun árið 2018 verða fyrsta heila rekstrarárið. Reykjavíkurborg leigir af Granda ehf. allar hæðir Marshallhússins nema jarðhæðina og framleigir á sama verði til Nýlistasafnsins, Kling&Bang og fyrir myndlistarmanninn Ólaf Elíasson í8 Galleríi og Stúdíó Reykjavíkur. Framlag til Nýlól og Kling&Bang hækkar í ljósi aukins umfangs og rekstrarkostnaðar. Hönnunarmiðstöð nýtur áfram rekstrarstyrkja skv. samningi eftir að hún flutti starfsemi sína að Aðalstræti 2 á árinu 2017 er Höfuðborgarstofa og skrifstofa sviðsins fluttu þaðan í Ráðhúsið.



Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Þær tilheyra svokölluðum styrkjaþotti. 4 lykilhátíðir voru valdar Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017–2019 eftir sérstakt auglýsingaferli og samningagerð. Þær njóta hæstu árlegu styrkjanna í styrkjaþottinum, Iceland Airwaves 14 m.kr., Riff og Hönnunarmars 10 m.kr. og Hinsegin dagar 7 m.kr. Styrkjaþotturinn sem auglýstur er árlega er að hluta bundinn vegna þeirra og fleiri samstarfsaðila á langtímasamningum. 20 langtímasamningar eru þegar bundnir 2018 og 7 samningar renna út í árslok 2017. Faghópur skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar er ráðgefandi fyrir úthlutun ráðsins. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur, aðgerðaráætlun byggð á henni, styrkjareglur borgarinnar og verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs um styrki sem það endurskoðar árlega. Að auki eru sérstakir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík. Þá útnefnir ráðið einnig Borgarlistamann Reykjavíkurborgar og veitir Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar.

Börn og menningaruppeldi

Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Þeirri áherslu er fylgt eftir með ýmsum aðgerðum í aðgerðaráætlun. Menningarstofnanir borgarinnar gera árlega fræðsluáætlun og það gera helstu samstarfsaðilar sem njóta hæstu menningarstyrkja líka. Sérstakt framlag er veitt til sértækra aðgerða á sviði barnamenningar og listuppeldis barna. Stefnan um börn og menningaruppeldi endurspeglast á margvíslegan hátt hjá menningar-stofnununum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum s.s. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og samstarfi Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla- og frístundasviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar. Meðal mikilvægra verkefna verkefnastjórans er umsjón Barnamenningarhátíðar, Biophilíu, Menningarfána Reykjavíkurborgar, kynning, fræðsla og hvatning um menningarframboð og menningaruppeldi í skólaumhverfinu. Leitast er við að sinna vel menningunni í hverfunum.



Reykjavík - Bókmenntaborg UNESCO

Bókmenntaborgin Reykjavík er menningarskrifstofa á sviði orðlistar sem lyft hefur bókmenntalífinu í höfuðborginni undanfarin ár svo tekið hefur verið eftir. Lestrarhátíð í Bókmenntaborg er fastur liður í hátíðaflóru borgarinnar og sker hún sig úr öðrum hátíðum þar sem hún teygir sig yfir heilan mánuð en hátíðin hefur verið verðlaunuð sem framúrskarandi verkefni á sviði lestrarhvatningar. Bókmenntaborgin mun halda áfram að þróa þetta flaggskip sitt, sem fór lágt árið 2017 vegna opunar Gröndalshúss, en 2018 verður lögð áhersla á lesandann og hvernig ná má til nýrra lesenda. Á Lestrarhátíð verður einnig unnið með þemað fullveldi í tilefni fullveldisafmælis Íslands.



Sleipnir, lestrarfélagi barnanna, heldur áfram flugi sínu á árinu. Leikskólabörnum verður áfram boðið að hitta þennan skemmtilega félag í lestrarstundum á Borgarbókasafni, leikskólar fá bókina um hann til eignar og fylgiefni sem Bókmenntaborgin hefur framleitt fyrir kennara. Markmiðið er að öll leikskólabörn í Reykjavík eigi þess kost að kynnast Sleipni áður en þau hefja grunnskólagöngu. Haldið verður áfram að þróa verkefnið og vinna við efni fyrir grunnskóla er þegar hafin. Ævar Þór Benediktsson hefur skrifað nýtt ævintýri um Sleipni sem mun líta dagsins ljós á árinu og er það ætlað nemendum á yngsta stigi grunnskóla. Bókmenntaborgin hóf nýtt skeið á síðasta ári þegar Gröndalshús opnaði með mikilli viðhöfn á 17. júní, þar var áður heimili Benedikts Gröndals skálds og fjölfræðings. Húsið stendur nú í hjarta Grjótaþorpsins og er fyrsta rithöfundahúsið í höfuðborginni þar sem starfrækt er safn og viðburðahús fyrir almenning. Gröndalshús er rekið í samstarfi við Icelandair Hótel Reykjavík Marina samkvæmt þriggja ára samningi milli Icelandair Group og Bókmenntaborgarinnar og er þetta síðasta ár samstarfsins. Árið 2018 verður skáldaísbúð í fullum rekstri og munu um tíu erlendir rithöfundar og fræðimenn geta nýtt sér að dvelja í húsinu við störf sín. Bókamessa í Bókmenntaborg, sem Bókmenntaborgin stendur fyrir í samvinnu við Félag íslenskra bókaútgefenda, verður í Hörpu í þriðja sinn í nóvember 2018 og það sama ár rennur út 3ja ára samningur við Hörpu. Mikil ánægja hefur verið með messuna í Hörpu og því standa vonir til að samningar takist áfram við Hörpu um Bókamessu í Hörpu komandi ár. Grasrótastarf verður stutt eins og áður með áherslu á unga orðlistamenn, nýbreytni og fjölmenningu í víðum skilningi.

Bókmenntaborgin tekur þátt í alþjóðlegu starfi Skapandi borga UNESCO sem sífellt færir í aukana með vaxandi neti skapandi borga. Einnig tekur Bókmenntaborgin þátt í fleiri alþjóðlegum verkefnum sem tengjast bókmenntum og orðlist. Við val á samstarfsverkefnum er sérstaklega horft til þeirra markmiða sem sett eru fram í leiðarljósi UNESCO Creative Cities Network og 17 sjálfbær þróunarmarkmið UNESCO og stefnu Bókmenntaborgarinnar sem unnin er með hliðsjón af menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Borgarbókasafnið | Menningarhús

Í almenningsbókasöfnum víða um heim er sjónum beint í auknum mæli að notendum og þörfum þeirra og tekur Borgarbókasafnið þátt í þeirri þróun. Árið 2018 verða markhópar Borgarbókasafnsins skilgreindir og settir á stofn rýnihópar notenda í þeim tilgangi að fá upplýsingar um það sem þeir vilja helst sjá í bókasafninu.

Fræðsludagskrá safnsins verður í brennidepli og nýjar lendur kannaðar. Viðburða- og sýningarhald í menningarhúsum Borgarbókasafnsins er í sífelldri þróun. Á næstu misserum verður sýningarhald tekið til gagngerrar endurskoðunar, einkum í Gerðubergi, þar sem áhersla verður lögð á barna- og fjölskyldustarf og fjölmenningu, með samveru, upplifun, lærdóm og menningarlæsi. Tilraunaverkstæðið vex og dafnar með virkri þátttöku ungmenna. Tilraunamennskan heldur áfram og nú er komið að því að fullorðnir fái aðgang að tækjabúnaði og forritum sem ýta undir sköpunargleðina. Fræðslutengdir viðburðir og



kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Mikill áhugi er á nýja Rafbókasafninu sem og ýmis konar rafrænni þjónustu og býðst gestum að fá aðstoð með fyrstu skrefin, s.s. að hlaða niður forritum í eigin tæki og æfa sig í notkun þeirra.

Vefþróun er sífellt mikilvægari hluti af starfseminni og með nýjum vef sem lítur dagsins ljós í ársbyrjun verður sjöunda bókasafninu í raun bætt við. Þjónustan verður aukin til muna og geta gestir skoðað, pantað og tekið frá efni á heimasíðu Borgarbókasafnsins. Á nýja vefnum, og með aðgengi að samfélagsmiðlum safnsins, geta gestir skipst á skoðunum um bækur, skrifað umsagnir eða kynnt sér meðmæli frá starfsmönnum safnanna, bæði á vef og í hlaðvarpinu. Auk þess verður boðið upp á bókmenntabréf þar sem áskrifendur fá fréttir af nýjum bókakosti og bókmenntatengdum viðburðum á söfnunum. Þar verður einnig vísað á nýjar greinar og umfjöllun fagfólks og gesta sem birtar verða á bókmenntavefnum eða vef Borgarbókasafnsins. Hlaðvarpið verður áfram fastur liður þar sem starfsmenn bókasafnsins fjalla um bókmenntir frá ýmsum sjónarhornum. Hlaðvarpshljóðverið verður líka opnað fyrir áhugasömum gestum sem vilja nýta aðstöðuna. Drög að stefnu fyrir stafræna þróun Borgarbókasafnsins eru í vinnslu og mun stefnan verða tilbúin vor 2018.

Fjölmeningartengd verkefni Borgarbókasafnsins eru í stöðugri þróun og byggja á mikilvægu samstarfi við einstaklinga, félög og stofnanir innanlands sem utan. Veröld – Hús Vigdísar verður einn af mikilvægustu samstarfsaðilum safnsins, enda ríma markmið Veraldar vel við þau sem Borgarbókasafnið setur sér þar sem tungumál og heimsmenning skipa stórt hlutverk.

Bókabíllinn Höfðingi hefur þjónað borgarbúum frá árinu 2000 og huga þarf að nýjum bíl á komandi árum. Rekstur og þjónusta bókabílsins verður skoðuð og rýnt í hvort þar felist ný tækifæri. Einnig verður þjónusta og rekstur Sögubílsins Æringja skoðuð samhliða.

Fylgt verður eftir aðgerðum úr aðgerðáætlun þjónustustefnu safnsins sem unnin var 2017. Breytt hlutverk, áherslur og viðmót safnsins kalla á endurskoðun húsnaðis og breytingar, aukna þjónustu, eins og t.d. þá sem felst í „opnum bókasöfnum“ og markvissa þjálfun og endurmenntun starfsmanna í framlínu. Stækkun Grófarinnar og tenging hennar við nýbyggingu, auk hönnun nýs safns í Úlfarsárdal eru einnig atriði sem verða í brennidepli á árinu.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Markmið safnsins er að skapa fjölbreytta og spennandi dagskrá fyrir börn og fjölskyldur, jafnt innlendar sem erlendar, á öllum starfsstöðvum safnsins og eiga í lifandi samtali við samtímann í borginni. Ein megináherslan í starfi safnsins er á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu og rannsóknum, en jafnframt stendur safnið fyrir fjölbreyttri miðlun sem felur m.a. í sér safnfræðslu og sýningar.

Stærsta verkefni Borgarsögusafns og nær til allrar starfsemi þess er ný grunnsýning á Sjóminjasafninu, en hún verður opnuð vorið 2018. Sjávarútvegur hefur verið aðalatvinnuvegur Íslendinga um árabíl og hefur skapað landsmönnum þau efnahagslegu gæði sem þeir njóta nú. Það er eðlilegt og mikilvægt að Íslendingar og gestir okkar fái tækifæri til



að skoða á einum stað hvernig atvinnuvegurinn hefur þróast og haft áhrif á aðstæður fólks í landinu. Íslendingar búa á eyju og samskipti þeirra við hafið hafa haft mótandi áhrif, ekki bara á efnahagslíf heldur einnig á menningu, tilfinningalíf og lífsviðhorf. Ný sjóminjasýning er hugsuð fyrir margs konar hópa fólks, einn hinn mikilvægasti er fjölskyldur sem saman geta notið skemmtunar og menntunar á einum og sama stað. Hugað er sérstaklega að þessum hópi í hönnun sýningarinnar, sem og vaxandi hópum ferðamanna.

Hornsteinninn í starfi safna er fræðsluhlutverk þeirra. Á nýrri sjóminjasýningu verður mikil áhersla lögð á fræðslu með þátttöku nemenda. Á fyrri hluta árs verður unnið að dagskrá fyrir hópa allt frá leikskóla til háskóla í tengslum við nýju sýninguna. Þá er unnið að öflugri kynningar- og viðburðadagskrá sem vekja mun athygli og áhuga jafnt innlendra sem erlendra gesta á þessu stærsta safni landsins sem tileinkað er sögu helsta lifibrauði þjóðarinnar, sjávarútveginum.

Vinna við þessa sýningu er afar mannfrek og koma flestir starfsmenn safnsins með einum eða öðrum hætti að vinnu hennar. Munir hafa verið hreinsaðir og forvarðir og undirbúnir fyrir komandi sýningu. Við niðurtækt gömlu sjóminjasýningarinnar verður gengið frá gripum, þeir flokkaðir og hreinsaðir áður en þeir fara í varðveislurými sjóminja í Skemmu II á Árbæjarsafni.

Starfsmenn munu meðal annars sjá um uppsetningu gripa á sýningunni auk smíða á ýmsum hlutum er viðkoma umgjörð sýningarinnar. Ljósmyndir úr safneign Ljósmyndasafnsins verða ríkur þáttur í umgjörð sýningarinnar en töluverð rannsókn hefur verið gerð á þeim.

Föst verkefni eins og vinna vegna hverfisSKIPULAGS eru á sínum stað, en þar má nefna skráningu og rannsóknir á fornleifum og byggð í borgarhluta 1 – Vesturbæ, byggðakönnun fyrir borgarhluta 8 – Grafarvog og byggðakönnun fyrir borgarhluta 10 – Kjalarnes. Húsakannanir og fornleifaskráning verða unnar á árinu vegna vinnu við gerð deiliskipulags í byggðum hverfum eins og til dæmis Vellir Kjalarnesi, Köllunarklettur Þ47 og Gufunes, þá bæði fornleifaskrá og húsakönnun. Að venju eru líka gerðar umsagnir um hús og skipulagsmál að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs.

Lögð verður áhersla á aukið öryggi safngripa með áframhaldandi vinnu við hilluskrá og vinnu við undirbúning að innleiðingu strikamerkjakerfis í samvinnu við rekstrarfélag Sarps, sem er menningarsögulegur gagnagrunnur á landsvísi.

Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður upp á vandaða safnfræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Einnig er tekið á móti hópum í frístundastarfi og ýmskonar sérhópum á öllum aldri – frá 5 til 95 ára.

Þrjár stórar sýningar verða í Ljósmyndasafninu. Árið hefst með sýningunni *This Island Earth* en á henni er að finna ný verk eftir fimm samtímaljósmyndara sem búsettir eru á Íslandi. Sumarsýning safnsins er sýning á verkum þýska landslagsljósmyndarans Olaf Otto Becker. Haustsýning ársins er enn í vinnslu. Samhliða þessum sýningum verða sýningar í Kubbi og í Skotinu. Á Árbæjarsafni verður unnið að sýningu í elsta safnhúsinu, Hansenhúsi. Í Sjóminjasafninu verður opnuð sýning í nýuppgerðum Vélasal (áður Bryggjusalur) í samstarfi við Kevin Martin neðansjárvarfornleifafræðing um rannsókn hans á skipsflakinu Milkmaid sem fórst við Flatey árið 1659.

Viðburðir um helgar verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni, Viðey og á Sjóminjasafninu. Borgarsögusafn Reykjavíkur mun taka þátt í fjölda sameiginlegra verkefna á sviðinu, svo sem gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Þá mun safnið koma að viðburðahaldi í tengslum við 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Borgarsögusafn tekur einnig þátt í vinnu vegna nýbyggingar við Tryggvagötu 15.

Höfuðborgarstofa

Á árinu verður áhersla lögð á vinnu við mótun nýrrar ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg en samhliða vinnur Höfuðborgarstofa eftir grunnstoðunum í núgildandi ferðamálastefnu borgarinnar og nýlegri aðgerðaáætlun sem styður við stefnuna. Stefnt er að því að ný ferðamálastefna líti dagsins ljós á árinu og að samhliða verði unnin aðgerðaráætlun með það að markmiði að skerpa sýn og forgangs röðun í starfsemi Höfuðborgarstofu.

Í samstarfi við Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála verður áfram unnið að gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Verkefnið hefur verið fjármagnað af Ferðamálastofu og verður leitast við að svo verði áfram. Um er að ræða heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu þátta sem geta haft áhrif á upplifun og ánægju ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu, svo sem þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Áfangastaðaáætlunin hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu innviða og þróun höfuðborgarsvæðisins til næstu fimm ára með víðtæku samráði og skilgreindum markmiðum. Í samstarfi við sömu aðila, Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála, verður einnig áfram unnið að endurskoðun upplýsingamiðlunar til ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu og um landið allt.

Höfuðborgarstofa mun á árinu leggja aukna áherslu á gagnaöflun, greiningu og framsetningu á upplýsingum og lykiltölum um stöðu og þróun ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Markviss áhersla verður lögð á miðlun þessara upplýsinga til almennings, ferðaþjónustuaðila, stjórnsýslunnar, rekstraraðila, fjölmiðla og annarra hagsmunaaðila. Þá verða greiningarnar nýttar til stefnumarkandi ákvarðanatöku um uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á áfangastaðnum Reykjavík.

Reykjavík loves - vörumerkið verður eftir enn frekar með áherslu á markaðssamstarf Höfuðborgarstofu og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar undir fellur áframhaldandi þróun á þemabæklingum þar sem afþreying og menning á höfuðborgarsvæðinu er gerð aðgengileg ferðamönnum og framleiðslu kynningarmyndbanda til dreifingar í



margmiðlunarformi. Auk þess er á ábyrgð Höfuðborgarstofu að halda utan um Gestakort Reykjavíkur og verður á árinu áfram unnið að rafvæðingu kortsins með það að leiðarljósi meðal annars að styrkja ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar, ýta undir betri dreifingu ferðamanna og auka tekjur stofnana sem eru aðilar að kortinu. Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík (UMFR) er undir hatti Höfuðborgarstofu og verður áfram lögð áhersla á að halda vel utan um starfsemina, treysta enn frekar stoðir vefsíðu visitreykjavik.is og vinna áfram með Íslandsstofu að móttöku erlendra blaðamanna.

Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur hefur það hlutverk að gera borgarbúum og gestum þeirra kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist. Lögð er áhersla á að safnið sé skapandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að að kynnast fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð og að öflug miðlun og góð þjónusta við gesti sé áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna.

Á starfsárinu 2018 verður lög áhersla á að treysta innra starf safnsins þannig að mæta megi kröfum um varðveislu listaverka og bæta alla umsýslu með safnkosti og listaverkum sem sýnd eru í safninu. Unnið verður að því að bæta úr húsnæðisskorti safnsins þannig að búa megi betur að safnkostinum og til að varðveisla hans sé tryggð. Safnið hefur umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar og verður unnið að lagfæringu verka jafnframt því sem átak verður gert í eftirliti og umhirðu verkanna í kjölfar aukafjárveitingar sem borgarráð veitti til verkefnisins. Ein af áskorunum ársins 2018 er að stórbæta allar merkingar safnhúsanna og vinna að bættum sýnileika húsanna einkum Kjarvalsstaða og Ásmundarsafns.

Listasafn Reykjavíkur er öflugur vettvangur lista sem ekki bregst því hlutverki að ögra og fræða. Miðlun í gegnum lifandi viðburði og fjölbreytta nálgun við ólíka markhópa er eitt af meginmarkmiðum safnsins. Leitast er við að tvinna saman sýningar, fræðslu, fyrirlestra og aðra viðburði með það að markmiði að vera upplýsandi vettvangur skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu auk þess sem veitt er innsýn í vinnu listamanna. Á árinu 2018 verður síauknum fjölda einstakra viðburða fylgt eftir með tíðum leiðsögnum og fjölbreyttri miðlun fyrir ólíka markhópa. Meginviðfangsefni ársins verður að finna leið til að miðla upplýsingum um útilistaverkin sem setja svip á borgina. Hafsþó af upplýsingum um þau er að finna í heimildasafni Listasafns Reykjavíkur og er hluta af þeim upplýsingum miðlað á safneignar vefsíðu safnsins. Leitað verður leiða til að nýta tæknilega möguleika samtímans til að koma þessum upplýsingum á framfæri. Mikilvægt er að nýta þann mikla meðbyr sem sýningar ársins 2017 hafa fengið og halda lifandi sambandi við vaxandi hóp gesta.

Sýningar ársins 2018 verða fjölbreyttar og bæði hugað að innlendri og erlendri myndlist en megin áhersla verður þó á yfirgripsmikla sýningu á verkum íslenskra listamanna þar sem sýn þeirra á víðerni landsins verður í brennidepli. Sýningin er tvískipt; á Kjarvalsstöðum verður sögulegur hluti sýningarinnar og miðað við að sýna verk allt frá árinu 1918 en í Hafnarhúsi verða verk samtímalistamanna, m.a. verk sérstaklega unnin fyrir sýninguna. Undirbúningur og miðlun sýningarinnar felur í sér þverfaglegt samtal og samstarf við aðrar list- og fræðigreinar. Sýningunni verður fylgt úr hlaði með útgáfu sýningarskrár þar sem þróun viðhorfa til víðerna landsins verður reifuð út frá ólíkum sjónarhornum. Sýningin verður hluti af Listahátíð í Reykjavík og innlegg safnsins og þá um leið Reykjavíkurborgar til þess að minnast fullveldis Íslands árið 1918.

Lögð er áhersla á að fagmennska og vönduð vinnubrögð einkenni allt starf Listasafns Reykjavíkur og verður á árinu 2018 lokið við endurskoðun söfnunarstefnu og unnar rannsóknar- og þjónustustefnur fyrir safnið. Unnið verður í samræmi við áherslur menningar- og ferðamálasviðs að mannauðsmálum en sérstök áhersla verður á að leita leiða til að starfsmenn fái tækifæri til að auka fagþekkingu sína og miðla fagþekkingu sem upp hefur byggst innan safnsins á liðnum árum á stærri vettvangi, innlands og alþjóðlega. Jafnframt verður unnið að því að styrkja starfshópin með fjölbreyttari fagþekkingu í takt við stefnuáherslu og framtíðarsýn.



KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Á Menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Starfshópurinn hóf störf vorið 2013 með það að markmiði að samþætta í raun mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Starfshópurinn tók þá ákvörðun að á árunum 2017 og 2018 yrði áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna- og vinna með þær kyngreindu upplýsingar sem starfshópnum berast.

Þannig var könnun lögð fyrir þátttakendur opunarviðburðar Barnamenningarhátíðar annað árið í röð þar sem reynt var að fanga upplifun þátttakenda af viðburðinum. Árið 2016 mældist meiri ánægja stúlkna með viðburðinn sem einnig voru líklegri til að hafa heimsótt menningarviðburði í Hörpu áður. Fróðlegt verður að kanna hvort munur mælist á milli árganganna ári síðar og hvort aukin áhersla á þátttöku barnanna við undirbúning viðburðarins skili sér í aukinni ánægju.

Árið 2014 var lögð könnun fyrir þátttakendur upp að 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana MOF með það að markmiði að greina aðsókn eftir kynjum og mæla ánægju þeirra með þá þjónustu sem þeir sóttu á stofnanirnar. Megin niðurstöður könnunarinnar voru þær að viðburðir og kynningar á vegum MOF höfðuðu betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju. Við þessum niðurstöðum var brugðist með markvissum aðgerðum sem m.a. fólu í sér stofnun starfshóps þvert á stofnanir, gripið var til aðgerða til þess að samræma skráningar, fjármagni úr barnamenningarpotti var úthlutað með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann, áhersla var lögð á að gæta kynjajafnræðis við skipan starfshópa fræðslufulltrúa og settur á stofn rýnihópur kennara og ungmenna. Könnunin verður endurtekin veturinn 2017-2018 og spennandi verður að bera niðurstöður könnunarinnar saman við fyrri könnun.

Síðasta áhersluatriði vetrarins er framhald á verkefni frá því á árinu 2016 þar sem leitast var við að afla kyngreindra gagna frá helstu samstarfsaðilum sviðsins. Verkefnið felst í að uppfæra verklagsreglur um styrki á vegum menningar- og ferðamálaráðs í takt við samþykkt borgarráðs 26. maí 2016. Þannig verði óskað eftir að greinargerðir innihaldi kyngreindar upplýsingar í tengslum við ráðstöfun styrkja og að vikið verði að þessu ákvæði í umsóknareyðublöðum og í svarpósti til þeirra sem hljóta vilyrði fyrir styrk.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Rauntölur 2014	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Úkomuspá 2017	Markmið 2018
Bókmenntaborg UNESCO					
Alþjóðleg samstarfsverkefni	5	6	13	8	5
Þátttaka leikskóla í Lestrarhátíð *	34%	14%		60%	70%
Þátttaka grunnskóla í Lestrarhátíð *	70%	100%		100%	90%
Vitund almennings um Lestrarhátíð	64%	33%	24%	20%	35%
* Könnun ekki framkvæmd 2016					
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	598.900	684.661	635.765	640.300	644.500
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.204	11.150	13.941	12.800	12.800
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	62	120	143	115	115
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	186.839	206.740	221.813	220.000	230.000
Fjöldi uppflettinga á vefi BBS	482.586	510.083	570.650	576.000	580.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna		5	2	1	3
Samstarfsaðilar		65	66	61	60
Safnkostur	466.682	465.303	434.847	421.000	412.000
Safnkostur á íbúa	3,85	3,82	3,53	3,37	3,3
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,83	1,79	1,7	1,63	1,7
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	7.222	9.122	9.122	9.122	9.122
Útlán	853.128	832.782	737.419	684.600	701.500
Bókin heim (fjöldi notenda)	49	39	45	37	45
Útlán á íbúa	7,03	6,84	5,98	5,49	5,62
Menningarmiðstöðin Gerðubergi					
Gestafjöldi	102.652				
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.829				
Fjöldi viðburða	81				
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	0				
Samstarfsaðilar	34				
* 2015 sameinuðust Menningarmiðstöðin Gerðubergi og Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Listasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	200.573	231.347	240.913	245.000	247.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.320	13.470	13.620	13.300	13.500
Fjöldi viðburða	130	139	126	200	200
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	3	5	4	5
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	114.944	125.923	138.848	150.000	157.000
Útlán listaverka	570	543	506	16	12
Fjöldi útgáfuverka	12	14	12	502	550
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.920	16.939	17.046	17.102	17.152
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins *	183	181	183	182	182
* 2015 tvö verk tekin niður til viðgerðar					
Borgarsögusafn Reykjavíkur *					
Gestafjöldi - heildartala		216.676	245.908	218.000	233.300
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum		21.635	18.548	18.800	18.700
Fjöldi viðburða		93	86	67	67
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna		17	15	10	8
Fjöldi innlita á heimasíðu		179.472	137.913	150.000	160.000

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.


	Rauntölur 2014	Rauntölur 2015	Rauntölur 2016	Úkomuspá 2017	Markmið 2018
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins		51	50	50	50
Fjöldi útgáfuverka		3	5	10	6
Fjöldi afgreiddra mynda		1.168	1.755	2.100	2.100
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík		3.022	3.192	3.290	3.380
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp		27.353	28.720	29.900	31.000
Fjöldi skráðra ljósmynda		1.350.000	1.450.000	1.520.000	1.600.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá		6.821	7.300	7.400	7.430
* Borgarsögusafn tók til starfs 1.6.2014 og stendur saman af Minjasafni, Ljósmyndasafninu, Viðey og Sjóminjasafni					
Ljósmyndasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	49.398				
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	1.228				
Fjöldi viðburða	24				
Fjöldi afgreiddra mynda	2.583				
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	12				
Fjöldi innlita á heimasíðu	35.382				
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.200.000				
Minjasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	86.044				
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.261				
Fjöldi viðburða	46				
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1				
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43				
Fjöldi útgáfuverka	6				
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.944				
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	25.920				
Viðey					
Gestafjöldi með Viðeyjarferju	23.203				
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.592				
Fjöldi viðburða	23				
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2				
Sjóminjasafnið - frá 1.6.2014					
Gestafjöldi	34.542				
Höfuðborgarstofa					
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	337.676	370.930	474.634	480.000	500.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	11.631	12.506	18.147	20.000	24.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi *	997.556	1.299.796	1.767.726	2.200.000	2.500.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	681.437	873.655	1.403.842	1.500.000	1.700.000
Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	34	35	39	28	28
Fjöldi hópa sem fá kynningu á HBST	28	12	32	26	26
Fjöldi samráðs- og ráðgjafafunda/aðgerða með ferðaþjónustutengdum aðilum sem hvetja til þróunar, stefnumótunar og ákvaðanatöku.					300

SKORKORT 2018

Vídd / velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Markmið 2018
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	242	206	201
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum	43.289	44.600	45.000
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmenningartengdra verkefna og viðburða	60	53	55
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	75	68	59
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	91%	91%	93%
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.597.220	1.583.700	1.624.800
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	88%	89%	89%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	39	28	28
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	7	23	9
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-2,0%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1.162	1.231	1.212
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	41	32	16
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-24%	-26%	-25%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	52	30	27
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	16	13	13
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.936.717	2.026.200	2.101.000
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum	157.018	186.967	194.900
Hlúð að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	13	16	14
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu			4

Vídd / velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Markmið 2018
Mannauður *				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi		85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað		90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað		80%	82%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		80%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum		100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns		88%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað		80%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.		85%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		90%	90%

* Mannauður - ekki starfsmannakönnun 2016

95-100% markmiðum náð	
75 - <95% þarf að nást	
Minna en 75% markmiða náð	
Ekki mælt á tímabilinu	

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

LEIÐARLIJÓS:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun 2016	Útkomuspá/ Áætlun 2017	Áætlun 2018
Rekstrartekjur	4.112.309	4.003.357	4.050.880
Tekjur samtals	4.112.309	4.003.357	4.050.880
Laun og launatengd gjöld	28.474.047	32.433.257	33.639.034
Annar rekstrarkostnaður	17.812.567	17.491.210	18.251.420
Rekstrargjöld samtals	46.286.615	49.924.467	51.890.454
Rekstrarniðurstaða	42.174.306	45.921.110	47.839.574

STARFSFÓLK


	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Fjöldi starfsmanna	5.013	5.080	5.178
Fjöldi stöðugilda	3.930	3.983	4.059
Eftir skrifstofum (þjónustubáttum)			
Leikskólar	1.503	1.543	1.610
Grunnskólar	1.888	1.907	1.911
Frístundamiðstöðvar	435,3	434,8	433
Námsflokkar Reykjavíkur	5	5,5	5
Skólahljómsveitir	27,5	27,5	32
Skólasafnamiðstöð	3	0	0
Mixtúra - margmiðlunarver	1	1	1
Miðja máls og læsis	4	5,3	6,3
Skrifstofa SFS*	63	58,5	60,5

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 hefur þurft að vinna með öðrum hætti en áður þar sem launaáætlunarkerfi sem hefur verið í innleiðingu er ekki komið í notkun. Launaáætlun í fjárhagsáætlun er gerð með þeim hætti að launarammi er framreiknaður með þeim launabreytingum sem eru þekktar samkvæmt kjarasamningum á hverjum sviðshluta. Ekki hefur verið hægt að gera launaáætlun þar sem tekið hefur verið tillit til starfsmannabreytinga frá 2017 til 2018. Þetta veldur því að töluverð óvissa er með útreikninga á launaáætlun og hversu vel launaáætlun og launarammi falla saman.


SKIPURIT

HLUTVERK

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
- Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.




SKIPTING REKSTRAR 2018



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva borgarinnar og Námsflokka Reykjavíkur, Mixtúrumargmiðlunarvers og skólahljóm-sveita. Sviðið hefur umsjón með úthlutunum og eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla og annarri sambærilegri starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskólabörn og í tengslum við frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til um 22.000 barna og fjölskyldna þeirra. Á rúmlega 160 starfsstöðum sviðsins starfa um 5000 manns.



Megináherslur í stefnu skóla- og frístundasviðs má sjá í stefnukorti sviðsins hér til hliðar. Viðfangsefni og áherslur undanfarinna ára hafa byggt á þessum megináherslum og á samstarfssáttmála meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Unnið verður að sömu áherslum 2018.

Fjórir umbótaþættir á starfsárinu 2017-2018

Skóla- og frístundasvið vinnur að fjórum meginumbótaþáttum í samræmi við stefnumótun skóla- og frístundaráðs:

- **Málþroski, læsi og lesskilningur**
Með þá framtíðarsýn að leiðarljósi að öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns. Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi. Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla. Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, þ.m.t. upplýsingalæsi, umhverfislæsi og fjármálalæsi
- **Verk-, tækni- og listnám**
Með þá framtíðarsýn að leiðarljósi að skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð. Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni. Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi. Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- **Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi**
Með þá framtíðarsýn að leiðarljósi að börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmynd og meðvitund um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir. Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna. Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf. Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.
- **Fjölmennning**
Með þá framtíðarsýn að leiðarljósi að fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna. Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál fái stuðning og hvatningu til að efla móðurmál sitt með áherslu á virkt tvítyngi. Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

Mönnun starfa og staða fagstétta í skóla- og frístundastarfi

Á starfsárinu 2017-2018 er auk ofangreinds lögð sérstök áhersla á gæði og fagmennsku en mönnun starfa hefur reynst erfið síðustu ár, sérstaklega í leikskólum og á frístundaheimilum. Haustið 2017 var ýtt úr vör auglýsingaherferð í þeim tilgangi að laða að fólk í þessi störf og verður þeirri vinnu haldið áfram með markvissum hætti. Einnig blasir við í nánustu framtíð að erfitt geti reynst að manna fagstéttir því nýliðun leikskólakennara og grunnskólakennara hefur ekki haldið í við þörfina fyrir fólk með þessa menntun. Einnig er stigvaxandi þörf fyrir félags- og tómstundafræðinga. Á árinu 2017 voru settir á laggirnar starfshópar um nýliðun og bætt starfsumhverfi þessara fagstétta og munu þeir skila inn tillögum um starfsárið 2017-2018, sem fylgt verður eftir á komandi misserum í samstarfi við hlutaðeigandi aðila t.d. Kennarasamband Íslands, háskóla og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Menntastefna í mótun

Í byrjun árs 2017 hófst viðamikil vinna við mótun nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar í víðtæku samráði við vettvang, börn, ungmenni, starfsfólk, foreldra, almenning, háskólasamfélagið, yfirstjórn og fulltrúa allra stjórnmalaflokka sem sæti eiga í borgarstjórn. Áætlað er að afrakstur þeirrar vinnu verði tilbúinn á árinu 2018 og að unnið verði út frá áherslum nýrrar menntastefnu frá og með árinu 2019. Á árinu 2018 verður einnig unnið að innleiðingu nýrrar stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík sem samþykkt verður haustið 2017.

Mikilvægustu viðfangefnin og áherslur 2017-2021, samþykkt í skóla- og frístundaráði 29. júní 2016

- 1. Nemendamiðað skóla- og frístundastarf** - Auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsriðun í skóla- og frístundastarfi. Leggja áherslu á einstaklingsmiðun, frumkvæði og sköpunargleði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Nýta niðurstöður rannsókna á nemendamiðuðu skóla- og frístundastarfi. Auka framboð símenntunar fyrir starfsfólk um nemendamiðað skóla- og frístundastarf.
- 2. Efling lestrarfærni og lesskilnings í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi** - Greina og styðja börn með málþroskaröskun eða lestrarörðugleika með áherslu á snemmtæka íhlutun og auka faglegan stuðning við starfsfólk. Efla samstarf við foreldra um læsi barna og ungmenna með það fyrir augum að þeir geti hvatt til og tekið þátt í lestrarþjálfun barna sinna. Vinna á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólum á grunni læsisstefnu leikskóla. Vekja áhuga barna og ungmenna á lestri með fjölbreyttum hætti, ekki síst í frístundastarfi.
- 3. Fjölmennning** - Auka íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Innleiða móðurmálskennslu fyrir börn af erlendum uppruna með áherslu á virkt tvítyngi. Tryggja jafnt aðgengi allra barna að fjölbreyttu frístundastarfi, ekki síst barna af erlendum uppruna. Leita nýrra leiða til að efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna. Leggja áherslu á gagnkvæma aðlögun og samskipti barna óháð uppruna.
- 4. Verk-, tækni- og listnám í öndvegi** - Stuðla að vitundarvakningu meðal barna, ungmenna og foreldra um gildi verk-, tækni- og listgreina. Auka aðgang barna í leikskólum og grunnskólum að verk-, tækni- og listnámi með fjölbreyttum hætti, m.a. í samstarfi við fagfélög og vinnumarkað. Fjölga nýsköpunarverkefnum í skóla- og frístundastarfi og nýta aðstöðu fyrir verk-, tækni- og listfræðslu þvert á skóla- og frístundastarf, t.d. sérgreinastofur, bókasöfn og útikennslusvæði. Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í öllum hverfum við menningarstofnanir borgarinnar. Stuðla að jafnræði varðandi aðgang barna í borginni að tónlistarnámi og skólahljómsveitum.
- 5. Gæði og fagmennska – eftirsóknarvert starfsumhverfi** - Starfsstaðir og skrifstofa sviðsins vinna af metnaði að innleiðingu aðalnámskráa leik- og grunnskóla og stefnu um frístunda- og félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og ungmenni. Hlúa að starfsfólki, stjórnendum og innviðum starfsstaða með það fyrir augum að skapa gott og eftirsóknarvert starfsumhverfi. Efla svigrúm til faglegrar stjórnunar í skóla- og frístundastarfi og stuðla að fjölbreyttri starfsþróun allra starfsmanna til að efla gæði og fagmennsku í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Treysta í sessi og fylgja eftir gæðamati á skóla- og frístundastarfi. Eftirfylgni verði tryggð með umbótaáætlunum með áherslu á að virkja allt starfsfólk. Stjórnendur og skrifstofa sviðsins nýti niðurstöður á mati til umbóta. Hvetja til aukinnar teymiskennslu og styðja við bakið á starfsstöðum sem vilja auka hana. Auka samstarf við önnur sveitarfélög og fræðasamfélagið.
- 6. Heilsa, líðan og velferð** - Leggja áherslu á heilsueflingu barna og ungmenna, með áherslu á hollt og næringarríkt mataræði, fjölbreytta hreyfingu og vellíðan. Vinna markvisst að því að efla sjálfstraust barna og ungmenna í daglegu starfi. Auka snemmtæka íhlutun í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi til að efla börn og ungmenni og styðja þau í að yfirvinna erfiðleika. Bæta þjónustu við börn í fjölbreyttum vanda. Auka kynfræðslu í grunnskólum með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin-fræðum. Efla kynjafræðipekkingu starfsfólks starfsstaða sviðsins. Stuðla að heilsueflingu starfsfólks, framfylgja viðverustefnu og draga úr fjarvistum í samráði við starfsstaði. Vinna í hverfum að aðgerðaráætlunum um forvarnir.
- 7. Virkt foreldrasamstarf - bætt þjónusta við barnafjölskyldur** - Gerður verði samstarfssáttmáli milli skóla og foreldra um gagnkvæm réttindi og skyldur. Auka ráðgjöf og leiðsögn til foreldra um leiðir til að auka virkni foreldra í skóla- og frístundastarfi. Efla kynningarstarf í öllum hverfum um frístundatilboð fyrir börn og unglinga, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar. Unnið verði að auknum gæðum foreldrasamstarfs með eflingu skólaráða og foreldraráða.
- 8. Jafnrétti, mannréttindi og lýðræði** - Auka jafnrétti á öllum sviðum og vinna að eflingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar verði framfylgt á öllum starfsstöðvum sviðsins. Vinna að lýðræðislegu uppeldi og fræðslu með því að auka áhrif barna og ungmenna á inntak, skipulag og forgangsriðun í skóla- og frístundastarfi með áherslu á frumkvæði og nemendamiðað skólastarf. Vinna markvisst að innleiðingu skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar og aðgerðum sem stuðla að því að vinna samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Innleiða Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í alla starfsemi sviðsins.
- 9. Aukin samþætting skóla- og frístundastarfs og samfella skólastiga** - Auka samþættingu í starfseminni með áherslu á jafningjafræðslu og miðlun bestu hugmynda. Stuðla að aukinni samþættingu í námi og starfi þar sem unnið er þvert á

faggreinar. Leita leiða til að gefa grunnskólanemendum kost á að taka framhaldsskólaáfangi meðan á grunnskólanámi stendur. Vinna að samfelldum degi barna 6-16 ára.

- 10. Umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni** - Auka umhverfisvitund barna og ungmenna t.d. með því að nýta daga og viðburði á árinu til að vekja athygli á umhverfisstarfi og menntun til sjálfbærni í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi fái tækifæri til símenntunar á sviði sjálfbærni t.d. um útinám og reynslunám. Náttúruskólinn og önnur símenntunar- og samstarfsverkefni verði nýtt í þessum tilgangi. Efla almenna vitund barna og ungmenna um almenningssamgöngur og vistvæna ferðamáta í skipulögðu skóla- og frístundastarfi meðal annars með innleiðingu endurskoðaðrar hjólreiðastefnu borgarinnar. Innleiða og fylgja eftir stefnumótun um menntun til sjálfbærni.
- 11. Notkun upplýsingatækni og innleiðing nýrra vinnubragða** - Auka framboð á fjölbreyttri símenntun á sviði upplýsingatækni fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Efla starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, sem er frumkvöðlar á sviði upplýsingatækni og hvetja það til að miðla þekkingu og reynslu til samstarfsfólks. Leggja reglulega mat á stöðu upplýsingatækni- í skóla- og frístundastarfi. Grípa til aðgerða á grundvelli matsins. Beina athygli að möguleikum þess að nýta tölvuleiki, forritun og fjölbreytt verkfæri upplýsingatækninnar í skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að efla upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Efla umræðu um ábyrga notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í samræmi við fjárhagsáætlun borgarinnar sem leggur áherslu á styrkingu faglegs starfs samhliða ábyrgð í rekstri munu fjármálastjórn og fjárhagsáætlun SFS vera í takt við þessi markmið. Fjármál SFS mótast mjög af fjölbættum rekstri og hlutfallslega miklum launakostnaði. Stærsta verkefnið er að tryggja að hægt sé að sinna öllum lögbundnum verkefnum innan þess fjárhagsramma sem sviðinu er gert að starfa innan. Annar rekstrarkostnaður kallar á stöðugt eftirlit og að leiða sé leitað til ítrustu hagræðingar. Stórt verkefni mun felast í því að leita hagstæðustu verða í alla þjónustuþætti, verkþætti og innkaup. Ráðgjafar- og innheimtuþjónusta við alla starfsstaði SFS verður efla og faglegir stjórnendur aðstoðaðir við daglega fjármálaumsýslu. Stefnt er að eflingu símenntunar starfsmanna á sviði fjármála og rekstrar.

Gjaldskrár

- Gert er ráð fyrir að allar gjaldskrár SFS fylgi almennt spá um verðbólgu og hækki að jafnaði um 2,7%.
- Hækkun innri leigu vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana 1,95%.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði um 2,7%.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrá UTD hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að launahækkunir vegna kjarasamninga verði bættar.
- Gert er ráð fyrir að samningar við þriðja aðila sem hafa skuldbindandi vísitöluákvæði verði verðbættir um 2,7%.
- Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður sviðsins verði verðbættur um 2,7%.
- Tekið er tillit til fjölgunar og fækkunar nemenda/barna í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum. Í fyrirbyggjandi tillögu er miðað við spár skóla- og frístundasviðs frá júní 2017, en miða verður við stöðuna eins og hún var 1. október við framlagningu frumvarps. Ekki er gert ráð fyrir breytingum sem kunna að verða á haustönn 2018.
- Borgarráð samþykkti á árinu 2015 að virkja ákvæði reglna um yfirfærslu á afgangi/tapi á milli ára. Þetta gerir kröfu um að sviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustuþætti.

Frístundastarf

Fimm frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 34 frístundaheimila, 20 félagsmiðstöðvar og 3 sértækra félagsmiðstöðva. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Óbreyttum systkinaafslætti af gjaldi í frístundaheimilum og sumarfrístund.
- Úthlutunarlíkani sértækra félagsmiðstöðva á þann hátt að fjármagni er úthlutað samkvæmt mati á hvern kostnaðarstað þrisvar á ári vor, sumar og haust.
- Gjaldskrár hækka um 2,7%.

Leikskólar og dagforeldrar

Borgarrekni leikskólar eru 62 auk tveggja sameinaðra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 17. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að börnum í leikskólum borgarinnar fækki um 40 frá árinu 2017. Fjárheimild sviðsins lækkar um 0,8 m.kr. vegna þessa, lág fjárhæð skýrist af breytttri aldursmælingu.
- Á miðju ári 2017 var lækkun á leikskólagjöldum í samræmi við málefnaþæfing meirihluta, ekki er miðað við aðrar breytingar á leikskólagjöldum en hækkun á núverandi gjaldskrá um 2,7%.
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinn leikskóla. Önnur hækkun til sjálfstætt starfandi leikskóla tekur mið af þeim breytingum sem verða á framlagi til borgarrekinn leikskóla.
- Útreikningur á barngildum vegna aldurs er færð til 1. sept., aukið fjármagn til að fjármagna breytinguna er 50 m.kr.
- Úthlutað er sérstaklega til leikskóla með hátt hlutfall barna af erlendum uppruna, 53 m.kr.
- Úthlutað er til leikskóla með margar starfstöðvar og leikskóla sem hafa verið sameinaðir 25,8 m.kr.
- Úthlutun vegna annarra breytinga 10,8 m.kr.
- Hjá sjálfstætt starfandi leikskólum verður aukið framlag 35,6 m.kr. vegna ofangreindra aðgerða til samræmis við aukið framlag til borgarrekinn leikskóla.

Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 7 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að nemendum í borgarreknum grunnskólum fjölgi um 58 börn á árinu 2018. Fjárheimild sviðsins hækkar um 43 m.kr. vegna þessa.
- Að nemendum í sérskólum fjölgi ekki frá árinu 2017 - En Klettaskóli hefur verið stækkaður til að rýma fleiri fötluð börn en ekki hefur verið aukið fjármagn í fjárhagsramma.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna fæðis hækki að jafnaði um 2,7% eins og aðrar gjaldskrár.
- Óbreyttum afsláttarkjörum sem felast í því að fjölskyldur greiða aldrei meira en sem nemur fyrir tvö systkini í skólamat.
- Vísitöluhækkun á orkukostnaði hækkar um 2,7%.
- Að viðbót verði við sérdeild Fellaskóla og Hamraskóla með einhverf börn, 6,8 m.kr.
- Gert er ráð fyrir fjölgun um 44 börn í sjálfstætt starfandi grunnskólum og aukinn kostnaður verði 63,2 m.kr, auk þess sem kostnaður verður uppfærður í samræmi við útreikning Hagstofu um meðalkostnað grunnskólanemenda.
- Breyting á úthlutunarreglum sem byggja á hópaúthlutunum ofl. 116,2 m.kr.
- Að greitt verði fyrir næðisstund sem fór út með kjarasamningi 2.014, 109 m.kr.
- Að hegðunarráðgjafar verði ráðnir fyrir grunnskóla (hjá þjónustumiðstöðvum) 46,7 m.kr.
- Talmeinafræðingar fyrir leikskóla og grunnskóla (ráðnir hjá þjónustumiðstöðvum) 52,2 m.kr.
- Ný úrræði til að mæta hegðunarvanda verði í öllum borgarhlutum, aukið framlag 100,8 m.kr.
- Sérkennsla er aukin um 25 m.kr.
- Breytt úthlutun til stjórnunar þannig að 150 nemenda grunnskóli fylgi 100% staða stjórnanda, aukið framlag vegna breytinga er 35,6 m.kr.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Borgin gerir samninga við 18 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng. Alls 14 tónlistarskólar fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg, vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnáms í söng. Gert er ráð fyrir að börnum í skólahljómsveitum fjölgi um 10 börn í hverri sveit, samtals aukning um 40 börn.

Gjaldskrár

Gert er ráð fyrir 2,7% hækkun innri gjaldskráa, þ.e. hækkun á leigu íþróttahúsa til ÍTR og samsvarandi hækkun á kostnaði vegna þjónustu þjónustumiðstöðva og UTD.

Annað

Í rammaúthlutun var gerður fyrirvari um fjölda barna/nemenda. Í október 2017 koma nýjar tölur varðandi nemendafjölda skólaárið 2017-2018 ef breytingar eru frá spá sem gerð var í vor, verður fjárhagsáætlun endurskoðuð.

KYNJUÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Unnið verður að því að auka vægi jafnréttisfræðslu í öllu skóla- og frístundastarfi meðal annars með því að nýta símenntun starfsfólks og kennara til að auka þekkingu þeirra á málaflokknum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og ungmenna. Í því augnmiði er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustubáttum sviðsins.

Efla þekkingu í skóla- og frístundastarfi á ýmsum sáttmálum tengdum mannréttindum, sem sviðið vinnur samkvæmt, t.d. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þróa leiðir og hugmyndir til að efla lýðræði og samfélagslega ábyrgð. Vinna áætlun um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Auka traust, bæta upplýsingamiðlun og hvetja til lýðræðislegrar þátttöku.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	82	81	81	80	83
Leikskólar Reykjavíkur	62	62	62	60	61
Sjálfstætt starfandi leikskólar	18	17*	17	19	19
Sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili	2	2	2	3	3
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	42	42	43	43	43
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	36	36	36
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	6	7	7	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	19	19	19	19	
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	18	18	18	18	18
Tónlistaskólar sem fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og miðnáms og framhaldsnáms í söng	13	13	13	14	12
Frístundamiðstöðvar	6	6	6	5	5
Frístundaheimili	33	34	34	34	34
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**	5	5	5	5	5
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	6	6	3	3	3
Félagsmiðstöðvar	21	20	20	20	20
Barnið, nemandinn, ungmennið					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	7.190	7.142	7.105	6.852	6.964
Leikskólar Reykjavíkur	5.910	5.903	5.874	5.580	5.522
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.146	1.055	1.055	1060	1.105
Sameinaðir leik- og grunnskólar	134	134	146	183	200
Viðbótarpláss	92	50	30	29	137
Fjöldi reykískra barna í leikskólum utan Rvk.	40	47	45	32	49
Sjálfstætt starfandi leikskólum	22	29	29	26	40
Sveitarfélagsreklam leikskólum	18	18	16	16	9
Fjöldi barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	41	41	46	37	52
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	72.698	74.287	74.233	71.566	74.107
Leikskólar Reykjavíkur	57.890	58.407	59.343	56.561	57.020
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	11.953	12.940	12.940	12.731	12.808
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.291	1.290	1.440	1.781	1.950
Viðbótarpláss	1.564	1.650	510	493	2.329
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	232	271	271	230	400

* Ekki var gert ráð fyrir Skóla Ísaks Jónssonar sem sjálfstætt starfandi leikskóla árið 2015.

** Klébergsskóli, Dalskóli, Norðlingaskóli, Ártúnsskóli og Fellaskóli (1. og 2. bekkur). Tilraunaverkefni sem er í endurskoðun.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Barnið, nemandinn, ungmennið (frh.)					
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	58.927	58.978	58.576	57.034	57.964
Leikskólar Reykjavíkur	48.359	48.439	48.504	46.245	45.858
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.687	8.621	8.621	9.040	9.280
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.099	1.093	1.196	1.502	1.661
Viðbótarpláss	782	825	255	247	1.165
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	172	227	227	184	308
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	916	916	916	742	621
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	13.424	13.494	13.795	14.027	14.105
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	159	149	176	176	176
Fjöldi nemenda í grunnsk. á haustönn	13.627	13.564	13.795	14.027	14.105
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	159	168	176	176	176
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	546	531	531	531	673
Fjöldi nemenda 5 ára í sjálfst. starfandi grunnsk.	17	66	23		
Fjöldi nemenda í mat í grunnskólum					
Fjöldi nemenda í mat á vorönn	13.424	13.494	13.795	14.027	14.105
Fjöldi nemenda í mat á haustönn	13.647	13.564	13.795	14.027	14.047
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	441	441	441	441	521
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum	78.479	78.479	78.479	78.479	92.715
Frístundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á frístundaheimilum	3.726	3.868	4.203	4.353	4322
Á vorönn	3.726	3.868	4.203	4.353	4322
Á haustönn	3.726	3.868	4.203	4.353	4322
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun	3.347	3.487	3.710	3.843	3781
Á vorönn	3.347	3.487	3.710	3.843	3781
Á haustönn	3.347	3.487	3.710	3.843	3781
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð	122	148	165	200	200
Á vorönn	122	148	165	200	200
Á haustönn	122	148	165	200	200
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun	108	126	148	178	178
Á vorönn	108	126	148	178	178
Á haustönn	108	126	148	178	178

*Gert er ráð fyrir 100% þátttöku nemenda í mat þó vitað sé að þátttaka verði ekki 100%. Þetta er gert til að taka tillit til þess að starfsfólk borðar líka. Áætlunarlíkan gerir ekki ráð fyrir fæði starfsfólks.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Mannauður					
Stöðugildi alls í leikskólum	1.530	1.522	1.554	1.543	1.610
Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda	499	507	509	500	
Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun	255*	256*	300	290	
Stöðugildi annarra háskólamenntaðra starfsmanna	*	-	-		
Stöðugildi leikskólaliða	98	86	75	75	
Stöðugildi annarra starfsmanna	474	481	475	468	
Stöðugildi í sérkennslu	138	146	155	160	160
Stöðugildi í langtímaveikindum	34	31	29	50	50
Viðbótarpláss	32	18	11	0	43
Hlutfall fagfólks skv. skilgreiningu í samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla	64,21%	63,42	63,50%	63,50%	
Fjöldi stjórnenda í borgarreknum leikskólum (í upphafi árs)	445	458	458	479	480
Fjöldi stöðugilda deildarstjóra í leikskólum	288	299	299	299	298
Fjöldi stöðugilda sérkennslustjóra	30	31	31	52	54
Fjöldi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra	127	128	128	128	128
Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda í leikskólum borgarinnar	33,5%	34,44%	34,44%	34,44%	34,44%
Stöðugildi alls í grunnskólum (vegna grunnskólanemenda)	2.021	1.928	1.888	1.907	1.911
Skólastjórar (þar af 2 í sérskólum)	36	36	36	36	36
Aðstoðarskólastjórar (þar af 2 í sérskólum)	39	39	39	39	39
Grunnskólakennarar (þar af í sérskólum 79 starfsmenn)	1.178	1.046	1016	1022	1025
Námsráðgjafar	18	18	18	18	18
Bókasafnsstörf	32	32	32	32	32
Húsverðir	32	32	32	32	32
Matráðar	36	36	36	36	36
Aðrir almennir starfsmenn (þar af í sérskólum 32 starfsmenn)	429	468	468	468	469
Stöðugildi í sérkennslu- og nýbúapotti	188	188	171	184	184
Stöðugildi í langtímaveikindum m.v. stöðugildi kennara	33	33	40	40	40

* Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun og annarra háskólamenntaðra starfsmanna.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH.

	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Mannauður					
Stöðugildi alls í frístundamiðstöðvum	393,5	417,3	435,3	434,8	433
Stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum	218,9	233	248,2	251	250
Stöðugildi í frístundamiðstöðvum	18,0	21,5	21,2	19	19
Stöðugildi í félagsmiðstöðvum	60,6	64,2	67,6	65,8	65
Stöðugildi í stuðningi barna með sérþarfir	88,4	91,2	91	93	93
Stöðugildi í langtímaveikindum	7,6	7,4	7,4	6	6
Stöðugildi í skólahljómsveitum	27,6	27,5	27,5	27,5	32
Námsflokkar Reykjavíkur	7,6	7,5	6,5	5,5	5
Mixtúra margmiðlunarver (áður Myndver)	1,2	1,2	1	1	1
Skólasafnamiðstöð	4,0	3,0	3	0	0
Miðja máls og læsis	0	0	4	5,3	6,3
Skrifstofa SFS*	67,5	67,5	63	58,5	60,5

SKORKORT 2018

Velgengnisþættir - Mælikvarðar	Raun 2016	Útkomuspá 2017	Rauntölur 2017	Áætlun 2018
Barnið, nemandinn, ungmennið				
Hlutfall foreldra sem telja að barn þeirra sé öruggt í skóla- og frístundastarfi	93%	95%	93%	95%
Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka fljótt og vel á einelti og öðru ofbeldi	73%	78%	73%	80%
Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsuefningu í starfinu	85%	90%	*	90%
Hlutfall foreldra sem telja barni sínu líða vel í skóla- og frístundastarfi	94%	95%	93%	95%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólaláttunum	46%	57%	46%	55%
Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð	95%	94%	97%	98%
Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar	66%	70%	63%	70%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem ánægja af lestri mælist við eða yfir landsmeðaltali skv. Skólaláttunum	67%	-	68%	70%
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila	80%	85%	79%	85%
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og/eða kennara	67%	75%	*	75%
Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins	84%	92%	*	92%
Hlutfall frístundaheimila/félagsmiðstöðva með barnaráð/unglingaráð	73%	90%	*	90%
Verklag				
Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við starfsemina	72%	85%	*	85%
Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafabjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva	67%	80%	*	80%
Hlutfall foreldra sem eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf starfsstaða	86%	90%	85%	90%
Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um aukið flæði milli skóla og frístundastarfs	83%	90%	*	90%
Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni	74%	90%	*	90%
Hlutfall starfsstaða sem nota viðmið um gæði við skipulagningu starfs	86%	90%	*	90%
Mannauður**				
Mínum vinnustað er vel stjórnað	-	7,9	4,05	4,15
Upplýsingastreymi á vinnustað mínum er gott	-	8,0	3,72	4,0
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	-	80%	82%	84%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	-	0,5	3,2%	0%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki	-	8,1	4,22	4,3
Hæfni mín er vel nýtt í starfi	-	8,3	4,34	4,4
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	-	8,3	4,3	4,5
Auðlindir				
Hlutfall starfsstaða sem heldur sig innan fjárhagsramma	75%	75%		80%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávíkagreiningu v/mánaðaruppgjöra mánaðarlega	85%	90%		90%

*Spurt er um þetta í spurningarvögnum sem sendir eru stjórnendum starfsstaða nokkrum sinnum á ári. Könnun sem er út að hausti er vinnslu og niðurstöður verða settar fram í skorkorti með starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur 2018

** Árið 2015 voru niðurstöður viðhorfskönnunar birtar á 10 punkta skala en 5 punkta skala 2017.

HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykka teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og grasslætti og snjómokstri. Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 hefur tekið gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfinu á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfissvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

Stefnumótun, greining og miðlun

Sviðsstjóri hefur umsjón með stefnumótun á ábyrgðarsviðum USK og tryggir samræmi í málaflokknum innan borgarinnar. Sviðsstjóri er yfirmaður langtímastefnumótunar, þróunar, greiningar, miðlunar og landupplýsinga ásamt stýringu uppbyggingar í gegnum mótun aðalskipulags og svæðisskipulags sem og miðlun upplýsinga um niðurstöður og áherslur stefnumótunar. Sjálfbær þróun borga, loftslagsmál, Græna borgin, miðlunarteymi og fleiri verkefni heyra undir sviðsstjóra.

Landupplýsingar

Landupplýsingar hafa umsjón með öllum gagnagrunnum sem innihalda landtengdar upplýsingar og leggja aðaláherslu á að hafa þær réttar, lifandi og byggðar á traustum grunni. Öflun, viðhald, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga eru aðalverkefnin, en deildin ber einnig ábyrgð á landmælingum, fastmerkjum, gerð lóðauppdraotta, útgáfu mæliblaða, stjórn og rekstri landupplýsingakerfis (LUKR) og þróun Borgarvefsjár, Skipulagssjár og veflausna fyrir spjaldtölvur og snjallsíma.

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við umhverfis- og skipulagsráð, stjórnarsýslulegum málum og lögfræðiþjónustu. Umsýsla fjármagns vegna samninga um kirkjugarða og þjóðvegi í þéttbýli er á skrifstofu sviðsstjóra. Einnig umsýsla og samskipti við B-hluta fyrirtæki, nefndir og stjórnir.

Mannauður

Mannauður sviðsins endurspeglar þá fjölbreytni sem þjónusta umhverfis- og skipulagssviðs veitir. Sviðið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, að starfsfólk hafi svigrúm til athafna og tækifæri til símenntunar. Meginhlutverk mannauðsdeildar er að framfylgja starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og móta áherslur sviðsins í mannauðsmálum. Mannauðsdeild veitir stjórnendum ráðgjöf og aðstoð varðandi mannauðsmál svo sem ráðningar, kjaramál, réttindi og skyldur starfsmanna, samvinnu og liðsheid og sinnir eftirliti þar sem við á. Mannauðsdeild heldur utan um starfsþróun, þjálfun og miðlæga fræðslu starfsfólks og veitir stjórnendum og starfsstöðum ráðgjöf og stuðning.

Fjármáladeild

Fjármáladeild hefur umsjón með fjármálum sviðsins og veitir starfsmönnum ráðgjöf og aðstoð varðandi fjármál. Helstu verkefni deildarinnar eru fjárhags- og launaáætlun, fimm ára áætlun, fjárhags- og verkbókhald, reikningagerð og innheimta, kostnaðareftirlit, mánaðar- og árshlutauppgjör.

Skipulagsfulltrúi

Embætti skipulagsfulltrúans í Reykjavík starfar á grundvelli skipulagslaga, skipulagsreglugerðar og samþykkt borgarstjórnar um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er varða skipulagsmál í Reykjavík. Hlutverk skipulagsfulltrúa er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum upplýsingar og ráðgjöf um skipulagsmál. Skipulagsfulltrúi fer með málsmeðferð skipulagsmála og starfar í umboði sveitarstjórnar.

Byggingarfulltrúi

Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík starfar á grundvelli mannvirkjalaga, byggingarreglugerðar og samþykkt borgarstjórnar um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa svo og öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum er byggingarmál varða.

Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að sótt sé um byggingarleyfi fyrir byggingarleyfisskyldum framkvæmdum og breyttir notkun mannvirkja í umdæmi hans, og að öðru leyti sé fylgt ákvæðum reglugerðar þessarar í umdæmi hans. Jafnframt skal byggingarfulltrúi eftir föngum hafa eftirlit með því að viðhald húsa og mannvirkja í umdæmi hans sé viðhlítandi.

Samgöngustjóri og borgarhönnun

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar vinnur að borgarhönnun og þróun samgangna út frá samþykktri stefnumörkun borgaryfirvalda. Nánari stefnumörkun, skipulag og undirbúningur verkefna næstu ára í þessum málaflokkum er á ábyrgð skrifstofunnar. Meðal verkefna má nefna samgönguskipulag í nýrri og eldri byggð, framfylgd almenningssamgöngustefnu og hjólréiðaaætlunar borgarinnar, Torg í biðstöðu og göngugötur auk hönnunar lykilsvæða í borginni, frumathuganir breytinga á gatnakerfi, umferðartalningar, umsjón umferðarljósastryringa, umferðaröryggismál, orkuskipti í samgöngum og hljóðvist vegna umferðar.

Bílastæðasjóður

Skrifstofunni tilheyrir tvær deildir: útideild og húsadeild. Á skrifstofunni fer fram stjórnun bílastæðamála, umsjón með eftirliti á ríflega 3000 bílastæðum, rekstur 7 bílahúsa og endurupptaka mála sem snúa að stöðvunarbrotagjöldum sem og innheimta tekna vegna bílastæða. Þar fer einnig fram þróun í upplýsingatækni fyrir sjóðinn í samstarfi við upplýsinga- og tæknideild Reykjavíkurborgar, sem og stefnumótun.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Skrifstofan annast stofnframkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og sér um allt viðhald á eignasafni Reykjavíkurborgar, þ.e. húseignum, samgöngumannvirkjum og opnum svæðum. SFV er skipt upp í fjórar deildir þ.e. frumathugun mannvirkja, byggingadeild, gatnadeild og deild opinna svæða. Skrifstofan sér um forsagnargerð og frumathuganir vegna nýrra fasteigna, gerir kostnaðar- og framvinduáætlanir, sér um útboðsgerð og samninga, stýrir hönnun og framkvæmd verkefna auk þess að hafa eftirlit með verklegum framkvæmdum. Skrifstofan tekur þátt í rekstri fjögurra hverfastöðva í hverfum borgarinnar þar sem fasteignastjórar hafa umsjón með viðhaldi fasteigna og eru í tengslum við notendur.

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins

Skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands sér um allan daglegan rekstur og umhirðu á borgalandinu og þjónustu vegna veghalds í Reykjavík. Meginverkefni skrifstofunnar er rekstur hverfastöðva gatnamála, verkþækkistöðva garðyrkju, þjónustumiðstöðvar borgarlandsins og Ræktunarstöðvar Reykjavíkur. Undir rekstur og umhirðu borgarlandsins fellur meðal annars vetrarþjónusta, garðyrkja og ræktun, viðhalds- og eftirlitsverkefni á götum, gönguleiðum og opnum svæðum, grassláttur, hreinsun borgarlandsins, uppsetning og viðhald umferðarljósa, uppsetning og viðhald umferðarskilta, rekstur gatnalýsingar, rekstur strætóskýla í eigu borgarinnar, umsjón með útmörk Reykjavíkur (uppland borgarinnar, 1700 ha opið útivistarsvæði) og þjófjálhaldi, útgáfa og eftirlit með afnotaleyfum á borgarlandinu, leyfisveitingar og eftirlit vegna götu- og torgsölu, veghald og ýmiss annar undirbúningur vegna viðburða í borgarlandinu.


Skrifstofa umhverfisgæða

Á skrifstofunni eru tvær starfseiningar; náttúra og garðar, og umhverfis- og úrgangsstjórnun. Á skrifstofunni fer fram stefnumótun, gerð forathuganna og forsagna varðandi garða, græn svæði, gróður og leiksvæði. Skrifstofa umhverfisgæða sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar og framkvæmd aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum ásamt Grænum skrefum í starfssemi Reykjavíkurborgar. Grasagarður, Vinnuskóli, sorphirða Reykjavíkurborgar og meindýravarnir heyra undir skrifstofuna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hlutverk Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að fara með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnareftirlit í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lögum um matvæli með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftirlit með hundahaldi í borginni, skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur og sinnir reglubundnu eftirliti með honum, gefur út tóbakssöluleyfi, leyfi til hænsnahalds í borginni og veitir umsagnir og leiðbeinir um mál er varða heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í eftirfarandi deildir og einingar: matvælaeftirlit, umhverfiseftirlit, vöktun umhverfis og hundaftirlit.

SKIPTING REKSTRAR 2018



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Segja má að nú sé innleiðing aðalskipulags Reykjavíkur til 2030 orðin afar sýnileg borgarbúum. Mest má sjá áhrifin í miðborginni, verið er að byggja á fjölmörgum reitum milli Hverfisgötu og Laugavegar, Hafnarstrætið hefur gengið í endurnýjun lífdaga og svæðið milli Hafnarstrætis og Hörpu er í uppbyggingu sem nú sér fyrir endann á. Samfara þessu er yfirborð gatna og göngustíga endurnýjað, Geirsgatan breytist í borgargötu og gerð er stefna um gólfíð í Kvosinni. Áherslan er á borgarrýmið jafnt sem byggingarnar. Fjölmargir nýir íbúar munu bætast við miðborgina á næstu árum sem styður við jafnvægi milli ferðamanna og íbúa miðborgar. Húsnæðismál eru mikið í brennidepli og var húsnæðisstefna Reykjavíkur samþykkt í júní s.l. Ljóst er að fjölmargar starfseiningar innan sviðsins koma að innleiðingu slíkrar stefnu. Vistvænar samgöngur eru samofnar þéttingu byggðar, innleiðing hjólræðiáætlunar og undirbúningur borgarlínu eru því stór verkefni á borði sviðsins bæði nú sem áfram. Bílastæðamál eru einnig hluti af samgöngustefnu borgarinnar. Því var mikilvægt að fá Bílastæðasjóð til liðs við sviðið árið 2017 og liggur fyrir að gera nánari stefnu um bílastæði. Aðrir þættir í vistvænni byggð eins og blágrænar lausnir og lífbreytileiki eru einnig hluti af því að gera Reykjavík vistvænni. Fyrstu hverfisskipulagsáætlanirnar munu verða samþykktar fyrir áramót og áframhald verður á samþykkt sjálfbærna áætlana fyrir hverfin á næstu árum en þær eru liður í að gera hverfin öflugri og gera íbúum betur kleift að stækka við sig eða hafa áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir í hverfunum sínum.

Mannauður sviðsins skiptir sem fyrr öllu máli fyrir framgang verkefna og sú þekking og kunnátta sem starfsfólk sviðsins býr yfir er ómetanleg auðlind. Metnaður til að ná fram bestu niðurstöðu fyrir borgina og borgarbúa er mikill og þegar þensla er á markaði getur verið erfitt að ráða fólk í lausar stöður eða fá ásættanleg verk í verk. Ekki er fyrrséð að það breytist á árinu 2018 en nú verður boðin út vetrarþjónusta sem áður var á hendi reksturs og umhirðu. Stefnt er að flytja starfsemi verkþæðistöðvar á Njarðargötu út í Örfirsey árið 2018 til þess að hægt sé að koma því svæði í uppbyggingu og bæta vinnuaðstöðu starfsfólks.

Þverfagleg samvinna er nauðsynleg í öllum verkum sviðsins og sérhver starfseining gegnir mikilvægu hlutverki í því að innleiða stefnu um grænni og heilbrigðari borg. Samvinna og samstarf við önnur svið borgarinnar sem og borgarbúa er einnig stór þáttur í starfsemi sviðsins og tryggir að niðurstaða sem byggir á hagsmunum heildarinnar næst. Til stendur að efla heimasíðu sviðsins, leita nýrra leiða við upplýsingagjöf og kynningarmál og tileinka sér snjalllausnir allstaðar þar sem það er hægt. Sem fyrr nýtir sviðið sér mælikvarða til að fylgjast með markmiðum í málaflokkunum og hvernig til tekst við að innleiða þær áætlanir sem sviðið vinnur eftir.

HELSTU FJARHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að rekstrarrámmi sviðsins hækki um 1.009 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2017. Stærsta breytingin er sú að nú er rekstur Bílastæðasjóðs kominn undir starfsemi sviðsins og hefur það eftirfarandi breytingar í för með sér í aðalsjóði. Tekjur hækka um 1.024 m.kr., launakostnaður eykst um 273 m.kr., annar rekstrarkostnaður eykst um 254 m.kr. og innri leiga hækkar um 279 m.kr. Í eignasjóði hækkar viðhald vegna bílastæðahúsa um 29 m.kr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna kjarasamninga upp á 153 m.kr. og að bætt verði við 7 nýjum stöðugildum að upphæð 70 m.kr. Gert er ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbóta á annan rekstrarkostnað að upphæð 123 m.kr. og að innri leiga hækki um 464 m.kr., sem er einkum vegna leigu gatna sem hækkar um 459 m.kr., en leiga fasteigna og búnaðar hækkar um 5 m.kr. Viðbótarfjármagn er sett í viðhald fasteigna upp á 300 m.kr. og viðhald gatna og opinna svæða að upphæð 100 m.kr.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Aðalskipulag

Breytingar og endurskoðun á einstökum stefnuákvæðum AR2010-2030 verður áfram megin viðfangsefni á árinu 2018, líkt og verið hefur undanfarin þrjú ár. Borgaryfirvöld þurfa ávallt að vera viðbúin því að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulaginu í ljósi breyttra forsenda. Það er ekki einvörðungu vegna þess að forsendur breytast og þróun verður önnur en ráð var fyrir gert, heldur getur nánari athugun á deiliskipulagsstiginu leitt betur í ljós möguleika til uppbyggingar á einstökum svæðum og hvernig best er að nýta byggingarlandið. Reikna má með að um 9-11 breytingar verði í vinnslu á næsta ári í samanburði við þær 13 breytingar sem hafa verið í vinnsluferli árið 2017. Mikilvægustu breytingarnar sem voru í vinnslu á árinu 2017 vörðudu, annars vegar hert ákvæði um gististaði og hinsvegar auknar heimildir um fjölda íbúða á einstökum svæðum. Áfram er gert ráð fyrir breytingum á einstökum svæðum varðandi fjölda íbúða til að tryggja framgang húsnæðisáætlunar. Umfangsmestu breytingarnar sem verða í vinnslu á næsta ári verða framtíðarhverfið í Ártúnshöfðanum, endurskilgreiningu iðnaðar- og athafnasvæða í útjaðri borgarinnar meðal annars vegna flutnings iðnaðarstarfsemi úr Elliðaárvognum og Ártúnshöfðanum og áframhaldandi vinnsla við breytingar vegna Borgarlínu. Aðrar breytingar sem verða í vinnslu fram á næsta ár verða m.a. uppbyggingu í Gufunesi, Skerjafirði og á Heklureit. Stefna um landbúnaðarsvæði og þróun á Kjalarnesi verður einnig mögulega á dagskrá. Þá er fyrirhugað að setja fram ákveðnari stefnu um göngugötur í miðborginni og verður sú breyting boðuð á haustdögum 2017. Samkvæmt skipulagslögum skal ávallt meta þörf á heildarendurskoðun aðalskipulagsins að loknum sveitarstjórnarkosningum. Eðlilegt er að ákvörðun um hvort farið verður í stærri endurskoðun eða ekki, liggi fyrir á seinni hluta árs 2018.

Árangursrík framfylgd aðalskipulagsins felst í því að kynna stöðugt megin markmið þess og gera stefnuákvæði þess aðgengileg fyrir stjórnámamenn, embættismenn, framkvæmdaaðila og allan almenning. Kynning og miðlun aðalskipulagsins er margþætt. Á næsta ári er stefnt að því að fara í frekari endurbætur á vefsvæði aðalskipulagsins (adalskipulag.is) og skipulagssjá. Miðlun aðalskipulagsins felst einnig í almennum kynningum fyrir þá hópa sem þess óska og gátlistum fyrir mismunandi skrifstofur borgarinnar. Útgáfa árlegrar skýrslu um framfylgd aðalskipulagsins er síðan mikilvægur vettvangur til að halda stefnumörkun aðalskipulagsins á lofti, ekki síst fyrir stjórnámamenn og embættismenn innan borgarinnar. Skýrsla um framfylgd aðalskipulagsins hefur verið lögð fram síðustu tvö ár og vænta má að þriðji árgangur hennar birtist í lok árs 2017. Megin þáttur í skýrslugerðinni er mat á því hvernig miðar að ná markmiðum aðalskipulagsins. Regluleg stöðutaka á þróun borgarinnar er mikilvæg til að meta hvort ástæða er til að ráðast í breytingar á stefnunni, þ.e. hvort forsendur stefnunnar hafa tekið verulegum breytingum.

Af öðrum verkefnum, sem verða á dagskrá á næsta ári, má nefna áframhaldandi áætlanagerð vegna framfylgdar á húsnæðisstefnu og uppbyggingaráætlanir um íbúðar- og atvinnuhúsnæði, m.a. vegna fjárhagsáætlunargerðar. Umsagnir og almenn upplýsingamiðlun til umhverfis- og skipulagsráðs, skipulagsfulltrúa og annarra sviða varðandi fyrirsurnir, lagafrumvörp, samræmi skipulagsáætlana og einstakra framkvæmda við stefnu aðalskipulags, breytingar á svæðisskipulagi og skipulagstillögur nágrannasveitarfélaga, verða áfram fastir verkliðir.

Aðkeypt vinna á árinu 2018 verður einkum vegna umhverfismats og mögulegra sérfræðiathugana sem einstakar breytingar á aðalskipulaginu kalla á, auglýsingakostnaður vegna lögbundinna kynninga á aðalskipulagsbreytingum, rannsóknir og greiningar vegna einstakra verkefna og eftir atvikum vegna miðlun aðalskipulagsins. Árlegt framlag vegna reksturs

svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins verður svipað og árið 2017 en meta þarf sérstaklega aukaframlög vegna sérstakra verkefna vegna innleiðingar svæðisskipulagsins, s.s. vegna Borgarlínuverkefnisins.

Stefnumótun, greining og miðlun

Haldið verður áfram að framfylgja aðgerðaráætlun í loftslagsmálum og aðstoða við innleiðingu aðgerða sem eru á ábyrgð ýmissa skrifstofa og sviða borgarinnar. Helsta nýja verkefnið sem tengist stefnunni árið 2018 verður að setja upp upplýsingavef fyrir almenning um loftslagsmál. Aðkeypt vinna verður einkum vegna vefsins en einnig vegna útreiknings á losun gróðurhúsalofttegunda árið 2017. Í takt við alþjóðlegar skuldbindingar er reiknuð út losun annað hvert ár eins og gert hefur verið síðan árið 2007. Umsókn um Grænu borg Evrópu gæti orðið viðamikil verkefni árið 2018 en borgin skilaði inn umsókn í október 2017. Ef borgin nær að keppa til úrslita um útnefningu til Grænu borgar Evrópu árið 2020 verður það eitt stærsta verkefni ársins 2018 hjá stefnumótun, greiningu og miðlun. Haldið verður áfram að auka gæði upplýsingagjafar og miðlunar. Miðlunarteymi USK metur í samráði við stjórnendur bestu úrfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna. Haldið verður áfram með fundarröð formanns umhverfis- og skipulagsráðs um þróun og mótun borgarinnar.

Landupplýsingar

Aðaláhersla verður lögð á gerð heildarskrár yfir lóðir í borginni með öllum tilteknum upplýsingum um t.d. stærðir, kvaðir, eignarhald lóða, stöðu lóðaleigusamninga, þinglýsingar og fleira. Í skránni verða einnig tengingar við mæliblöð, hæðarblöð og deiliskipulög. Samhliða skráningu upplýsinga í lóðaskrá verður farið í viðamikla yfirferð lóðamarka og lóða í LUKR og samræmingu gagna við skráningar í Fasteignaskránni og við gildandi deiliskipulög. Gerðar verða nýjar sjálfvirkar uppfærslur á vefsíðum sem veita öllum aðgang að gjaldfrjálsum rafrænum gögnum úr LUKR. Skoðaðir verða möguleikar á að kortleggja í LUKR alla leyfisskylda starfsemi í borginni. Farið verður í endurskoðun og endurhönnun á vefsíðum Landupplýsinga. Yfirferð á ástandi fastmerkja og hæðamerkja í borginni verður haldið áfram. Skoðaðir verða möguleikar á nýtingu gagnagrunna LUKR í Smart City verkefninu. Vinna við lagfæringar á skráningum lóða í eigu Reykjavíkurborgar í Landskrá fasteigna mun halda áfram í samvinnu við SEA. Byggingarreitir verða skráðir í LUKR og birtir í Borgarvefsjónni og Skipulagssjónni í tengslum við gerð hverfisskipulags. Áfram verða þróaðar nýjar lausnir til að safna landfræðilegum rauntímagögnum beint í spjaldtölvur og snjallsíma til skráningar í LUKR. Skoðaðir verða möguleikar til endurnýjunar mælitækjabúnaðar.

Mannauðsmál

Áherslur í mannauðsmálum 2018 taka mið af þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fram fer á umhverfis- og skipulagssviði. Jákvæð samskipti, öryggi starfsfólks og hvetjandi starfsumhverfi eru í öndvegi. Á síbreytilegu sviði þar sem ný og krefjandi verkefni bæstast reglulega við kjarna starfseminnar, er árangursríkt upplýsingaflæði afar þýðingarmikið atriði fyrir liðsheild sviðsins, samhæfingu og skilvirkni. Aukin áhersla er nú einnig lögð á faglega símenntun til að ýta undir hæfni og ánægju starfsfólks og viðhafa hér eftir sem hingað til vönduð vinnubrögð. Undanfarin misseri hefur sérstaklega verið dregið fram gildi heilbrigðis og vellíðunar með heilsustefnu fyrir starfsfólk og með áherslum þar af lútandi í fræðslu, og verður haldið áfram á sömu braut með ýmsum aðgerðum svo sem tilkomu og útfærslu samgöngusamninga. Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í stórum og smáum málum verður áfram eitt af mikilvægustu verkefnum mannauðsdeildar.

Skrifstofa sviðsstjóra

Áfram verður unnið að Öryggisstjórnunarkerfi, BS 18001, vottað fyrir allt sviðið. Haldið verði áfram með að innleiða gæðastjórnunarkerfi sviðsins, ISO 9001 og stefnt að vottun fyrir skrifstofu framkvæmda og viðhalds og skipulagsfulltrúa. Áfram verður unnið að skoðun á innleiðingu á nýju kerfi fyrir utanumhald rekstrar- og gæðahandbókar sviðsins.

Skrifstofa umhverfisgæða

Undir málaflokkum skrifstofu umhverfisgæða hafa verið unnar stefnur og aðgerðaáætlanir m.a. um meðhöndlun úrgangs og líffræðilegan fjölbreytileika. Áherslur og verkefni skrifstofunnar taka mið af þessum áætlunum, að framfylgja þeim. Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar voru um mitt ár 2017 færð á skrifstofu umhverfisgæða. Unnið verður að makmiðum Grænna skrefa m.a. að allir vinnustaðir Reykjavíkurborgar eigi að vera þátttakendur og innleiðing matarsóunarskrefs í verkefnið.

Náttúra og garðar

Unnið verður að fræðslu og áætlunum og forgangsöðun fyrir verkefni á grænum svæðum borgarinnar þar með talið aðgerðaráætlun vegna stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Lögð verður áhersla á að vinna gegn útbreiðslu ágengra

plöntutegunda. Mikil greiningarvinna hefur verið unnin og þarf m.a. að hefta útbreiðslu tröllahvanna í borgarlandinu, lúpínu og kerfils á verndarsvæðum. Mikilvægt er að fylgja eftir tillögum um endurheimt votlendis í Úlfarsárdal og eins að greina frekari tækifæri í endurheimt votlendis. Grasagarðurinn kom upp búnaði til að telja gesti garðsins árið 2017. Unnið verður úr talningargögnum með það að marki að efla fræðslu garðsins og upplifun gesta. Hjá Vinnuskólanum verður lögð áhersla á að vinna frekar úr tillögum starfshóps um Vinnuskólann sem lauk vinnu vorið 2016 m.a. um stýrihóp sem mótar stefnu skólans. Auk þess verður unnið í samræmi við samþykktar stefnur og aðgerðaáætlanir málaflokka sem deildinni tilheyrja.

Umhverfis- og úrgangsstjórnun

Hvatt verður til enn frekari flokkunar á plasti og pappír og skil til endurvinnslu m.a. með auknu upplýsingaflæði og fyrirtæki hvött til að innleiða merkingar um flokkun á vörum sínum. Unnið að lágmarkun notkunar einnota umbúða með margskonar aðgerðum og áhersla lögð á að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Skoðaðar verða forsendur fyrir því að skapa aukin vettvang til að samnýta hluti t.d. verkfæri. Heimajarðgerð verður sérstaklega kynnt fyrir íbúum. Farið verði af stað með tilraunaverkefni um söfnun á nytjahlutum og spilliefnum frá íbúum og þeim komið í viðeigandi meðhöndlun. Íbúar verða hvattir til að lágmarka fjölpóst. Áfram verður unnið að uppbyggingu grenndarstöðva, s.s. með því að hefja móttöku á rafhlöðum á völdum stöðvum, fjölga grenndarstöðvum þar sem hægt er að skila gleri og unnið að því að koma fyrir niðurgrofnum grenndarstöðvum á fjölförnum stöðum þar sem byggð er hvað þéttast og landrými takmarkað. Úrgangsflokkun verður komið fyrir á fleiri almenningssvæðum í borgarlandinu. Aðgengi að úrgangsilátum verður bætt í samstarfi við íbúa til að tryggja heimilum betri og ódýrari þjónustu. Kynntar verða leiðbeiningar til hönnuða og arkitekta um fyrirkomulag úrgangsiláta í Reykjavík. Úrgangsmagni frá stofnunum Reykjavíkurborgar verður haldið til haga og skoðaðar forsendur fyrir notkun fjölnota bleyja á leikskólum borgarinnar samhliða upplýsingagjöf um kosti fjölnota bleyja.

Framkvæmdir og viðhald

Eins og áður leggur skrifstofan áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Framkvæmdir við uppsteypu og frágang annars áfanga miðstöðvar skóla, menningar og íþróttar í Úlfarsárdal er í fullum gangi og er stefnt að því að hluti skólans og lóðar verði tilbúið til notkunar haustið 2018. Einnig er unnið við viðbyggingar og endurbætur við Klettaskóla og Vesturbæjarskóla sem áætlað er að taka í notkun næsta haust. Áætlun um endurgerð grunnskólalóða gerir ráð fyrir að um 300 milljónum verði varið til málaflokksins, en á þessu ári (2017) lýkur endurgerð lóðar við Fossvogsskóla og fyrstu áfanga við lóðir Háaleitisskóla-Hvassaleiti, Háaleitisskóla-Álftamýri, Brúarskóla og Melaskóla. Við Sundhöll Reykjavíkur er stefnt að opnun á nýrri útilaug og viðbyggingu í nóvember. Gervigras verður endurnýjað á tveimur knattspyrnuvöllum, hjá ÍR og Fram. Unnið er að heildarskipulagi á íþróttasvæði ÍR í suður Mjódd og jarðvinna er hafin fyrir nýjan frjálsíþróttavöll ÍR. Allsherjar endurnýjun á innréttingum fór fram á Hlemmi sem hefur fengið nýtt og breytt hlutverk sem Mathöll. Undirbúningur er í gangi fyrir byggingu nýrrar hverfisbækistöðvar við Fiskislóð og áætlað að framkvæmdir hefjist á árinu og stöðin verði tilbúin á næsta ári. Fé til viðhalds- og átaksverka varðandi fasteignir var aukið verulega frá fyrra ári. Umfangsmiklar framkvæmdir hafa staðið yfir við breytingar á gatnamótum Geirsgötu, Lækjargötu og Kalkofnsvegur, hluti Hafnarstrætis hefur verið endurgerður og hafnar eru framkvæmdir m.a. við ný byggingarsvæði við Elliðavog – Vogabyggð og á Kirkjusandi.

Rekstur og umhirða borgarlands

Farið verður með vetrarþjónusta gönguleiða í austurhluta borgarinnar í útboð en hún hefur verið unnin með eigin vinnu. Þjónustumiðstöð borgarlandsins mun eftir sem áður sjá um hjólaleiðir og viðbrögð við ábendingum. Sjö dráttarvélar í eigu eignasjóðs verða seldar samhliða útboðinu en þremur vélum haldið eftir til að sinna hjólaleiðum. Þetta hefur áhrif á grassláttinn enda notaðar sömu vélar í verkefnið. Verkefni í grasslætti sem Þjónustumiðstöð borgarlandsins sér um verður því boðið út. (Þó verður að gera fyrirvara á þessu máli þar sem ekki er búið að gera endanlega tillögu). Grassláttur stofnanalóða verður áfram hjá Þjónustumiðstöð en sumarstarfsfólki þar verður fækkað eitthvað. Sami fjöldi sumarstarfsfólks verður á hverfastöðvum austur og vestur, en í stað verkefna við grasslátt verður þeim fundin önnur brýn verkefni í umhirðu borgarlandsins. Samfara þessu verður grassláttarútbúnaður Þjónustumiðstöðvar seldur til verktaka eða á almennum markaði. Í hreinsun borgarlandsins verður miðborgin sérstakt útboðssvæði á vegum hverfastöðvar vestur en verkefnið var hjá Þjónustumiðstöð. Hverfastöðvar munu taka að sér hreinsun leikskólalóða sem áður var í verktöku en grunnskólalóðir verða áfram í eigin vinnu. Athugað verður með að bjóða út viðhald leiktækja og umhirðu á opnum svæðum og að upphækkun ræsa

vegna malbikunar gatna verði boðin út með almennum malbiksframkvæmdum. Athugað verði með að bjóða út umhirðu á stofnanalóðum með eða án grassláttar. Mótuð verði samræmd stefna fyrir garðyrkju í borginni í samvinnu við viðeigandi einingar. Stefnt er á að hefja tilraunaverkefni um grisjun skóga í útmörk með verktöku. Lokið verður við að endurskoða verkferla vegna útgáfu afnotaleyfa og eftirlits ásamt innleiðingu rafræns umsóknar- og afgreiðslukerfis. Markmiðið er að endurskoða gjaldskrá afnotaleyfa í átt að betri hagrænum hvata á notkun borgarlands.

Heilbrigðiseftirlit

Á árinu 2018 verður unnið skv. eftirlitsáætlun ársins eins og venja er. Forgangsróðunin er hugsuð út frá almannaeftirliti með áherslu á reglubundið eftirlit og eftirfylgni í fyrirtækjum miðað við áhættuflokkun. Áætlað er að farið verði í um 4.000 eftirlitsferðir og sinnt verði kringum 1.000 kvörtunum sem hafa aukist milli ára. Verkefni sem unnin verða á landsvísu eru þess fyrir utan: endurskoðun áhættugreiningar ýmissa fyrirtækjaflokka og samræmdra starfsleyfisskilyrða, hávaði í umhverfi barna, geymslupólsmerkingar matvæla, upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda í matvælum og leiðbeiningar unnar um eftirlit með aukefnum í matvælum. Áætlað er að eitt af mikilvægustu verkum ársins verði aðkoma að endurskoðun laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar framtíðarfyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á Íslandi.

Skipulagsfulltrúi

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram árið 2018 og samkvæmt verkefnisáætlun hefst vinna við gerð hverfisskipulags fyrir Grafarvog og Kjalarnes að undangengu samráðs- og upplýsingaferli með borgarbúum. Gert er ráð fyrir að fyrstu hverfisskipulagsáætlanirnar þ.e. Árbær, Breiðholt, Háaleiti og Bústaðir og Hlíðar komi úr formlegu auglýsinga- og kynningarferli á fyrri hluta ársins. Mikil vinna mun tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í gangi eða í bígerð þar sem áherslan í öllum skipulagsáætlunum er á sjálfbærni og visthæfi byggðar. Þessar áherslur munu endurspeglast í fjölda nýrra deiliskipulagsáætlana í samræmi við uppbygginga- og húsnæðisstefnu borgarinnar. Stærstu verkefnin verða við Elliðaárvog, Ártúnshöfða, Gufunes, Skerjafjörð, Skeifuna, Hekklureit, Kringluna og í og við samgöngu og þróunarás borgarinnar sem liggur eftir Laugavegi, Suðurlandsbraut yfir Elliðaárósa upp Stórhöfða og í átt að Keldum. Einnig verður unnið í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á sex lóðum og löndum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða í umráðum ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa á árinu 2018 og er áætlað að upplýsingaritið Borgarsýn komi út fjórum sinnum á árinu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi á sviði skipulagsmála. Að auki mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formleg umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisskipulags. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO9001 er einnig á dagskrá embættisins.

Byggingarfulltrúi

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta eftir föngum þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf til hönnuða og annarra viðskiptavina embættisins. Átaksverkefni um bættu innheimtu fasteignagjalda, sem felst í því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, skoða óleyfisframkvæmdir og tryggja rétta flokkun fasteigna með tilliti til gistipjónustu mun halda áfram á árinu, en í þeirri vinnu hefur m.a. eflt skilmálaeftirlit sannað gildi sitt auk þess sem það veitir góð ráð og aðstoðar vegna athugasemda og ábendinga almennings. Undirbúningur vegna skönnunar sérteikninga er hafinn og er áætlað að sú vinna taki tvö til þrjú ár. Aðkallandi er að hefja að nýju skráningu dagbóka/fundargerðarbóka embættis byggingarfulltrúa á tölvutækt form, en þessi sögulegu gögn liggja undir skemmdum.

Samgöngur og borgarhönnun

Á árinu 2018 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar. Endurhönnun göturýmis og torga í miðborginni, göngugötur og torg í biðstöðu verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar. Sérstök áhersla verður lögð á gólfíð í Kvosinni og umhverfi Hlemms. Í samræmi við hjóleiðaáætlun verða lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík fjölgað, sjálfvirkum hjólateljorum verður fjölgað og áhersla lögð á „mjúkar“ aðgerðir til að fjölga þeim sem nýta reiðhjól sem samgöngutæki.

Forgangur Strætó í borginni verður aukinn með framkvæmdum við forgangsakreinar. Áfram verður unnið að bættum umferðarljósastýringum og forgangi neyðarumferðar og strætisvagna á ljósastýrðum gatnamótum. Árið 2018 verður lokið við að setja upp snjallbúnað í umferðarljós sem veitir strætisvögnum forgang á bæði Miklubraut og Bústaðavegi í heild sinni. Stefnt er að átaki í endurnýjun og fjölgun strætóskýla með útboði. Áfram verður unnið að undirbúningi samgöngumiðstöðvar á U-reit (BSÍ), og stefnt er að skipulagssamkeppni og útisvæði við skiptistöðina í Mjódd verða tekin til endurskoðunar. Í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verður áfram unnið að skipulagi Borgarlínunnar, nýs hágæðakerfis almenningssamgangna. Unnar verða frekari tillögur að útfærslu og uppbyggingu á þróunars Reykjavíkur þar sem Borgarlínan verður hryggjarstykkid.

Í samvinnu við Vegagerðina verður unnið að deiliskipulagi fyrir þjóðveg 1 á Kjalarnesi, úrbótum á umferðarflæði á stofnvegum innan borgarinnar í samræmi við nýja ástandsgreiningu og fleiri verkefnum. Tillaga að nýrri umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík verður lögð fram, í umferðaröryggisframkvæmdum verður lögð áhersla á að bæta öryggi á gönguleiðum skólakarna og á þekktum vástöðum.

Stutt verður við aðgerðir sem hraða rafbílavæðingu, hleðslustöðvum fjölgað áfram og stefna um næstu skref mótuð. Bílastæðum í borgarlandi verður úthlutað til deilibíla leiga sem þess óska til að stuðla að fjölbreyttari samgöngumöguleikum og til að auðvelda borgarbúum að nýta sér aðra ferðamáta en einkabíl. Styrkir til úrbóta í hljóðvistarmálum eru til meðferðar og unnið að hönnun hljóðvarna við stærstu umferðaræðar.

Unnin verður stefnumótun í bílastæðamálum borgarinnar þar sem lagðar verða línur um fjölgun gjaldskyldra stæða og endurskoðun á bílastæðagjöldum. Hluti af stefnumótuninni verður endurskoðun á kröfum og viðmiðum um fjölda bílastæða í nýrri og eldri byggð.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Á árinu 2017 var lokið við greiningu á Grasagarðinum og Vinnuskólanum og hafin greining á samgöngumálum annars vegar og úrgangsmálum, sorphirðu og sorpeyðingu hins vegar. Í meðfylgjandi töflu er að finna þau verkefni sem áætlað er að greina á árunum 2017 og 2018 og tillögu fulltrúa í stýrihópi KFS að uppfærðum tímaramma áætlunarinnar og aðferð við greiningar. Við greiningar er fylgt tvenns konar verklagi. Beitt er jafnréttismats-aðferð sem felur í sér grunngreiningu á þjónustubáttum sem ólíklegir eru til að hafa viðamiklar kynjaðar viddir. Fjármálastjóri USK og fulltrúi stýrihóps KFS á sviðinu hitta viðkomandi stjórnendur og gera greiningu sem er áþekk þeim jafnréttismats greiningum sem beitt hefur verið við ný verkefni sem sett eru fram við fjárhagsáætlunargerð. Komi í ljós við greiningu við jafnréttismatsaðferð að þörf sé á ítarlegri greiningu, eða ef ástæða er til að ætla við upphaf greiningar að þjónustubátturinn hafi kynjaðar hliðar sem skoða ætti sérstaklega, þá er beitt djúpgreiningaraðferð og stofnaðir starfshópar skipaðir starfsfólki sem vinnur á sviði þjónustubáttarins, auk fulltrúa stýrihóps KFS. Starfshópurinn vinnur svo greininguna. Afurðir þessarar vinnu eru skýrslur um niðurstöður greininga fyrir hvern þjónustubátt og tillögur að aðgerðum ef það á við, sem svo eru kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði. Áætlað er að lokið verði við KFS-greiningu þjónustubátta USK á árinu 2018.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2016-2018	Ábyrgðaraðili	Greiningar- tímabil (frá - til)	Aðferð*
Samgöngumál	Sviðsstjóri USK	Febrúar - desember 2017	Jafnréttismats-aðferð
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	Sviðsstjóri USK	Febrúar - desember 2017	Djúpgreining
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri USK	Janúar - apríl 2018	Jafnréttismats-aðferð
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri USK	Janúar - apríl 2018	Jafnréttismats-aðferð
Rekstur þjónustumiðstöðvar, garðyrkjustöðva og hverfastöðva	Sviðsstjóri USK	Apríl - september 2018	Djúpgreining
Rekstur og viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri USK	Apríl - september 2018	Jafnréttismats-aðferð

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2014	2015	2016	Útk.spá 2017	Áætlun 2018
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur					
Útgefin starfsleyfi	485	455	610	550	550
Tóbakssöluleyfi	57	55	24	30	30
Skráðir hundar	2.540	2.550	2.400	2.450	2.500
Fjöldi eftirlitsferða (- hundaftirlit)	3.227	3.227	3.242	4.500	4.000
Fjöldi kvartana (- hundaftirlit)	493	500	811	850	850
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	8	9	9	12	0
Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna)	2%	0%	0%	0%	0%
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	21,50%	5,20%	15,50%	13%	0%
Náttúra og garðar					
Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði	5.600	5.496	5.209	5.100	5.200
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	3.500	2.273	2.368	2.500	2.500
Nemendur í Vinnuskólanum	1.577	1.425	1.174	1.041 (raun)	1.034
Sorphirða við heimili					
Fjöldi íláta, blandaður úrgangur (tunnuígildi)	34.444	32.647	33.413	33.750	34.500
Blandaður úrgangur (tonn)	18.085	18.402	17.593	18.000	18.400
Magn blandaðs úrgangs á íbúa (kg/íbúa)	149	151	144	149	150
Fjöldi blárra tunna (stk)	12.510	12.608	13.788	14.500	15.200
Pappír- og pappi í bláar tunnur (tonn)	3.300	3.267	3.461	3.200	3.400
Fjöldi grænna tunna (stk)	N/A	2.000	2.610	3.500	4.500
Plast í grænar tunnur (tonn)	N/A	50	143	250	320
Grenndarstöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	57	57	57	57
Pappír og pappi skilað á grenndarstöðvar (tonn)	1.000	1.200	900	1.040	1.200
Plast skilað á grenndarstöðvar (tonn)	70	100	104	120	130
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	N/A	8	28	75	100
Endurvinnslustöðvar					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu	6	6	6	6	6
Mótttekið magn úrgangs (tonn)	35.000	36.000	45.149	48.000	52.000
Samgönguskrifstofa					
Umferðaróhöpp með meiðslum	266	258	276	262	249
Fjöldi umferðarljósa	125	124	122	122	122
Fjöldi gangbrautarljósa	35	35	36	38	38
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	33	35	37	37	39
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km)	30	35	22	48	51
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	781	783	788	790	787

	2014	2015	2016	Útk.spá 2017	Áætlun 2018
Skipulagsmál					
Fjöldi kærðra mála	45	45	46	40	40
Fjöldi efnisúrskurða/ þar af vegna ársins	18/4	22/7	28/21	25/20	14/5
Frávísuð og staðfest mál	4	5	26	23	12
Ákvarðanir felldar úr gildi	0	2	2	2	2
Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs	1.048	1.207	1.224	1.200	1.200
Skipulagsfulltrúi					
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	1.848	1.988	2.101	2.100	2.100
Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda	98	94	103	115	115
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	132/54	120/50	172/32	165/35	165/35
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	530.661	911.749	719.694	800.000	900.000
Byggðir m3 (lokið við)	275.214	451.244	1.183.848	700.000	800.000
Samþykktir m2	135.930 (86.807 íbúarh.)	235.055 (150.715 íbúðarh.)	187.755	200.000	250.000
Byggðir m2 (lokið við)	52.556 (38.709 íbúðarh.)	90.949 (26.799 íbúðarh.)	264.774	200.000	220.000
Fullgerðar íbúðir	271	388	399	500	700
Hafin smíði nýrra íbúða	597	926	922	900	950
Fjöldi úttekta	3.843	5.000	4.168	4.000	4.000
Yfirferð uppdráttar	27.397	27.500	28.246	28.000	28.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	277/233	298/211	272/179	300/200	300/200
Móttækin og afgreidd bréf vegna erinda	15.508	18.148	16.706	17.000	17.000
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	3.392	3.352	3.164	3.200	3.200
Rekstur og umhirða					
Bekkir	1.508	1.160	1.172	1.174	1.175
Stampar	1.514	1.514	1.414	1.417	1.420
Sláttur - flatarmál (m2)	4.856.030	4.762.287	4.680.877	4.674.963	4.675.000
Sláttur – fjöldi sláttusvæða	9.850	-	9.698	9.707	9.700
Hitakerfi - flatarmál (m2)	238.480	245.123	250.467	250.467	250.500
Ljósastaurar	22.972	21.934	22.086	22.079	22.100
Vetrarþ. gatna. ökulengd (km)	1.028	965	965	968	970
Vetrarþ. gönguleiða (km)	773	798	809	812	815
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	5.311.595	6.553.778	6.585.326	6.583.099	6.583.000
Útgefin afnotaleyfi	820	804	877	1.010	1.000

VELFERÐARSVIÐ

LEIÐARLIJÓÐ:

Virðing – virkni – velferð

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Þjónustutekjur	1.993.912	2.028.411	2.049.332
Tekjur v. verkefna frá ríki	3.937.867	2.146.532	2.744.579
Tekjur samtals	5.931.778	4.174.943	4.793.911
Laun og launatengd gjöld	13.296.994	14.090.526	14.681.814
Annar rekstrarkostnaður	13.208.386	11.881.607	12.617.824
Rekstrargjöld samtals	26.505.380	25.972.133	27.299.638
Rekstrarniðurstaða	20.573.602	21.797.190	22.505.727


STARFSFÓLK

	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018
Fjöldi starfsmanna	2.482	2.562	2.562
Fjöldi stöðugilda	1.563	1.624	1.624
Skrifstofur (þ.m.t. þjónustumiðst.)	301	296	296
Búsetuúrræði	549	585	585
Félagsmiðstöðvar	60	58	58
Dagþjónusta	60	61	61
Heimþjónusta og heimahjúkrun	342	357	357
Hjúkrunarheimili	115	122	122
Þjónustuíbúðir	55	58	58
Stuðningsfjölsk., stuðningsþjónusta og frekari liðveisla	49	52	52
Ýmis úrræði	32	35	35


HLUTVERK

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs. Sviðið ber ábyrgð á áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum. Einnig mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu sviðsins. Dagleg framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem félagsmiðstöðvar, búsetuúrræði, skammtímaheimili og dagþjónustuúrræði. Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, málefni aldraðra, sérfræðiþjónusta skóla, málefni fatlaðs fólks, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, ferðarþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf.

SKIPURIT




MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS



Fjárhagsáætlun ársins 2018 fyrir málaflökk fatlaðs fólks er 9,6 mkr. Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda málaflökksins á milli þjónustumiðstöðva og skrifstofu velferðarsviðs. Þjónusta allra skammtímaheimila fellur undir þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Eins og áður hefur komið fram fellur samningur við styrktarfélagið Ás undir skrifstofu velferðarsviðs ásamt þróunarverkefni þriggja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk (K3). Tekjur vegna málaflökksins eru færðar miðlægt með öðrum skatttekjum.

Viðbætur í ramma sviðsins vegna málaflökks fatlaðs fólks voru vegna einstaklingsbundinna þjónustuáætlana, uppbyggingaráætlunar í húsnæðismálum, tilraunaverkefninu *Frá barni til fullorðins* ásamt fjármögnun fyrir niðurlagningu herbergjasambýla sviðsins. Gert er ráð fyrir opnun þriggja nýrra íbúðakjarna á árinu 2018 til viðbótar við fyrri samþykktir í áfangaskiptri fimm ára uppbyggingaráætlun.


FJÁRHAGSAÐSTOÐ



Útgjöld til fjárhagsaðstoðar eru bundinn liður. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir því að heildarútgjöld verði tæpir 2 mkr sem er lækkun um nærri 500 mkr á milli ára. Þá tekur áætlun 2018 mið af fækkun notenda framfærslustyrks á árinu, en endurskoðuð áætlun ársins 2017 gerir ráð fyrir að notendur verði 2.578 á árinu. Áfram er gert ráð fyrir fækkun notenda þó svo að eitthvað hægi á og gera spár ráð fyrir að þeim fækki um tæplega 200 á milli ára og verði 2.400 á árinu 2018.

Mynd 5 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda fjárhagsaðstoðar. Áætlunin gerir ráð fyrir að framfærslustyrkur vegi um 75% alls fjármagns vegna fjárhagsaðstoðar velferðarsviðs á árinu 2018, þó svo að útgjöld vegna framfærslustyrks lækki um tæpar 400 mkr á milli ára. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar vega um 19% og aðrar heimildargreiðslur um 6%.

SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR



Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016 tóku gildi þann 1. janúar 2017 en samhliða þeirri gildistöku færðist afgreiðsla almennra húsaleigubóta til ríkisins í formi húsnæðisbóta en sérstakar húsaleigubætur urðu eftir hjá sveitarfélögunum í formi sérstaks húsnæðisstuðnings. Útgjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings er bundinn liður. Fjárhagsáætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings verði um 1.018 mkr. Sérstakur húsnæðisstuðningur skiptist á milli leigjenda á almennum markaði annars vegar og leigjenda félagslegra íbúða hins vegar. Mynd 6 sýnir hlutfallsskiptingu þessara tveggja hópa ásamt framlagi til Félagsbústaða. Áætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir að um 56% fjármagnsins fari til leigjenda félagslegra íbúða, um 40% til leigjenda á almennum markaði og að um 4% verði framlag til Félagsbústaða. Áætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir yfir 2.800 notendum að jafnaði á mánuði.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Velferðarráð hefur samþykkt að lykilatriði í starfi velferðarsviðs séu virkni og vellíðan, frumkvæði og sköpunarkraftur, samskiptun og samfélagsleg ábyrgð. Áherslumál eru húsnæðismál, rafvæðing þjónustunnar, heilsuefling í hverfum, sjálfstætt líf fatlaðra, velferðartækni og innihaldsrík ráðgjöf við þá sem leita eftir velferðarþjónustu.

Á árinu 2018 verður lögð áhersla á húsnæðismál og innleiðingu á rafrænni þjónustu velferðarsviðs. Borgarstjórn samþykkti húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar þann 6. júní 2017 en í henni er gert ráð fyrir að Félagsbústaðir eignist yfir 600 íbúðir á árunum 2017 til 2021, til viðbótar við fjölgun um 203 íbúðir á árunum 2015–2016. Félagslegum íbúðum verður fjölgað með kaupum á íbúðum á markaði og í nýbyggingum.

Borgarráð samþykkti í júní 2016 að setja á stofn rafræna þjónustumiðstöð og verða umsóknir um þjónustu velferðarsviðs, svo sem heimsendingu matar, akstursþjónustu og fjárhagsaðstoð settar í forgang. Farið verður markvisst yfir verkferla og þeir endurskoðaðir samhliða innleiðingu á rafrænni þjónustu. Horft verður á möguleika velferðartækni við þróun á þjónustu við aldraða.

Áfram verður unnið að forvörnum og heilsueflingu með framtíð barna og ungmenna að leiðarljósi en í dag hafa þrjár þjónustumiðstöðvar tekið forystu í lýðheilsuverkefnum hverfanna. Leggja þarf áherslu á þjónustu við einstaklinga sem komið hafa hingað til lands, hælisleitendur og flóttafólk og finna leiðir til að efla og samræma þjónustu við þann hóp. Notendasamráð og notendastýring skulu almennt höfð að leiðarljósi við veitingu þjónustu sviðsins.

Í fjárfestingaáætlun fyrir velferðarsvið 2018 er gert ráð fyrir fjármagni við endurbætur á húsnæði fyrir þjónustumiðstöð Breiðholts, skammtímavistun og búsetuúrræði fyrir fötluð börn og ungmenni með þroska- og geðraskanir.

Viðræðum við ríkið um fjármögnun á þeim verkefnum sem skarast vegna velferðarmála, sbr. Grábók Sambands íslenskra sveitarfélaga, verður haldið áfram. Ljóst er að um leið og velferðarsvið þarf að sýna verulegt og stöðugt aðhald í rekstri á árinu 2018 verður það viðvarandi áskorun að viðhalda því þjónustustigi sem byggt hefur verið upp.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2018 byggir á frumvarpi 2017, verðbótum á annan rekstrarkostnað, kjarasamnings- og gjaldskrárhækkunum. Verðbólguþá er 2,7%. Viðbætur í ramma sviðsins vegna nýrra og áframhaldandi verkefna voru um 580 mkr. Viðbætur í ramma vegna uppbyggingaráætlunar fengust vegna þriggja nýrra búsetuúrræða þ.e. Austurbrúnar, Kambavaðs og Smiðjuholts, samtals 260,8 mkr. Fjármagn vegna vinnumiðaðrar stoðþjónustu fyrir fatlað fólk, alls átta rými um 53 mkr og tvö stöðugildi vegna einstaklingsbundinna þjónustuáætlana um 20 mkr. Fjárheimild vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks var lækkuð um 74 mkr á árinu 2016 á þeirri forsendu að hagræðing í rekstri Strætó myndi aukast þegar komin væri reynsla og þekking á nýju kerfi. Sú hagræðing hefur ekki gengið eftir og því var fjárheimild sviðsins aukin um 79,6 mkr. Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur hafa ekki hækkað í takt við barnalífeyri TR og fengust um 68 mkr til að mæta þeim. Fjármagn var aukið um 66 mkr til heimaþjónustu vegna fjölgunar aldraðra, PMTO foreldraþjálfun fékk hækkun um 7 mkr og Bataskólinn sem er nýtt úrræði fékk 15 mkr. Gert er ráð fyrir 12 mkr í að hefja vinnu við lagfæringar á herbergjasambýlum. Sett var 71 mkr. í tilraunaverkefnið *Frá barni til fullorðins* og 28 mkr í verkefnið *Endurhæfing í heimahúsum*. Breyting var gerð á fjárhagsáætlun vegna úrræða fyrir börn með þroska- og geðraskanir og á móti gjöldum voru settar áætlaðar tekjur frá ríkinu. Enn ríkir þó ákveðin óvissa um upphæðina þar sem Jöfnunarsjóður afgreiðir umsóknir í lok hvers árs og leggur mat á hvert mál fyrir sig.

Húsnæðismál

Félagsbústaðir hf. voru stofnaðir þann 8. apríl 1997 og var megintilgangur fyrirtækisins að skilja að rekstur félagslegra leiguíbúða Reykjavíkurborgar frá öðrum rekstri borgarinnar og bæta fjármálalega og faglega umsýslu rekstrarins. Velferðarsvið annast úthlutun íbúða á vegum Félagsbústaða, sem leigðar eru út til tekjulágra einstaklinga og fjölskyldna sem

uppfylla skilyrði um leigurétt í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði. Í árslok 2016 áttu Félagsbústaðir hf. alls 2.438 íbúðir, þar af 1.926 almennar félagslegar leiguíbúðir. Borgarstjórn hefur samþykkt að fjölga félagslegum leiguíbúðum um 600 til ársins 2021 og verður það gert með kaupum á markaði og nýbyggingum m.a. í samvinnu við húsnæðisfélögin Bjarg og Búseta. Uppfærð áfangaskipt uppbyggingaráætlun í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk fyrir árin 2018–2030 var samþykkt í borgarráði þann 24. ágúst 2017 til að bregðast við biðlistum og brýnni þörf á úrlausnum í húsnæðismálum. Gert er ráð fyrir opnun þriggja nýrra íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á árinu 2018, að Austurbrún, Kambavaði og Smiðjuholti. Alls er gert ráð fyrir fjölgun um 170 íbúðir fyrir fatlaða. Borgarráð samþykkti einnig að heimila skrifstofu eigna og atvinnu kaup og/eða framleigu á húsnæði til að mæta þörfum þeirra sem eru í hvað mestri neyð og eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Sérstök áhersla verður á barnafólk.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016 tóku gildi þann 1. janúar 2017 en samhliða þeirri gildistöku færðist afgreiðsla almennra húsaleigubóta til ríkisins í formi húsnæðisbóta en sérstakar húsaleigubætur urðu eftir hjá sveitarfélögunum í formi sérstaks húsnæðisstuðnings. Á árinu 2017 urðu breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning þannig að tekjumörk voru hækkuð, greitt var hærra hlutfall af húsnæðisbótum í formi sérstaks húsnæðisstuðnings, samanlagt hámark húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings var hækkað en jafnframt var sett lágmark á kostnaðarhlutdeild leigjenda þ.e. húsaleigu að frádregnum húsnæðisstuðningi. Áætlun ársins 2018 tekur mið af þessum breytingum og gerir ráð fyrir yfir 2.800 notendum að jafnaði á mánuði.

Málefni fatlaðs fólks

Nú liggur fyrir frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir sem mun fela í sér umtalsverðar viðbætur á þjónustu, svo sem notendastýrða persónulega aðstoð, NPA, verði það að lögum. Á þeim sex árum sem eru frá því að þjónustan var flutt frá ríki til sveitarfélaga hefur kostnaður vegna þjónustunnar aukist stöðugt enda þjónustukröfur aukist á margan hátt án þess að fjárframlög hafi fylgt. Velferðarsvið hefur gagnrýnt rýrt kostnaðarmat á áhrifum frumvarpsins og telur að án skýrrar fjármögnunar af hálfu ríkisins sé ljóst að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna frumvarpsins gæti orðið umtalsverður.

Eins og kom fram hér að framan munu þrjú ný sértæk búsetuúrræði verða opnuð á árinu 2018. Tíu ára áætlun um niðurlagningu herbergjasambýla var lögð fram í velferðarráði þann 17. ágúst 2017. Vinna samkvæmt áætluninni hefst í september 2017 og mun hún verða unnin í nánú samstarfi við íbúa á herbergjasambýlum, aðstandendur þeirra, starfsfólk og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Um mitt ár 2018 munu lokatillögur vegna niðurlagningar herbergjasambýla liggja fyrir ásamt kostnaðarmati sem taka þarf tillit til í 5 ára áætlun.

Mikil þörf er á endurnýjun og breytingum á hluta þess sértæka húsnæðis sem Reykjavíkurborg rekur með hliðsjón af fötlun íbúa. Með vísan í viljayfirlýsingu frá 6. júlí 2017 um framlag úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks eru áætlaðar 50 mkr í heildina til nauðsynlegra endurbóta á eldra íbúðarhúsnæði. Velferðarsvið mun gera kröfu um stóran hlut þessa fjármagns. Kostnaðarmetin áætlun sviðsins mun liggja fyrir í byrjun árs 2018.

Áframhald verður á viðræðum við ríkið vegna barna með þroska- og geðraskanir en mikilvægt er að velferðarráðuneytið axli ábyrgð á þeim kostnaði sem hvílt hefur til þessa á velferðarsviði, meðal annars með vistun barna í Vinakoti.

Málefni aldraðra

Aldraðir eru ört stækkandi þjóðfélagshópur á Íslandi og því fer þeim fjölgandi sem þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands um þróun mannfjölda á Íslandi á árunum 2018–2022 er gert ráð fyrir að öldruðum á Íslandi fjölgi um rúmlega 14% á þessum árum. Sé miðað við sömu fjölgun aldraðra í Reykjavík yfir þetta tímabil, mun þeim sem nýta sér heimaþjónustu fjölga um rúmlega 100 að meðaltali á ári. Því verður sífellt mikilvægara að geta verið með snemmtæka íhlutun og veita öldruðum stuðning til að viðhalda færni sinni þannig að þeir geti búið heima sem lengst. Fjárhemild sviðsins var augin um 66 mkr til að mæta þessu. Gert var ráð fyrir stofnun leiðandi endurhæfingarteyma í þremur áföngum. Fyrsti

áfangi sneri að ráðningu verkefnisstjóra á árinu 2017, annar áfangi er stofnun leiðandi endurhæfingarteymis í heimaþjónustu í Efri byggð á árinu 2018 og þriðji áfangi er stofnun leiðandi endurhæfingarteyma í Vesturbyggð og Miðbyggð á árinu 2019. Með því að koma á fót endurhæfingu í heimaþjónustu er hægt að koma til móts við vaxandi þörf á langtíma umönnun og þannig minnka eftirspurn til framtíðar eftir dýrum úrræðum eins og hjúkrunarrýmum. Á árinu 2017 var hafinn undirbúningur við stofnun endurhæfingarteymis í efri byggð þ.e. Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi og Kjalarnesi. Kostnaður vegna teymisins er metinn um 49,4 mkr á ári en kostnaðarhlutdeild ríkisins er áætluð um 21 mkr. Nettó kostnaður er því um 28,4 mkr fyrir árið 2018. Brýnt er að heimaþjónustan verði áfram þróuð í þá átt sem bætir lífsgæði og styður við búsetu í heimahúsum sem lengst.

Velferðartækni

Þróun nýrra tæknilausna er mikilvægur þáttur til að efla þjónustu hjá sviðinu. Nýting hjálpartækja s.s. snjallsíma og ýmiskonar smáforrita geta í senn bætt aðgengi að þjónustu auk þess að mæta skorti á starfsmönnum í umönnunarstörfum. Samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2017 að vísa tillögu um 100 mkr aukafjárveitingu vegna velferðartækni á árinu 2018 til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Á árinu 2018 yrði velferðartæknismiðju komið á laggirnar þar sem unnið yrði að þarfagreiningu sviðs fyrir tæknilausnir og frumkvöðlum og fyrirtækjum veittur möguleiki á að prófa vöru sína og þjónustu. Fjármagn yrði þannig nýtt til þess að kosta stöðugildi sérhæfðs starfsfólks, s.s. iðjupjálfa og hugbúnaðarverkfræðings, til að kaupa tæki og til að tryggja netaðgang á öllum starfsstöðvum velferðarsviðs.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð samanstendur af framfærslustyrk og heimildargreiðslum. Markviss vinna með viðtakendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu og jákvæð þróun á ytra umhverfi hefur skilað góðum árangri með fækkun notenda og standa vonir til að sú þróun haldi áfram en sá hópur sem eftir situr hefur þó mikla þjónustubörf. Sem dæmi um þá sem enn fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eru einstaklingar með skerta starfsgetu vegna langvarandi atvinnuleysis eða sjúkdóma og háskólamenntaðir sem fá ekki starf við hæfi. Auk þess hefur þjónusta við einstaklinga með erlent ríkisfang aukist til muna. Á árinu 2018 verður áfram unnið að því að auka gæði þjónustunnar sem felst meðal annars í því að samþætta og samræma vinnulag á þjónustumiðstöðvunum með megináherslu á að beita einstaklingsmiðaðri nálgun. Fjárhagsáætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir því að notendum fækki að meðaltali um 15% á milli ára. Með fækkun viðtakenda fjárhagsaðstoðar til framfærslu er jafnframt gert ráð fyrir lækkun útgjalda til heimildargreiðslna og meðal annars vegna framfærslu vegna náms. Á árinu verður lögð áhersla á að greina ferla vegna veitingar fjárhagsaðstoðar með það að markmiði að gera þá rafræna. Sú vinna verði unnin í nánu samráði við starfsfólk þjónustumiðstöðva með þjónustustefnu og notendasamráð að leiðarljósi.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) á árinu 2011. KFS tekur mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og er núverandi staða kynjanna greind og lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna.

Velferðarsvið hefur tekið þátt í þeirri innleiðingu frá upphafi og samkvæmt innleiðingaráætlun mun rýningu allra þjónustubátta verða lokið árið 2018. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar taka mið af aðferðarfræði KFS.

Unnin hafa verið tilraunaverkefni tengd félagsstarfi aldraðra og málefnum utangarðsfólks en auk þess hafa þjónustubættirnir fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónusta, dagþjónusta, búsetuúrræði og samningar, framlög og styrkir verið greindir. Næstu verkefni snúa að heimahjúkrun, heimaþjónustu og hjúkrunarheimilunum. Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Stýrihópur um innleiðingu KFS mun ákveða næstu skref í innleiðingarferli Reykjavíkurborgar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Útksp. 2017	Áætlun 2018
Fjárhagsaðstoð					
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar ¹⁾	3.002.087	2.867.710	2.240.601	2.445.133	1.974.066
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	2.362.907	2.218.785	1.708.840	1.830.251	1.462.563
Framfærsla vegna náms	273.533	268.365	199.858	228.464	157.628
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni	365.647	380.561	331.903	386.417	353.875
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	4.088	3.677	3.036	2.578	2.400
Húsaleigubætur					
Heildarupphæð	2.099.730	2.000.273	1.869.511	-	-
Hlutur Reykjavíkurborgar	671.833	654.061	633.428	-	-
Fjöldi heimila	8.846	8.548	8.037	-	-
Sérstakar húsaleigubætur/húsnæðisst. á alm. markaði					
Heildarupphæð	342.179	348.845	319.436	341.376	404.408
Hlutur Reykjavíkurborgar	136.733	140.699	126.841	341.376	404.408
Fjöldi heimila	1.313	1.291	1.201	1.100	1.100
Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða					
Fjöldi úthlutana	128	126	165	232	
Fjöldi á biðlista í árslok	827	723	893	900	700
Fjöldi íbúða	1.817	1.901	1.926		
Sérst. húsal.bætur/húsnæðisst. v/íbúða Félagsbústaða – upphæð	646.862	654.401	651.243	515.317	571.383
Hlutur Reykjavíkurborgar	277.421	283.530	277.577	515.317	571.383
Þjónustuíbúðir					
Fjöldi úthlutana	83	83	89	60	65
Fjöldi á biðlista í árslok	221	190	172	170	165
Fjöldi íbúða	373	375	365	365	365
Hjúkrunarrými					
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82	82
Heildarkostnaður – Droplaugarstaðir	876.953	945.241	1.030.065	1.106.078	1.135.320
Meðalkostnaður á notað rými á dag	29	32	34	37	38
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	53	26	26	27	28
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20	20
Heildarkostnaður – Seljahlíð hjúkrunardeild	289.737	332.423	340.131	297.121	261.949
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	40	46	47	41	36
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	24	25	28	28	28
Heimaþjónusta ²⁾					
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld)	1.703.657	1.806.087	1.844.890	1.992.750	2.108.642
Þar af heildarkostnaður kvöld- og helgarþjónusta	244.508	271.321	295.649	308.719	313.656
Félagsleg heimaþjónusta – fjöldi heimila	3.725	3.745	3.674	3.700	3.700
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.223.913	1.305.400	1.387.381	1.346.343	1.393.152
Heimahjúkrun – fjöldi notenda	2.348	2.387	2.379	2.300	2.300
Stuðningsþjónusta (Liðveisla og tilsjón/persónul. ráðgj.)					
Heildarkostnaður	370.458	437.657	470.298	506.525	528.523
Fjöldi notenda	654	747	649	688	750

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Útksp. 2017	Áætlun 2018
Þjónusta við fatlað fólk					
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk – heildarkostnaður	146.541	163.316	171.838	195.233	193.922
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – heildarkostnaður	73.961	73.974	78.459	147.045	148.870
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – fjöldi barna	220	210	173	185	200
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – heildarkostnaður	222.795	237.845	278.392	287.886	299.773
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk – heildarkostnaður	261.341	293.382	345.244	354.083	367.594
Búsetuúrræði – heildarkostnaður	4.563.959	4.340.596	4.924.733	5.464.820	6.006.464
Matarþjónusta					
Fjöldi notenda með heimsendan mat	920	960	924	900	900
Fjöldi heimsendra máltíða	106.634	108.551	108.390	100.822	106.278
Þjónusta við börn					
Fjöldi barnaverndartilkynninga	4.003	3.948	4.119	4.300	4.300
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	128.997	168.672	200.393	197.820	206.659
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	119	126	143	140	140
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	86.293	119.567	111.322	110.440	111.629
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	87	100	93	90	90
Heildarkostnaður – stuðningsfjölskyldur	19.152	20.406	27.281	49.161	50.489
Fjöldi barna – stuðningsfjölskyldur	89	91	99	131	140

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar uppl. eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v. erlendra ríkisborgara.

2) Seljahlið meðtalin.

SKORKORT 2018

Velgengnisþættir		Mælikvarðar	Raun 2016	Útksp. 2017	Áætlun 2018
Þjónusta					
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur		17%	17%	16%
	Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk á sl. 12 mánuðum		5,8	5,7	5,5
	Hlutfall barnafólks sem fær framfærslustyrk og aðstoð skv. gr. 16. a		53%	46%	50%
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð og gera samkomulag um félagslega ráðgjöf		46%	39%	45%
	Hlutfall þátttakenda í endurhæfingarúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar sem ekki eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift		67%	83%	80%
	Hlutfall umsækjanda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði		11%	10%	10%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þrif		36%	36%	37%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu		15%	15%	16%
Fjármál					
	Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda		100%	107%	100%
	Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda		103%	108%	100%
	Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhagsviðmiða		102%	105%	100%
Verklag					
	Hlutfall mála sem skotið er til áfrýjunarnefndar velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga		70%	75%	80%
	Fjöldi útgefinna gæðaskjala í gæðahandbók		24	60	60
	Fjöldi M.A.-nema í starfsþjálfun eða með samkomulag við velferðarsvið um gerð lokaverkefnis		52	56	54
Mannauður					
	Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtt í starfi		83%*	85%	90%
	Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli		87%*	90%	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum		66%*	70%	75%
	Hlutfall stm. sem hafa farið í starfsþróunarsamtal á sl. 12–15 mánuðum		43%*	60%	75%
	Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		84%*	90%	90%
	Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf		83%*	85%	85%
	Vinnustaðurinn minn hefur góða ímynd		74%*	80%	85%
	Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum		84%*	85%	90%

* Niðurstöður úr viðhorfskönnun framkvæmd í mars 2017.

SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

Áætlun 2018	
Rekstrartekjur	1.752.944
Tekjur samtals	1.752.944
Laun og launatengd gjöld	3.031.814
Annar rekstrarkostnaður	2.142.479
Rekstrargjöld samtals	5.174.293
Rekstrarniðurstaða	3.421.348

STARFSFÓLK

2018	
Fjöldi ársverka	277,8
Eftir skrifstofum:	
Borgarlögmaður	9,0
Innri endurskoðandi	7,8
Fjármálaskrifstofan	91,0
Mannréttindaskrifstofa	7,6
Skrifst. borgarstj. og borgarr.	46,2
Skrifstofa borgarstjórnar	6,5
Skrifst. þjónustu og rekstrar	92,7
Skrifst. eigna. og atvinnuþr.	14,0
Umboðsmaður borgarbúa	3,0

SKIPURIT



HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Miðlægri stjórnsýslu ber einnig að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara, utan skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns og innri endurskoðunar.

Borgarritari hefur yfirumsjón með fjármálum, hagsmálum, innkaupamálum, mannauðsmálum, upplýsingamálum, upplýsingatæknimálum, mannréttindamálum, þjónustumálum og umsýslu eigna og atvinnuþróunar. Undir embætti borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, fjármálaskrifstofa, skrifstofa þjónustu og reksturs, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og mannréttindaskrifstofa.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Breytingar á stöðugildum 2018

Ársverkum fjölga í miðlægri stjórnsýslu um 16,5 stöðugildi. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

- Fjármálaskrifstofa: Árið 2017 var fjölgað um 3 stöðugildi í kjaradeild vegna innleiðingar á nýju mannauðs- og launakerfi SAP, þ.e. einn starfsmaður í kerfisstjórn og tveir launafulltrúar. Árið 2018 verður fjölgað um 4 stöðugildi til viðbótar á kjaradeild. Stöðugildi vinnuréttarlögfræðings flutt á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara: Fækkun um 4 stöðugildi sem færð eru á skrifstofu þjónustu og reksturs. Fjölgun um 1,2 stöðugildi. Stöðugildi vinnuréttarlögfræðings flutt frá fjármálaskrifstofu og stöðugildi á

Borgarskjalasafni hækkað um 0,2 stöðugildi. Árið 2018 verður fjölgað um 4 stöðugildi, 1 stöðugildi vegna áhættumats og verkefnastofu, 1 stöðugildi vegna innleiðingar SAP og 2 stöðugildi sem hagrætt var um 2016.

3. Skrifstofa borgarstjórnar: Fækkun um 2 stöðugildi sem flutt eru á umboðsmann borgarbúa.
4. Skrifstofa þjónustu og reksturs: Fjölgun um 3,1 stöðugildi vegna rafrænnar þjónustmiðstöðva. Fjölgun um 4 stöðugildi sem flutt er af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Á árinu 2018 verður fjölgað um 1,2 stöðugildi vegna húsvörslu í Ráðhúsi.
5. Umboðsmaður borgarbúa: Fjölgun um 1 stöðugildi. Fjölgun um 2 stöðugildi sem flutt er frá skrifstofu borgarstjórnar.

Fjárhagsáætlun 2018

Rekstur á miðlægum skrifstofum 2017 var áætlaður 3.078 þ.kr. Endurskoðuð áætlun 2017 er 3.193 þ.kr. Endurskoðuð fjárhagsáætlun á árinu 2017 hefur verið vegna innleiðingar á SAP launakerfi, stofnun Miðborgarstjóðs og kjarabreytinga.

Viðbótarfjármagn til miðlægrar skrifstofu í fjárhagsáætlun 2018 helgast helst af eftirfarandi:

1. Kostnaðarmats kjarasamninga 108 mkr.
2. Verðbætur vegna annars kostnaðar 34 mkr.
3. Rafrænnar þjónustumiðstöðvar 8 mkr.
4. Innleiðing á mannauðs- og launakerfi 23 mkr
5. Miðborgarsjóður 46 mkr.
6. Umboðsmaður borgarbúa 13 mkr.
7. Flutningur á Bilastæðasjóðs til USK, breyting á tekjum í heimild 18 mkr.
8. Aðgerðaáætlun og innleiðing á SAP 50 mkr.
9. Rekstur Ráðhúss 19 mkr.
10. Stöðugildi frá 201, innleiðing málustefnu, áhættumat og verkefnastofa 34 mkr.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur yfirumsjón með miðlægrri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra og borgarritara, annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innanlands og utan, annast skipulagningu viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið, sem og fjármálastjórnun í miðlægrri stjórnsýslu, þá eru íbúalýðræðismál, lýðheilsuáætlun og miðborgarmál vinstuð á skrifstofunni. Undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heyra upplýsingadeild, mannauðsdeild, tölfraði og greining og Borgarskjalasafn.

Upplýsingadeild heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir vef borgarinnar í samráði við fagsvið og skrifstofur. Þá heldur deildin úti öflugri samfélagsmiðlun fyrir borgina, m.a. á facebook, twitter og instagram. Deildin sér um uppfærslu á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is. Starfsfólk deildarinnar sér um fréttaskrif, útbýr fréttatilkynningar til útsendingar til fjölmiðla og svarar fjölmiðlafyrirspurnum þvert á borgarkerfið. Hún er ráðgefandi fyrir fagsvið og skrifstofur borgarinnar varðandi samskipti við fjölmiðla, innri miðlun, útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir. Þá heldur hún utan um fjölmargar fyrirspurnir sem berast frá erlendum fjölmiðlum og metur viðtalsbeiðnir til borgarstjóra erlendis frá.

Mannauðsdeild hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar. Hún leiðir stefnumótun í mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á samræmdri framkvæmd starfsmannastefnu. Deildin veitir ráðgjöf til borgaryfirvalda í mannauðs- og atvinnumálum. Deildin kemur að gerð kjarasamninga, ber ábyrgð á framkvæmd launasetningar, þar á meðal starfsmatsins, hefur umsjón með atvinnumálum og sameiginlegri fræðslu fyrir stjórnendur Reykjavíkurborgar. Deildin fer með mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi.

Tölfraði og greining ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga, þróun mælikvarða og samræmdri miðlun stefnu, gæða og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Undir deildina heyra verkefni um þróun stjórnendaupplýsinga og innleiðing stjórnendaupplýsingahugbúnaðar. Þá sinnir deildin þróun og uppfærslu á Reykjavík í tölum og verkefnum tengdum grænu hagkerfi.

Borgarskjalasafn mótar og setur reglur um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirihluta eign borginnar og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra. Safnið tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim. Brýnasta verkefnið framundan er að tryggja rafræna langtíma vörslu skjala.

Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð og stýrir vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, metur áhættur í rekstrarumhverfi A-hluta og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi, stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald og uppgjör, setur fram ársreikning A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu, greiðslu reikninga, utanumhald um innkaupakort, álagningu og innheimtu fasteignagjalda og eftirliti með almennt innheimtu. Fjármálaskrifstofa annast skil virðisaukaskatts og fjármagnstekjuskatts til ríkissjóðs. Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupamálum, ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkönnunum. Skrifstofan hefur eftirlit með innkaupum A-hluta. Þá hefur skrifstofan á hendi útreikninga og afgreiðslu launa og launatengdra gjalda, hefur eftirlit með launabróun og framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirvar þeirra mála gagnvart viðsemdum og aðilum vinnumarkaðar, auk þess að sinna ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með fjárhagsbókhaldskerfi, uppgjör- og skuldabréfakerfi og mannauðskerfi borgarinnar.

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu, þjónustu í framlínu og upplýsingatæknimálum borgarinnar. Skrifstofan heldur einnig utan um og samstillir verkefni sem snúa að snjallborginni Reykjavík. Skrifstofa þjónustu og reksturs skiptist í fjórar deildir: Rafræna þjónustumiðstöð, skjaladeild, upplýsingatæknideild og þjónustudeild.

Rafræn þjónustumiðstöð (RPM) tók formlega til starfa í byrjun árs 2017. Hlutverk RPM er að sinna innri og ytri rafrænni (e.digital) þjónustu og móta framtíðarstefnu Reykjavíkurborgar í rafrænum málum. RPM er ábyrg fyrir vefstefnu borgarinnar og vefstýringu á t.d. reykjavik.is og innri vef starfsfólks. Vefteymi Reykjavíkurborgar er hluti af Rafrænni þjónustumiðstöð. Eitt helsta markmið RPM er að færa þjónustu borgarinnar nær notendum og hjálpa starfsfólki að velja rafrænt sem fyrsta kost við framsetningu á gögnum og efni fyrir íbúa. RPM starfar þvert á svið og deildir Reykjavíkurborgar og er til ráðgjafar í alls konar starfrænum verkefnum. Í rafræna teyminu starfa 6 verkefnastjórar í fullu starfi sem allir hafa sitt sérsvið, RPM vinnur náið með verkefnastjórum Snjallborgarinnar ásamt því að vera í samstarfi við verktaka og fyrirtæki stór og smá.

Skjaladeild hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnsýslu og sviðsskrifstofa sem hafa aðsetur í Borgartúni 12 – 14. Þar er jafnframt ábyrgð á faglegri þróun hópvinnu- og skjalavistunarkerfisins GoPro hjá Reykjavíkurborg.

Upplýsingatæknideild ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja á sviði upplýsingatækni. Deildin er jafnframt ráðgefandi fyrir starfseiningar borgarinnar um tæknileg málefni og leggur vaxandi áherslu á faglega stýringu verkefna á sviði upplýsingatækni.

Þjónustudeild er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínubjónustu hjá borginni. Deildin annast rekstur þjónustuværs Reykjavíkurborgar og rekstur fjögurra stjórnsýsluhúsa borgarinnar. Þjónustuver Reykjavíkurborgar sinnir móttöku gesta og erinda á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, ásamt símsvörun, vöktun upplýsinganetfangs borgarinnar og úrvinnslu fyrir öll fagsvið og skrifstofur. Rekstur stjórnsýsluhúsa felur í sér ábyrgð á daglegum rekstri þeirra, starfsemi öryggis- og húsvarða ásamt rekstri mötuneyta í Ráðhúsi og Höfðatorgi.

Mannréttindaskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Skrifstofan vinnur með mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar

í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Öldungaráð Reykjavíkurborgar, Fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar, Ofbeldisvarnarnefnd og Ferlinefnd fatlaðs fólks.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar fer með málefni eignasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun, lánsfjáráætlun og fjárstýringu í samráði við fjármálaskrifstofu og fagsviðin. Hún gerir áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin og ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlunar eignasafns borgarinnar. Þá hefur skrifstofan það hlutverk að fylgja eftir atvinnustefnu Reykjavíkur, Skapandi borg, og vinna að atvinnuþróun, m.a. með samhæfingu skipulags, lóðaúthlutana, framkvæmda og fjárfestinga. Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög, einkum innan SSH, og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun. Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutunir í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Hún vinnur með aðilum sem tengjast nýsköpun, þróun og tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu hennar og fjölbreytileika.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Þá ber að nefna miðlægt utanumhald og umsýslu styrkumsókna Reykjavíkurborgar.

Borgarlögmaður fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málflutningur og önnur réttargæsla og ýmis samningagerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgarlögmaður ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitsgerðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra, fagsviða og stofnana Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðandi fer með innri endurskoðun innan A hluta samstæðu Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem sinnir og/eða hefur eftirlit með innri endurskoðun innan B hluta samstæðunnar í samræmi við stefnu borgarráðs og á grundvelli samkomulags við viðeigandi stjórnir dótturfélaga. Hlutverk hennar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar og fyrirtækja og stofnana hennar. Skrifstofan er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun, meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Meginviðfangsefni innri endurskoðunar er að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er undirnefnd borgarráðs og fer yfir og samþykkir starfsreglur innri endurskoðunar og innri endurskoðunaráætlun. Val og forgangsroðun verkefna er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð verkefnaáætlunar er tekið tillit til innleggs frá kjörnum fulltrúum, stjórnendum borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Umboðsmaður borgarbúa starfar á grundvelli samþykktar fyrir embættið og í umboði stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Umboðsmaður borgarbúa er að öllu leyti óháður fyrirmælum frá öðrum, þ.m.t. borgarstjórn, og nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. borgarstjóra. Tilgangurinn með stofnun embættis

umboðsmanns borgarbúa er að styrkja tengslin á milli borgarbúa og borgarkerfis og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í tengslum við stjórnsýsluframkvæmd og þjónustu Reykjavíkurborgar. Hlutverk umboðsmanns borgarbúa er að hafa eftirlit með stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar og tryggja rétt borgarbúa gagnvart Reykjavíkurborg. Umboðsmaður borgarbúa gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Umboðsmaður borgarbúa leiðbeinir einstaklingum, lögaðilum, hagsmunasamtökum og öðrum þeim er til hans leita og telja á sér brotið við meðferð mála hjá Reykjavíkurborg. Hann veitir ráðgjöf um endurupptökuheimildir og kæruleiðir. Umboðsmaður sinnir einnig almennum kvörtunum og ábendingum og rannsakar einstök mál með það að markmiði að tryggja rétt aðila gagnvart Reykjavíkurborg og innleiða umbætur í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Umboðsmaður býður og stýrir sáttamiðlun í einstökum málum. Umboðsmaður tekur mál til rannsóknar að eigin frumkvæði og tekur á móti, rannsakar og kemur á framfæri upplýsingum frá starfsmönnum, viðsemjendum Reykjavíkurborgar og öðrum um réttarbrot, vanrækslu eða mistök eða óeðlileg afskipti kjörinna fulltrúa af málum í stjórnsýslu og/eða þjónustu Reykjavíkurborgar. Þá stundar umboðsmaður fræðslu og veitir almenna ráðgjöf innan borgarkerfisins og utan.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Á síðustu árum hefur skrifstofan í auknum mæli tekið að sér utanumhald verkefna sem ganga þvert á borgarkerfið. Er það í samræmi við hlutverk hennar um að samhæfa og samræma vinnubrögð í stjórnsýslu og stoðþjónustu borgarinnar. Á árinu 2018 verður áfram lögð áhersla á innleiðingu aðferðafræði verkefnastjórnunar á skrifstofunni. Lögð verður aukin áhersla á gæðastarf á skrifstofunni til að tryggja markvissa vinnu við að bæta verklag, verkferla og innra starfsumhverfi skrifstofunnar. Þá verður lögð áhersla á virkt og gott samstarf við fagsvið og miðlæga stjórnsýslu á þeim sviðum sem skrifstofan starfar.

Alþjóðamál: Lögð er áhersla á samstarf skrifstofunnar við fagsvið á sviði alþjóðamála. Alþjóðafulltrúi leitast við að hafa frumkvæði og yfirsýn og þjóna sem tengiliður út á við. Unnið er að eflingu samráðs skrifstofunnar við fagsvið og aðrar skrifstofur. Reykjavíkurborg tekur þátt í ýmskonar alþjóðlegu samstarfi, tvíhliða og marghliða, og má þar helst nefna Evrópusamstarf, Norrænt samstarf og Vestnorrænt samstarf. Lögð er áhersla á lifandi samskipti og samstarf við systra-, vina- og samstarfsborgir víða um heim, fulltrúa erlendra ríkja, sem og alþjóðlegar og innlendar stofnanir.

Íbúasamráð og gagnsæi: Skrifstofan hefur umsjón með verkefnum sem snúa að íbúasamráði og íbúalýðræði. Áhersla verður lögð á áframhaldandi þróun þeirra með það að markmiði að auka gagnsæi og samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Unnið verður að nýjum samráðsverkefnum og samstarf við fagsvið, skrifstofur og hverfisráð eftir.

Lýðheilsumál: Lögð verður áhersla á að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsueflingu og aukinni lýðheilsu með áherslu á heilsueflandi samfélag, heilsueflandi hverfi, heilsueflandi skóla og aukinn jöfnuð. Til að tryggja samræmda vinnu í lýðheilsumálum, yfirsýn yfir málaflokkinn og þekkingarmiðlun á milli sviða verður samráðsvettvangur þeirra starfsmanna sem leiða verkefni á sviði lýðheilsu víðs vegar um borgarkerfið eflur með auknu samráði þvert á borgarkerfið. Unnið verður að birtingu lýðheilsuvísa fyrir Reykjavíkurborg og unnið með mælikvarða á árangur í lýðheilsumálum.

Stjórnendaupplýsingar: Áfram verður unnið að innleiðingu á stjórnendahugbúnaði sem hófst um mitt ár 2016 og er áætlað að muni taka allt að tvö ár. Miðað er við að fyrri hluta árs 2018 verði vinnu við mælaborð borgarstjóra lokið og við tekur vinna með fagsviðum sem snýr að starfsemi hvers svið.

Gagnamál: Í byrjun árs 2018 er áætlað að undirbúningur kortlagningar í gagnamálum verði kominn af stað og að unnt verði að hefja vinnu við undirbúning gagnastefnu.

Reykjavík í tölum: Unnið verður með fagsviðum að áframhaldandi endurskoðun á efnisflokkum á tölfræðivef Reykjavíkurborgar og stefnt er að því að stórauka möguleika á myndrænni framsetningu talnaefnis.

Græn hagstjórn: Unnið verður áfram með birtingu græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild á árinu 2018, í samvinnu við verkefnastjórn grænna skrefa Reykjavíkurborgar. Birting græns bókhalds er hluti af árangursmiðlun borgarinnar í

umhverfismálum og opnar samræmd gagnavinnsla á ýmsa möguleika í markmiðasetningu og vitundarvakningu meðal íbúa og starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Upplýsingamiðlun: Á árinu 2018 verður áfram unnið eftir aðgerðaáætlun sem styður við samþykktu upplýsingastefnu borgarinnar. Unnið verður að því efla vef Reykjavíkurborgar sem alhliða þjónustuvef auk þess að efla rafræna þjónustu á vefnum í samvinnu við nýstofnaða rafræna þjónustumiðstöð. Samfélagsmiðlar verða sífellt mikilvægari til að miðla upplýsingum til íbúa og gesta í borginni. Haldið verður áfram að efla Facebook og Twitter síður borgarinnar þar sem fluttar eru fréttir af fjölbreyttri starfsemi Reykjavíkurborgar auk þess sem áhersla verður lögð á Instagram síðu Reykjavíkurborgar. Þá verður lögð áhersla á markvissari upplýsingamiðlun til íbúa með innleiðingu nýs smáforrits, Reykjavík Viltu vita? Þar verða birtar tilkynningar frá Reykjavíkurborg um viðburði, fundi, skipulagmál og fleira sem á erindi við íbúa Reykjavíkur. Aukin áhersla verður lögð á myndræna framsetningu og vinnslu einfaldra myndbanda til að kynna málefni Reykjavíkurborgar.

Eftirlit með skjalastjórnun: Áhersla Borgarskjalasafns verður á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirliti með þeim. Haldið verður áfram vinnu við yfirferð skjalavistunaráætlana og unnið með skjalastjórum sviða í að efla samræmingu í skjalastjórn og auka skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áherslan verður á skjalamál, frístundaheimila og velferðarsviðs og undirstofnana þess. Unnið verður að undirbúningi fyrir langtímavarðveislu rafrænna skjala og gagnakerfa og mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar um skjalamál hjá Reykjavíkurborg. Áfram verður samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn aðila sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna og sérstaklega leitað eftir söfnum hópa sem á hallar, eins og kvenna og innflytjenda. Þá verður unnið að undirbúningi þess að færa vef Borgarskjalasafns yfir í nýtt vefumhverfi og auka miðlun skjala á vef safnsins. Þjónusta við viðskiptavini er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns og forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum er góð skráning. Skjöl eru skráð sem fyrst eftir móttöku og skjalaskrár gerðar aðgengilegar á vef. Ljósmynduðum skjölum verður miðlað á vef, eftir því sem mannaflí leyfir, en þjónusta safnsins fer fram í gegnum síma, tölvupóst og vef, auk þess sem stöðug aðsókn er að lestrarsal safnsins.

Mannauðsmál: Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu. Aukin áhersla verður lögð á mannauðsþjónustu við miðlæga stjórnsýslu og stuðning við stjórnendur í daglegri framkvæmd mannauðsmála. Rík áhersla verður á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fagsviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðamenningu. Áfram verður unnið að viðveru- og heilsustefnu Reykjavíkurborgar með það að markmiði að draga úr veikindafjarvistum. Sérstök áhersla verður lögð á öryggismál með það að leiðarljósi að innleiða öryggismenningu á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Ný stefna gegn einelti og áreitni verður að fullu innleidd. Áformað er að það umbótaferli sem hófst í upphafi árs 2014 með endurskoðun á starfsmatskerfinu ljúki haustið 2018. Áhersla verður lögð á að innleiða öflugra stjórnendabjálfun. Settur verði á fót sérstakur stjórnendaskóli með áherslu á fræðslu um opinbera stjórnsýslu, mannauðs- og fjármál. Þá verði lögð áhersla á gerð starfsþróunaráætlana og starfslýsinga. Áfram verður unnið í samræmi við aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun auk þess sem áfram verður unnið að atvinnuverkefnum fyrir fólk með fötlun.

Fjármálaskrifstofa

Áætlun, greiningar og eftirlit: Unnið er að verulegri endurskoðun og breytingum á vinnslu fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. Nýtt launaáætlunarkerfi SAP er í innleiðingu. Nýtt samstæðuuppgjörs- og áætlunarkerfi, Unit4 FPM (Financial Performance Management), er í innleiðingu og er nú notað í fyrsta sinn til þess að taka saman áætlun Reykjavíkurborgar. Þá er að hefjast innleiðing á uppfærslu á áætlunarkerfi borgarinnar Unit4 Planner, Budget Books, sem felur í sér aðgengilegt viðmót fyrir stjórnendur og sérfræðinga til áætlunargerðar. Ný og breytt áætlunarkerfi munu lengri tíma litið hafa umtalsverð áhrif á allt verklag við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæta aðgengi að undirleggjandi gögnum, auka gagnsæi um forsendur fjárhagsáætlunar og bæta stýringu fjárheimilda. Þá mun fjármálaskrifstofa leggja áherslu á að auka rafrænt aðgengi íbúa, kjörinna fulltrúa og stjórnenda að lýsandi fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnagreiningum.

Áhættumat: Unnið er að tillögu um fjármálalega áhættustefnu Reykjavíkurborgar. Útfæra þarf verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættustýringar á grundvelli væntanlegrar fjármála- og áhættustefnu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla, skilgreina áhættumælikvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra. Unnið er að undirbúningi ársfjórðungslegrar áhættuskýrslu.

Uppgjör: Innleiðing á Unit4 FPM nýju kerfi til að halda utan um samstæðuuppgjör og samstæðuáætlun borgarinnar stendur yfir. Áfram er unnið að umbótum á verklagi í samræmi við greiningu verkferla og aðgerðaráætlun um umbætur.

Bókhald: Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af vel heppnaðri innleiðingu á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert er ráð fyrir að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga á næstu árum. Á næstu misserum er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar, s.s. innkaupakerfi í samráði við innkaupadeild. Fyrirhuguð er á árinu 2018 vinna við endurskoðun bókhaldslíkans Reykjavíkurborgar með það að markmiði að nýta enn betur fjárhagsupplýsingakerfið Unit4 Business World og einfalda enn frekar verklag og vinnubrögð. Framundan er jafnframt undirbúningur að uppfærslu á kerfinu á árinu 2018 eða 2019.

Fjárstýring: Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur. Stefnt er að því að fara í útboð á fjármálaþjónustu vegna greiðslumiðlun borgarinnar á árinu. Farið var í útboð á fjármálaþjónustu vegna fruminnheimtu á árinu 2016 og vegna milli- og löginnheimtu á árinu 2017. Meginmarkmiðið með því að fara í útboð á fjármálaþjónustu er að tryggja örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu, á lágmarka kostnað borgarbúa og borgarsjóðs vegna fjármálaþjónustu og bæta upplýsingagjöf til borgara og borgarsjóðs. Unnið er að því að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2018.

Innkaupamál: Markmiði um rafrænt aðgengi að útboðsgögnum hjá Reykjavíkurborg er náð og geta áhugasamir nálgast öll útboðsgögn á heimasíðu borgarinnar í gegnum útboðskerfi. Ákveðið var um mitt ár 2015 að taka í notkun rafrænt útboðskerfi en upptaka þess háttar kerfis verður skylda þegar breytingar á lögum um opinber innkaup taka að fullu gildi fyrir Reykjavíkurborg eins og önnur sveitarfélög. Skipt var um útboðskerfi í byrjun september 2017 og stefnt á að nýta möguleika þessa nýja kerfisins sem best út samningstímann sem er þrjú ár. Einn af möguleikum útboðskerfis gefur færi á opnum rammasamningi en þess háttar samninga má aðeins gera ef til staðar eru rafrænir ferlar og öll samskipti við innkaup rafræn. Opnir rammasamningar hafa gefist vel víðs vegar í Evrópu og þá sérstaklega við hins ýmsu þjónustukaup.

Kjaramál: Kjarasamningar eru lausir við Félag grunnskólakennara í lok nóvember 2017 og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er með lausan samning í lok mars 2018. Aðrir kjarasamningar eru gildistíma út mars 2019. Áfram er unnið að innleiðingu nýs mannauðs- og launakerfis og einstaka kerfishlutum þess. Í tengslum við innleiðingu á nýju mannauðs- og launakerfi, SAP, verður lögð áhersla á að bæta verklag, vinnuferli og upplýsingagjöf. Áhersla verður á umbætur á launaeftirliti og fræðslu um efni kjarasamninga, auk skráningar á verklagsreglum og verkferlum launavinnslu.

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Skjalamál: Innleiðing á nýju skjalastjórnunarkerfi fyrir þá aðila sem deildin þjónustar verður meginverkefni deildarinnar 2018. Áhersla verður lögð á fræðslu um skjalastjórn og mikilvægi hennar. Vænta má að á næstu árum muni innleiðing á rafrænni skjalastjórnun verða eitt af mikilvægari verkefnum deildarinnar.

Upplýsingatækni: Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu upplýsingatæknideildar á undanförunum misserum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að byggja upp þekkingu og reynslu á faglegri stýringu verkefna og verður haldið áfram á þeirri braut, samhliða því að viðhalda og byggja upp þekkingu innan deildarinnar á almennri kerfisstjórnun og kerfisrekstri og vinna á markvissan hátt með ytri þjónustuaðilum á þeim sviðum sem við þurfum að sækja mjög sérhæfða tæknilega þekkingu. Á árinu 2016 lauk uppfærslu á Windows 10 á öllum útstöðvum í grunnskólum og er stefnan sett á að klára innleiðingu á Windows 10 fyrir skrifstofuumhverfið fyrir hluta ársins 2018. Jafnframt verður haldið áfram innleiðingu skýjalausna þar sem það á við og hægt verður að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri með notkun þeirra lausna. unnið verður að því áfram að greina hagkvæmni þess að úthýsa hluta rekstrar þar sem það skilar aukinni hagræðingu með ásættanlegu þjónustustigi. Farið verður í greiningu á ávinningi á því að bjóða út aðgangsstýringu á prentun, innkaup á prenturum og rekstrarvörum fyrir prentun í gegnum rammasamning annars vegar og hins vegar að bjóða út altæka prentþjónustu. Útboðsferli verður hafið á árinu og stefnt að innleiðingu eigi síðar en seinni hluta 2018. Fara þarf í mikla endurnýjun á víðnetsbúnaði sem kominn er til ára sinna samhliða breytttri högun. Áfram verður unnið í þeirri miklu endurnýjun og uppbyggingu sem verið hefur í gangi í

tæknilegum innviðum og miðlægum kerfum, s.s. gagngerri endurskoðun á gagnavistun og afritun gagna, samþættingu gagnagrunna, innleiðingu endurbættis sýndarvélaumhverfis, útleiðingu og útskiptingu á kerfum og búnaði sem ekki er lengur stuðningur við frá framleiðendum, innleiðingu á nýrri tækni og úthýsingu þar sem það á við. Nú er allur notendabúnaður notenda 5 ára eða yngri og verður skipt út jafnóðum þegar aldur tækja nálgast þau mörk. Haldið verður áfram í innleiðingu á Skype for Business þar sem hægt er að koma því við og hægt er að ná fram hagræðingu í rekstri. Útskipting á endabúnaði notenda er nú komin á rétt ról eftir gríðarlegt átak sem unnið var á árunum 2014-2016. Stefnt er að því að koma í notkun fyrstu útgáfu af þjónustugátt UTD og hefja innleiðingu á birgða- og gjaldskrár/leigukerfi fyrir UTD. Hafið er val á kerfi til að bæta utanumhald hugbúnaðarleyfa og útboðsferli og innleiðing hafin vegna nýrra skjalavistunarkerfa. Vorið 2018 tekur gildi ný og hert löggjöf um persónuvernd. Gera þarf úttekt á því hvaða kerfi og vinnuferla þarf að aðlaga að hinni nýju löggjöf. Vorið 2017 hófst sú vinna við að leggja drög að endurnýjun skjávarpa/skjáa og innleiðingu fundarbúnaðar í Ráðhúsi, Höfðatorgi, Höfða og fleiri stöðum. Þetta er stórt verkefni og því verður endurnýjun á búnaði dreift yfir lengra tímabil.

Þjónustudeild: Sífelt aukin eftirspurn eftir rafrænni þjónustu varð til þess að stofnuð var sérstök eining, Rafræn þjónustumiðstöð, til að stuðla að framgangi slíkrar þjónustuveitingar. Áhersla þjónustudeildar næstu árin verður áfram á aðshlyningu þeirra þátta sem deildin ber ábyrgð á, hvort sem er í framlínuþjónustu eða vinnumhverfi starfsfólks borgarinnar. Þjónustudeildin er nú með þjónustusamning við öll fagsvið og skrifstofur borgarinnar eftir að MOF bættist í hópinn 2016. Á haustmánuðum 2017 flutti Bílastæðasjóður starfsemi sína á Höfðatorg og mun þjónustudeildin auka við þjónustu sína fyrir hönd sjóðsins. Farin er í gang vinna við að kortleggja þau upplýsingakerfi sem í boði eru með það að markmiði að auka og bæta tölfræðilegar upplýsingar á borði þjónustudeildarinnar, svo sem símtala- og þjónustugreiningar o.fl., svo betur megir þjóna bæði íbúum og starfsfólki Reykjavíkurborgar á sem hagkvæmasta hátt. Í byrjun árs 2017 var móttökupjónusta stjórnsýsluhúsa samræmd þegar starf móttöku Rádhúss fluttist til þjónustudeildar. Einnig voru breytingar gerðar á opnunartíma Ráðhúss sem mun leiða til fjárhagslegrar hagræðingar í rekstri stjórnsýsluhúsanna. Endurnýjun tækjabúnaðar og húsgagna fyrir Ráðhús og 7.hæð Höfðatorgs hófst á árinu 2016 og stefnt að því starfi ljúki 2018. Farinn er af stað undirbúningur fyrir lokaáfangi við endurbætur þjónustuvæðis og mun því verki ljúka árið 2018. Þjónustustefna Reykjavíkur var samþykkt í lok árs 2016 og hefur verið gerð aðgerðaáætlun þar af lútandi. Innleiðing á stefnunni hefst í byrjun árs 2018.

Rafræn þjónustumiðstöð: Meðal helstu verkefna RPM 2018 eru: Rafvæðing umsóknarferla á Velferðarsviði, gerð Minna síðna á reykjavik.is, aukin sjálfvirkni í þjónustuveri með aðstoð botta og gerfigreindar, innleiðing Workplace, endurskipulagning vefmála, þjónusta við framsetningu efnis á vef fyrir öll svið borgarinnar, uppsetning á framtíðarvef sem mun kynna þau verkefni hjá Reykjavíkurborg sem eru í pípunum.

Reykjavík Smart City #snjallborgin: Reykjavík hefur tekið ákvörðun um að tileinka sér aðferðarfræði snjallborga til lengri tíma litið. Snjallborg er borg sem er byggð upp með framtíðina í huga og notar til þess upplýsinga-, samskipta- og fjartskiptatækni til að bæta lífsgæði borgarbúa á nýskapandi og sjálfbæran hátt. Snjallborgarverkefni stuðla m.a. að framúrstefnulegri þjónustu, skilvirkari samgöngum, hagræðingu í rekstri, auknu gagnsæi, vistvænum úrlausnum og bættu öryggi borgarbúa. Til þess að ná þessum markmiðum eru tveir lykilþættir ráðandi að undanskildri tækninni, þ.e. samstarf hagsmunaaðila og opin gögn. Eitt mikilvægasta verkefni snjallborga er að efla innra samstarf eða brúa sílóin sem borgir starfa gjarnan í. Auk þess er lögð höfuðáhersla á samtal við íbúa og efla tenginguna við háskóla-, frumkvöðla- og alþjóðasamfélagið. Skrifstofan heldur utan um og leiðir þessi samtöl. Þá sameinar Snjallborgin gögn úr ólíkum gagnagrunnum er tengjast innviðum borgarinnar og notar þau til betri ákvarðanatöku og nýsköpunar í samstarfi við fræðasamfélagið. Eitt af þeim verkefnum sem eru í gangi hjá Snjallborginni er innleiðing á Internet of Things platform frá Cisco sem keyrir þessi gögn saman á heildrænan- og myndrænan máta. Annað dæmi um verkefni sem Snjallborgin hefur nú þegar ráðist í er marghólfa snjallstampur á Lækjartorgi. Big Belly eða snjall belgurinn er fyrsti snjallstampur borgarinnar sem að sendir skilaboð þegar tunnan er að fyllast og er með ruslapressu í blandaða úrganginum knúna af sólarorku. Fyrir vikið þarf einungis að tæma blandaða úrganginn 1x á viku sem þurfti áður að gera 1-2x á dag. Snjallborgin kemur einnig að vinnu stýrihóps í samvinnu við USK og Liska sem snýr að nýrri stefnu í lýsingarmálum borgarinnar til framtíðar. T.a.m. á að skipta út 12.000 kvikasilfursperum fyrir fjarstýrða LED lýsingu á næstu 3-5 árum, samhliða því sem settir verða upp nýjar sem safna gögnum um t.d. veður, loftgæði, hljóð og umferð gangandi vegfarenda, hjóla og bíla um borgina. Þá hefur Snjallborgin m.a. komið að vinnu skutlbílaleigunnar Zipcar og rafbíla hleðslustöðva sem að borgin ætlar að setja upp í upphafi árs 2018.

Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofa vinnur eftir starfsáætlun í mannréttindamálum sem mannréttindaráð setur fram ár hvert. Hjá mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir auk mannréttindaráðs; öldungaráð Reykjavíkurborgar, fjölmenningararáð Reykjavíkurborgar, ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar, ferlinefnd fatlaðs fólks og notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík. Skrifstofan hefur umsjón með verkefninu Saman gegn ofbeldi sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Kvennaathvarfsins gegn heimilisofbeldi. Starfsmenn skrifstofunnar hafa umsjón með þátttöku borgarinnar í skjólborgarverkefninu (e. ICORN) og veitir gestum verkefnisins þjónustu og ráðgjöf. Skrifstofan sér um fræðslu m.a. námskeið og kynningar á þáttum sem snúa að mannréttindastefnunni fyrir innlenda og erlenda gesti. Einnig um útgáfu á fræðslu- og kynningarefni um mannréttindi og jafnréttismál. Unnið er með tilnefndum mannréttindafulltrúum á sviðum borgarinnar, í samráði við stjórnendur, að framfylgd mannréttindastefnu borgarinnar.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Meðal helstu verkefna skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er að stuðla að framkvæmd aðalskipulags og atvinnustefnu borgarinnar. Skrifstofan leggur áherslu á að hafa samráð og eiga gott samstarf við einstaklinga, stofnanir, félög, fyrirtæki, verktaða og fjárfesta um verkefni sem varða þróun atvinnumála og byggðar í borginni. Eins og áður verður áhersla á nýframkvæmdir til að auka þjónustu við borgarbúa og efla atvinnulífið í borginni. Að venju hefur skrifstofan umsjón með framkvæmdum fyrir svið borgarinnar auk þess sem skrifstofan fylgir eftir ákvörðunum borgaryfirvalda um þróun byggðar á skipulagsreitum með það að markmiði að hámarka verð umræddra lóða. Helstu byggingarsvæði eru sem fyrr Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás, í útjaðri borgarinnar, en einnig eru framkvæmdir á mörgum öðrum stöðum í borginni. Hjá Reykjavíkurborg og einkaaðilum eru áform um mikla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og eru allmörg verkefni vel á veg komin. Nefna má sem dæmi Vesturbugt, Austurbakka (Hörpureitur), Vogabyggð, Kirkjusand og Elliðaárvog. Meðal þeirra þróunarsvæða sem eru í vinnslu er Skerjabyggð og unnið verður áfram með að þróun reits við Umferðarmiðstöð þar sem rísa mun ný samgöngumiðstöð, auk þess sem gert verður ráð fyrir atvinnulóðum og/eða íbúðalóðum. Einnig er unnið að uppbyggingu hjúkrunarheimilis við Sléttuveg með DAS/Hrafnistu og uppbyggingu almennra leiguíbúða á vegum leigufélags ASÍ. Skrifstofan sinnir auk þess fjölmörgum borgar- og atvinnuþróunarverkefnum í samvinnu við ýmsa aðila sem eru mislangt á veg komnir. Í þessu sambandi er meðal annars lögð áhersla á sérhæfð atvinnusvæði í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar. Við forgangsróðun viðhalds- og endurbótaverkefna er eins og áður lögð áhersla á mannfrek verk sem ekki skapa borginni aukinn rekstrarkostnað að framkvæmd lokinni. Áfram verður unnið að því að ná jafnvægi í viðhaldi eigna á næstu árum.

Skrifstofa borgarstjórnar

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fer til umfjöllunar borgarstjórnar, auk þess sem gert er ráð fyrir því að borgarstjórn haldi opna fundi með Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmenningarráði, ofbeldisvarnarnefnd og öldungaráði Reykjavíkur á árinu. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Á árinu var tekið í notkun nýtt fundargerðarkerfi sem þróað hefur verið á skrifstofunni og er verið að vinna að innleiðingu þess hjá nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Áfram verður unnið að þróun og vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofan hefur á árinu aðlagð sig að breyttum lögum um veitinga- og gististaði en nú vinnur skrifstofa borgarstjórnar heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Innleiðingin hefur gengið vonum framar og hafa breytingarnar leitt til vandaðri málsmeðferðar og bættrar þjónustu við rekstraraðila. Áfram verður unnið að breytingum í þessum málaflokki á næsta ári en borgarstjórn samþykkti á haustmánuðum yfirgripsmiklar tillögur vegna heima- og íbúðagistingar sem skrifstofan mun hafa forgöngu um að innleiða á næsta ári þ.m.t. að leita samninga við Airbnb og auka samræmingu eftirlits Reykjavíkurborgar í málaflokknum. Meginverkefni næsta árs verður þó án efa undirbúningur og framkvæmd borgarstjórnarkosninga sem fram fara í lok maí. Ekki var gert ráð fyrir kosningum til Alþingis á árinu en það breyttist snögglega og er skrifstofan nú í miðjum undirbúningi fyrir alþingiskosningar

sem haldnar verða 28. október nk. Að þeim loknum mun skrifstofan í umboði forsætisnefndar halda áfram og ljúka við það verkefni að undirbúa fjölgun borgarfulltrúa, í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um og samþykkt borgarstjórnar þ.m.t. að breyta vinnuáðstöðu borgarfulltrúa og fundarsal borgarstjórnar. Skrifstofan mun því taka við nýrri 23 manna borgarstjórn á næsta ári og halda öll hefðbundin námskeið til að taka á móti borgarfulltrúum og undirbúa starf borgarstjórnar fyrir næsta kjörtímabil.

Borgarlögmaður

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf, álitsgerðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar þ. á m. vegna samninga við þriðja aðila. Borgarlögmaður annast fyrirvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir dómstólum, umboðsmanni Alþingis og erlendum eftirlitsstofnunum eins og Eftirlitsstofnun EFTA. Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en lítið lát virðist vera á fjölgun dómsmála. Stöðug aukning hefur verið í fjölda þeirra allt frá árinu 2008, ekki síst í málum fyrir velferðarsvið, þ.e. barnaverndar- og lögræðismál sem öll sæta að auki flýtimeðferð fyrir dómi. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að eins og endranær fari töluverður tími starfsmanna í fyrirvar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi. Gert er áfram ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi starfsmanna við ráðgjöf vegna lóðamála og fyrirætlana um fjölgun leiguíbúða og jafnframt á sviði velferðarmála. Þá er ráðgjöf á sviði útboðsmála alltaf fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi borgarlögmanns. Borgarlögmaður er í fyrirvari vegna krafna um skaðabætur og tryggingabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Þessi þáttur starfseminnar er áfram fyrirferðarmikill og er nú svo komið að segja má að tvö stöðugildi séu að jafnaði bundin við afgreiðslu þessara mála.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun starfar samkvæmt samþykktri innri endurskoðunaráætlun en auk þess taka verkefni skrifstofunnar mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma.

Innri endurskoðunaráætlun sem tekur til áranna 2015-2017 gerði ráð fyrir 46 úttektum á áhættustýringu, stjórnarháttum og innra eftirliti hjá A hluta Reykjavíkurborgar. Flestum skipulögðum úttektum er lokið eða að ljúka en auk þess hefur skrifstofan sinnt þrettán ófyrirséðum úttektum, ýmist að beiðni borgarráðs, endurskoðunarnefndar, eða að eigin frumkvæði. Innleiðing á nýjum innri endurskoðunarhugbúnaði, MKinsight, stendur yfir með það fyrir augum að gera áætlunargerð, verkumsjón og framsetningu ábendinga enn markvissari. Fyrirhugað er að leggja nýja innri endurskoðunaráætlun til næstu tveggja ára fyrir endurskoðunarnefnd í nóvember 2017. Unnið er að því að setja áætlunina upp í MKinsigt sem mun gera stjórnendum kleift að fylgjast með og skrá viðbrögð við ábendingum frá Innri endurskoðun. Í þeirri áætlun sem er í smíðum er lögð aukin áhersla á samtímaendurskoðun á innra eftirliti með mikilvægum verkferlum sem tengjast reikningsskilum og birtingu upplýsinga í árshlutareikningum og ársreikningi.

Umboðsmaður borgarbúa

Embætti umboðsmanns borgarbúa hefur verið í stöðugri þróun frá því embættið tók til starfa í maí 2013. Taka verkefnin mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Á árinu 2018 verður ráðist í umfangsmikið kynningaráttak á starfsemi umboðsmanns. Tekur átakið bæði til starfsmanna og starfsstöðva Reykjavíkurborgar en snýr einnig að kynningu starfseminnar út á við. Má gera ráð fyrir því að málum á borði embættisins muni fjölga í samræmi við aukna þekkingu starfsmanna og almenningar á starfsemi umboðsmanns. Embættið hefur nýlega tekið yfir eigið skjalasafn og mun á árinu 2018 endurskoða skráningu og skjölun erinda hjá embættinu í samræmi við nýja skjalavistunaráætlun. Í því samhengi verður einnig unnið að nýjum gagnagrunni embættisins sem miðar að fjölbreyttari tölfraeðiskráningu vegna þeirra erinda sem berast. Embættið hefur á undanförunum misserum unnið að gerð matslíkans sem hefur að markmiði að kortleggja með hvaða hætti einstök svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar meðhöndla kvartanir sem þeim berast og þær varnir við brotum á málsmæðferðarreglum sem svið og skrifstofur hafa innleitt í verklag og verklagsreglur. Er áætlunin að leggja matslíkanið fyrir með reglubundnum hætti, í fyrsta sinn árið 2018.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markvisst er unnið að innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar. Stefnt er að réttlátari dreifingu gæða og fjármuna með tilliti til stöðu borgarbúa í anda mannréttindastefnunnar. Á öllum sviðum er unnið að því að bæta verklag varðandi skráningu kyngreindra tölfraeðigagna og aðgengi að upplýsingum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að bæta skráningu um stöðu jaðarsettra hópa. Vinna þarf jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun sem fela í sér ný verkefni eða breytt verklag og vegna nýrri verkefnaáætlun komandi árs. Það er gert til þess að rýna jafnréttisáhrif tillagna áður en farið er af stað þannig að öllum sé ljóst hvort og þá hvernig tillögur um lækkun og hækkun útgjalda hafa áhrif á kynin og jaðarsetta hópa. Markmiðið er að við lok innleiðingar KFS verði gerð krafa um jafnréttismatsgreiningu við alla almenna ráðstöfun fjármuna borgarinnar sem hafa áhrif á fólk.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er unnið að því að greina þjónustu borgarinnar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun leiðir verkefnið en hann skipa fulltrúar frá fjármálaskrifstofu, mannréttindaskrifstofu og fagsviðum borgarinnar. Stýrihópurinn hefur eftirfylgni með- og er leiðbeinandi aðili varðandi þá vinnu sem annars er framkvæmd á sviðum og skrifstofum borgarinnar.

Fagsviðin vinna nú að greiningu þjónustupátta miðað við fyrirliggjandi aðgerðaráætlun. Hluti vinnunnar fer fram samhliða hagræðingarvinnu borgarinnar en jafnréttismata á allar hagræðingartillögur sem hafa áhrif á borgarbúa auk þess sem sviðum ber að kalla eftir kyn- og jaðargreindum gögnum í úttektum sínum við leit að hagræðingarleiðum. Jafnréttismatinu er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt eftir, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár með aukinni þekkingu á jafnréttismálum og skilningi á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

Þá hafa stýrihópur KFS og SEA unnið að verkferlum vegna jafnréttisskimunar og jafnréttismats á nýjum fjárfestingaverkefnum sviða og skrifstofa. Stýrihópurinn mun halda áfram að kynna og innleiða þá verkferla ásamt SEA og fylgja því eftir hvort unnið sé eftir þeim. Leggja verður enn meiri áherslu á eftirfylgni með greiningu þjónustupátta á árinu 2018 en markmiðið er að ljúka kynjagreiningu á öllum þjónustupáttum Reykjavíkurborgar.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	2014	2015	2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara					
Stjórnsýsluerindi	1222	1156	1008	795	900
Par af til borgarráðs	43				
Móttökur	160	78	58	52	70
Fréttatilkynningar	658	823	817	800	830
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	66	25	15	12	15
Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjölum	250	320	205	250	250
Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirspruna	1.800	1.434	1.511	1.500	1.500
Vefur - vikulegt innlit	37.000	38.500	37.608	42.000	44.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	140.000	155.000	120.830	130.000	140.000
Facebook póstar	573	1.157	1200	1350	1350
Að meðaltali á viku	14,3	23	24	26	26
Fjármálaskrifstofa					
Reikningar frá birgjum alls	245.556	253.749	246.560	250.000	255.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	103.936	140.310	147.201	162.000	175.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	42,3%	55,3%	59,70%	65,00%	70%
Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn.	45,90%	58,1%	62,30%	67%	75%
-Fjöldi starfsmanna í bókhaldi	32	30	29	28	27
Fjöldi uppgjara (A, A+,B,AS,ES,Jörundur, Aflvaki)	53	49	49	49	46
-Fjöldi starfsmanna í uppgjörum	3,0	3,0	3,5	4,0	4,0
Skrifstofa þjónustu og rekstrar					
Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma	69%	78%	80%	81%	82%
Þjónustuver – fjöldi símtala	160.141	149.950	142.667	141.980	140.000
Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsóknna	49.500	50.490	44.675	42.000	40.000
Netspjall	3.950	3.300	3.414	4.800	6.000
Rafræn Reykjavík - fjöldi umsókna	30.000	26.889	22.205	27.652	29.000
Rafræn Reykjavík - fjöldi notenda	52.030	63.914	66.100	70.000	72.000
Borgarlögmaður					
Almenn stjórnsýslumál					
Í vinnslu		48	33	30	35
Lokið		149	149	150	160
Samtals		197	182	180	195
Dómsmál					
Í rekstri	29	34	24	20	25
Lokið	87	99	131	130	135
Samtals	116	133	155	150	160
Par af fyrir Velferðarsvið	63	95	119	125	130
Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum					
Innkomin	157	163	119	120	120
Í vinnslu	97	169	151	150	170
Fullnaðaruppgjör bóta	48	38	77	81	91
Samtals greiddar bætur	77.751.712 kr.	46.523.899 kr.	89.093.323 kr.	88.324.029 kr.	90.000.000 kr.
Önnur slysa-/skaðabótamál					
Samtals greiddar bætur		3.707.766 kr.	10.039.344 kr.	47.533.495 kr.	60.000.000 kr.

1) Erindi til borgarráðs miðast við fyrstu fimm mánuði ársins 2014 en eftir það var hætt að taka saman slíkar upplýsingar

2) Viðmiðunartímabil borgarlögmanns er 1. september - 31. ágúst ár hvert

SKRIFSTOFA EIGNA- OG ATVINNUÞRÓUNAR


LEIÐARLJÓÐ:

Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánú samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

Áætlun 2018	
Rekstartekjur	19.311.770
Söluhagn. eigna og lóða	3.171.724
Tekjur samtals	22.483.494
Laun og launatengd gjöld	170.797
Annar rekstarkostnaður	9.018.577
Afskriftir	4.889.621
Rekstrargjöld samtals	14.078.996
Fjármunatekjur/gjöld	-5.502.417
Rekstarniðurstaða	13.906.915

SKIPURIT



STARFSFÓLK

2018	
Fjöldi starfsmanna	14,0
Fjöldi stöðugilda	14,0

Skipurit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) er einfalt flétturit tveggja meginleininga og tveggja stoðleininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samtvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur, *Skapandi borg*. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflun. Áhersla er lögð á sveigjanleika og samvinnu innan skrifstofunnar svo hún geti beint kröftum sínum þangað sem þörf er hverju sinni.

HLUTVERK

SEA annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 frá 2013 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. SEA gerir samning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvæðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum helstu viðfangsefnum SEA. Eins og sýnt er í skipuriti skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að hægt sé að beina kröftum þangað sem mest þörf er hverju sinni.

- SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaáætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS) til samræmis við ferla þar að lútandi.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrgt fyrir og annast frumathuganir fjárfestingaverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofa) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróun.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).

- SEA mun hafa umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóði Reykjavíkurborgar.
- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við FMS. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997. Samkvæmt stefnunni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir geta fengið lausafjártjón bætt miðlægt að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þá hefur SEA umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.

FJÁRFESTINGAR– OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2018

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir að 15.084 milljónum króna verði varið til fjárfestinga. Er það 1.823 milljón króna hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2017. Hækkunin skiptist þannig að 942 milljónir eru vegna byggingaframkvæmda, 2.447 milljónir vegna gatna- og umhverfisframkvæmda, á móti kemur lækkun um 132 milljónir vegna annarra fjárfestinga og 1.434 milljónir vegna hækkunar gatnagerðargjalda

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 69,5% af eigin fé og 30,5% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2018

Menningar– og ferðamálasvið: Ráðgert er að taka viðbyggingu við Grófarhús í notkun á árinu 2019 en umtalsverðar breytingar verða gerðar á rýmisnýtingu hússins á næstu 3 árum í tengslum við stækkun hússins. Framhald verður á verkframkvæmdum við menningarmiðstöð í Úlfarsárdal samhliða uppbyggingu á samþættum leik- og grunnskóla, sundlaug og íþróttahúsi. Geymslur við Árbæjarsafn verða endurbættar og brunavarnir styrktar. Unnið verður að endurbótum á sýningarrými Sjóminjasafns í Víkinni svo og endurbótum á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi til að bæta aðstöðu fyrir gesti safnanna. Jafnframt verður fjárfest í búnaði fyrir Borgarleikhús og áklæði á stólum í sal Stóra sviðs endurnýjað auk þess verður og fé varið til smærri verkefni vegna stofnana sviðsins.

Skóla– og frístundasvið: Verkframkvæmdum við Dalskóla, samþættan leik- og grunnskóla við Úlfarsbraut miðar vel og ráðgert er að taka annan áfanga byggingarinnar í notkun haustið 2018. Ráðgert er að verkframkvæmdum við 3.400 fermetra viðbyggingu Klettaskóla sem og gagngerum endurbótum á eldra húsnaði skólans verði að mestu lokið í árslok 2018 með lokafrágangi á árinu 2019. Framkvæmdum við 1.340 fermetra viðbyggingu við Vesturbæjarskóla miðar vel og ráðgert að hún verði tekin í notkun haustið 2018. Þá er jafnframt fyrirhugað að flytja Vesturvallagötu-húsið af lóðinni, endurgera lóðina og setja upp boltagerði. Endurbyggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsöröðun verður fram haldið og ráðgert að verja samtals 425 mkr til verkefnisins á árinu 2018. Uppbygging nýrra íbúahverfa og þétting byggðar kallar á fjölgun leikskólarýma og er ráðgert að verja 200 mkr til uppbyggingar leikskóla á Kirkjusandi á komandi ári, jafnframt verður 25 mkr varið til greiningar á þörf frekari uppbyggingar skóla í vestur- og austurborginni.

Íþróttar– og tómstundasvið: Framkvæmdir munu hefjast við byggingu náttúru- og fræðsluhúss í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal á árinu 2018. Framkvæmdum við byggingu nýrrar útilaugar við Sundhöll Reykjavíkur er að mestu lokið en uppgjör framkvæmda fer fram á árinu 2018. Ráðgert er að byggja útiklefa við Breiðholtið og útbúa barnaleiksvæði í og við laugina. Framkvæmdir munu hefjast á árinu 2018 við íþróttahús í Úlfarsárdal þar sem Knattspyrnufélaginu Fram mun tryggður afnota- og umráðaréttur af íþróttahúsi og keppnisvelli skv. samningi þar að lútandi dags. 4. júlí 2017. Framkvæmdum við frjálsíþróttavöll í Suður Mjódd sem hófust á árinu 2017 verður framhaldið en fyrirhugað er að völlurinn verði tekinn í notkun á árinu 2019. Ráðgert er að verkframkvæmdir við íþróttamannvirki á ÍR svæðinu, samkvæmt samningi þar að lútandi hefjist á árinu 2018 með byggingu á hálfu knattshúsi. Eru þá ótalin önnur smærri verkefni s.s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum svo dæmi séu nefnd.

Velferðarsvið: Framkvæmdir við hjúkrunarheimili við Sléttuveg hófust á árinu 2017 og er stefnt að því að það verði tilbúið á

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2018
Byggingaframkvæmdir	
Menningar– og ferðamálasvið	743.200
Skóla– og frístundasvið	2.762.000
Íþróttar– og tómstundasvið	1.777.000
Velferðarsvið	644.300
Ýmsar fasteignir	1.352.000
Bílastæðasjóður	1.125.000
Byggingaframkvæmdir samtals	8.403.500
Gatna– og umhverfisframkvæmdir	7.996.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	305.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	988.500
Sérstök átaksverkefni	1.025.000
Fjárfestingar samtals:	18.718.000
Gatnagerðargjöld	3.634.100
Fjárfestingar nettó:	15.083.900

fyrrihluta ársins 2019. Heimilið mun hafa á að skipa 95-105 hjúkrunarrýmum og er heildarkostnaður framkvæmdanna áætlaður rúmir 2,9 milljarðar króna, að búnaðarkaupum undanskildum. Hluttur Reykjavíkurborgar þar af er 15% eða sem nemur 435 mkr. Samhliða framkvæmdum við viðbyggingu við Hólaberg 76 þar sem rekin er dagþjónusta og virkni fyrir fatlað fólk, er unnið að viðamiklum endurbótum á húsinu að innan jafnt sem og utan. Ráðgert var að verkinu lyki á árinu 2017 en af ófyrirsjáanlegum ástæðum hefur því seinkað og eru verklok nú fyrirhuguð um mitt ár 2018.

Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum: Ráðgert er að ljúka framkvæmdum við nýja hverfisbækistöð fyrir miðborgina við Fiskislóð á Örfirisey sem mun leysa starfsemi hverfisbækistöðvar við Njarðargötu af hólmi. Reist verður viðbygging við Perluna fyrir stjórnuver sem verður viðbót við náttúrursýninguna sem Perla norðursins annast rekstur á auk þess sem að fjármagna sýninguna. Reykjavíkurborg festi kaup á elsta húsi borgarinnar „Innréttingunum“ við Aðalstræti 10 á árinu 2017. Á árinu 2018 verða gerðar nauðsynlegar breytinga vegna aðgengis allra og tengingar við Landnámssýningu – Reykjavík 871 +/- 2.

AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Helstu fjárfestingar vegna áhalda og búnaðar á árinu 2018 eru sem fyrr vegna endurnýjun tölvubúnaðar og kaupa á hugbúnaði samkvæmt áætlun þar um. Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs.

Sérstök átaksverkefni: Á árinu 2018 verður 500 milljónum króna varið til endurbóta og meiriháttar viðhalds fasteigna þar sem byggt er á forgangsroðun samkvæmt úttektum og þarfagreiningu, er það lækkun um 300 milljónir króna frá fyrra ári en á móti kemur aukin fjárheimild til gjaldfærðs viðhalds fasteigna sem nemur 300 milljónum króna. Áfram verður unnið að sérstöku átaksverkefni um endurbætur leikvalla, torga og opinna svæða auk þess sem varið verður 450 milljónum til framkvæmda sem kosið verður um undir formerkjum „Betri Reykjavík – Hverfið mitt“.

HELSTU GATNA– OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2018

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2018 eru einkum á íbúasvæðunum á Hlíðarenda, á Kirkjusandi, í Vogabyggð, við Vesturbugt, á RÚV reit og í Úlfarsárdal. Þá verður hafin gatnagerð vegna nýrra atvinnulóða á Esjumelum.

Framkvæmdum verður haldið áfram við breytingar á gatnamótum Geirsgötu, Lækjargötu og Kalkofnsvegar samhliða og í takti við uppbyggingu lóða á Hörpureit. Þá er ráðgert að farið verði í endurgerð Tryggvagötu milli Pósthússtrætis og Lækjargötu sem og í endurgerð Frakkastígs milli Njálsgötu og Lindargötu. Einnig er ráðgert að hafin verði endurgerð Laugavegar milli Hlemms og Katrínartúns.

Haldið verður áfram samstarfi við Vegagerðina um gerð forgangsreina fyrir Strætó við stofnbrautir til að greiða fyrir almenningssamgöngum. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjóltreiddaáætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Áfram verður unnið að bættu umferðaröryggi.

Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Má þar t.d. nefna fjölgun grenndarstöðva í borginni og 1. áfanga við endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Þá verður haldið áfram við uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2014	Raun 2015	Raun 2016	Útk.spá 2017	Áætlun 2018
Úthlutun og sala byggingaréttar*					
	62 íbúðir	164 íbúðir	100 íbúðir	1600 íbúðir	788 íbúðir
Eftir húsgerðum;					
Einbýli	9 íbúðir	11 íbúðir	15 íbúðir	23 íbúðir	23 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	0	70 íbúðir	0	0	0
Fjölbýlishús	53 íbúðir	83 íbúðir	85 íbúðir	1527 íbúðir	765 íbúðir
Eignarekstur					
Fjöldi fasteigna í rekstri	354	351	368	505	600
Flatarmál fasteigna í rekstri m ²	544.132	544.310	540.831	576.834	588.896
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	128	138	149	154	164
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	10	9	10	10	13

*Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 615 mkr. Þar af eru 489 mkr vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum sem hækka um 50% á milli ára í samræmi við tillögu um hækkun á afsláttarviðmiðum. Styrkir borgarráðs nema 25 mkr, nýr hverfissjóður nemur 20 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 81 mkr.

Framlög til atvinnumála eru áætluð 40 mkr. Þar af verði 25 mkr varið til atvinnuátaksverkefna og 15 mkr til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægra bókhalds og launakerfa er áætlaður 106 mkr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 666 mkr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 407 mkr, en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 52,5 mkr. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 207 mkr en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru færð áætluð útgjöld samtals um 2.586 mkr vegna áætlaðra kostnaðaráhrifa ógerðra kjarasamninga og áætlaðra kostnaðaráhrifa vegna samnings við ASÍ um hækkun á mótframlagi í lífeyrissjóð. Slysabætur eru áætlaðar 156 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 180 mkr.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 5.000 mkr árið 2017. Að auki eru gjaldfærðar 392 mkr af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálaskrifstofu um frumvarp að fjárhagsáætlun.

Ýmis kostnaður er áætlaður 2.385 mkr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 1.740 mkr sem er til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála. Áætlaðar eru um 486 mkr sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leigu tækja og áhalda. Gert er ráð fyrir 30 mkr til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 35 mkr til reksturs Höfða og 4 mkr til reksturs á Úlfjótavatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 mkr og 18 mkr við endurskoðunarnefnd. Annar óskiptur kostnaður nemur 65 mkr.

FRAMLÖG TIL B HLUTA FYRIRTÆKJA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð um 905 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 901 m.kr. og framlag til Almanna- varna verði 4,45 m.kr. Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda nemi 1.584 m.kr. og að 7,8 m.kr. fari til Almanna- varna.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjalögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2018 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrar- framlag til SHS	Framlag til Almanna- varna	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		1.583.665	7.823	1.591.488
Reykjavík	56,9%	900.961	4.451	905.412
Kópavogur	16,3%	257.806	1.274	259.080
Hafnarfjörður	13,3%	209.837	1.037	210.874
Garðabær	7,0%	111.189	549	111.738
Mosfellsbær	4,5%	71.392	353	71.745
Seltjarnarnes	2,1%	32.480	160	32.640

STRÆTÓ BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs. eru áætluð 2.225 m.kr., sem skiptast í rekstrarframlag, framlög vegna nemendafargjalda og framlag vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra.

Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að heildarframlög eigenda nemi 3.552 m.kr., sem skiptast í rekstrarframlög, 3.282 m.kr., framlög til niðurgreiðslu á nemendafargjöldum, 130 m.kr. og framlög vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra 140 m.kr. Strætó gerir ráð fyrir að rekstrarframlögin hækki um 331 m.kr. milli ára frá 2017 en áætlað er að tekjur af fargjöldum hækki um 262 m.kr. eða aukist um 13,8% frá áætlaðri útkomu 2017.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptingu sem tilgreind er í eigendasamkomulag. Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó og hlutdeild Reykjavíkurborgar. Nánari útlitun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2018 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting	Rekstrar- framlag	Nema- framlag	Niðurg. farmiða öryrkja og aldraðra	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		3.282.342	130.000	140.000	3.552.342
Reykjavík	62,6%	2.055.661	81.416	87.679	2.224.756
Kópavogur	14,4%	473.777	18.764	20.208	512.749
Hafnarfjörður	10,0%	328.160	12.997	13.997	355.154
Garðabær	6,5%	213.374	8.451	9.101	230.926
Mosfellsbær	4,6%	151.999	6.020	6.483	164.502
Seltjarnarnes	1,8%	59.371	2.351	2.532	64.255

NÝ UPPLÝSINGAKERFI

Áætlun um „Ný upplýsingakerfi“ er fjárfestingaráætlun sem unnin er í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og felur einkum í sér fjárfestingu í innleiðingu á nýrri tækni, nýjum hugbúnaðarkerfum eða nýþróun í tengslum við kerfi sem eru í rekstri. Fjármagninu er hægt að veita í aðkeypta verkefnastjórnun, ráðgjöf eða þróunarvinnu, kaup á hugbúnaðarleyfum eða búnaði og fleira sem hægt er að líta á sem fjárfestingu í nýjum kerfum, nýrri tækni, nýrri virkni kerfa eða framþróun tæknilegra innviða. Áætluð heildarþörf fyrir fjármagn fyrir árið 2018 er 541,3 m.kr. UTD hefur endurmetið þær verkefnislýsingar sem liggja til fyrir og í því mati er gengið út frá því að heildarfjárveiting fyrir næsta ár verði 400 m.kr.

FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

Uppgjörs- og áætlunarkerfi

Ljúka við innleiðingu á uppgjörs- og áætlunarkerfinu Consolidation and Cash. Kerfið mun auðvelda gerð samstæðuuppgjöra og samstæðuáætlunar auk þess að bæta skýrslugerð og eftirlit.

Endurskoðun á Agresso

Post-implementation á Agresso. Setja þarf upp kerfið eins allstaðar en það mun skila sér í mun árangursríkari notkun á öllum hlutum kerfisins og auðvelda alla skýrslugerð.

Innkaupakerfi

Forgreining á innkaupakerfi. Undirbúningur er hafinn með skoðun á heimtum UNSPSC í rafrænum reikningum. Verkefnið er í mótun samhliða aukinni notkun á virkni útboðskerfis.

Útboðskerfi

Ljúka við innleiðingu, þróun og aðlögun á útboðskerfi.

Mannauðs- og launakerfi

Klára innleiðingu á nýju launa- og mannauðskerfi á árinu. Í þessu felst m.a. verkfevnastjórn og ráðgjöf auk annarra gjalda sem búast má við að falli á verkefnið.

Budget Books

Innleiða Budget Books sem er hluti af áætlunarkerfinu í Agresso.

Eignarskráningarkerfi í Agresso

Þetta verkefni hefur líka verið kallað nýtt gjaldskrárkerfi. Snýst um að tengja búnaðarskráningu við Agresso.

Áætluð fjárþörf Fjármálaskrifstofu er samtals 76 m.kr.

SKRIFSTOFA ÞJÓNUSTU OG REKSTURS

Upplýsingakerfi

Val á upplýsingakerfi sem mun m.a. taka við af GoPro. Útboð og upphaf innleiðingar.

Framþróun og nánari greining þjónustu

Greining á þróun og þörfum í þjónustu og afgreiðslu í móttöku. Val á kerfi sem styður við þessar þarfir og gerir þjónustu og afgreiðslu skilvirkari og bætir yfirsýn stjórnenda.

Ný tæknihögun

Framhald verkefna fyrri ára þar sem verið er að bæta og nútímavæða tæknilega innviði miðlægra kerfa. Ná fram auknu hagræði með lækkun hugbúnaðarleyfagjalda, auka afkastagetu, uppfærsla á sýndarvélaumhverfi og áframhaldandi innleiðing skýjalausna. Áhersla verði lögð á nýja högun skráavistun til að koma okkur úr sameignarlausnum og í hybrid skýjahögun.

Rafrænar undirskriftir

Fara í útboð/leita samninga við lausnaraðila um lausn til fullgildra rafrænna undirritana fyrir alla borgina.

Færsla á vefjum borgarinnar úr Content XXL

Finna lausn fyrir birtingu skjala á vefum Borgarskjalasafn og færa þá vefi sem eftir eru í Content XXL í annað kerfi.

Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu þjónustu og reksturs er samtals 66,5 m.kr.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Pappírslausir fundir

Innleiðing á fundargerðarvef sem tekinn hefur verið í notkun.

Áætluð fjárþörf hjá skrifstofu borgarstjórnar er samtals 3 m.kr.

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Aðgangs- og afgreiðslukerfi sundlauga

Sett verði upp samræmt aðgangs- og afgreiðslukerfi. Valið verður kerfi sem getur sinnt báðum þessum þáttum ásamt því ná fram hagræðingu með því að skipta við einungis einn þjónustuaðila.

Vala Frístund í Hitt húsið

Koma upp kerfinu Vala frístund í Hitt húsið og taka þátt í innskráningarhlutanum og beitingum þar að lútandi svo kerfið nýtist þeim sem eru 18 ára og eldri.

Áætluð fjárþörf hjá Íþrótt- og tómstundasviði er samtals 55 m.kr.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Stjórnunarupplýsingar

Undirbúningur og innleiðing á stjórnendaupplýsingakerfi fyrir svið og skrifstofur borgarinnar. Í því felst m.a. aðkeypt verkefnastjórnun og ráðgjöf.

Kortlagning gagna og undirbúningur og vinna við gagnastefnu

Undirbúningur og vinna við gagnastefnu. Kortlagning gagna vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar og rafrænnar langtíma vörslu.

Rafrænar hverfakosningar

Haldið verður áfram að undirbúa og framkvæma rafrænar kosningar í hverfum.

Áætluð fjárþörf hjá Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er samtals 50 m.kr.

MENNINGAR OG FERÐAMÁLASVIÐ

Rafrænt Gestakort

Ráðgjöf og verkefnastjórnun vegna greiningar á lausnum sem í boði eru fyrir rafræn gestakort í stað núverandi korta sem gefin eru út á pappír.

Grunnsýning Sjóminjasafnsins

Miðlun á myndefni í sérhönnuðu ljósmyndatré, setja fram tölfræðiupplýsingar á myndrænu formi o.fl. í tengslum við nýja grunnsýningu á Sjóminjasafninu. Krefst bæði forritunar og sérhæfs búnaðar til miðlunar.

Nýþróun hjá Listasafni Íslands

Þróa áfram kerfi sem þegar eru í rekstri hjá safninu. Vefsíða og gagnagrunnur safnsins, tengingar hans og miðlun upplýsinga á vefnum.

Persónulega bókasafnið

Áframhaldandi þróun á vefsvæði Borgarbókasafnsins, með áherslu á einstaklingsmiðaða miðlun og sjálfsafgreiðslu á forsendum ólíkra markhópa.

Stafræn miðlun inni á söfnum

Uppfæra og þróa stafræna miðlun með það að markmiði að bæta upplifun gesta okkar á fjölbreyttan hátt í nútíma tæknisamfélagi. Setja upp snertiskjái sem nýta þá auknu möguleika sem ný vefsíða og sjálfsafgreiðsla býður upp á og tengja stafrænar upplýsingar við rýmið. Hér koma saman upplifunarhönnun og tækni til að stórauka þjónustu og bæta upplifun gesta sem dvelja á bókasafninu.

Áætluð fjárþörf hjá Menningar- og ferðamálasviði er samtals 49 m.kr.

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Skráningarkerfi grunnskóla

Markmiðið er að SFS búi yfir lifandi gagnagrunni fyrir skráningar og skólasögu allra nemenda í Reykjavík sem stenst nútímakröfur og staðla. Ofan á grunninn væri svo kerfi sem nýtist starfsmönnum SFS við tölfraðivinnu, spár, skýrslur og fjármagnsupplýsingar. Nýtt kerfi mun líka minnka alla villuhættu til muna þar sem grunnurinn ætti að uppfærast sjálfkrafa í stað þess að það þurfi sérstakar keyrslur úr öðrum grunnum (s.s. Þjóðskrá, Mentor).

Nemendaumsjónakerfi

Samhliða nýjum gagnagrunn um nemendur í grunnskólum RVK verður hægt að skoða betur þær lausnir sem í boði eru varðandi umsjón nemenda. Einnig þarf að greina þá stöðu sem er í skólum í dag og hvaða þarfir skólarnir hafa og hvaða forgangsráðun. Ekki er ólíklegt að allar markaðsforsendur séu til staðar og þá þarf að fara í útboð og innleiða nýtt fyrirkomulag samhliða þeim þörfum sem nýr gagnagrunnur SFS þarfnast.

Áframhald á þróun frístundaheimilakerfis

Með verkefninu er stefnt að því að ná fram betri yfirsýn og skilvirkni í samskiptum milli forráðamanna og starfsmanna. Einnig að ná betri yfirsýn yfir alla tölfraði sem auðveldar ábyrga fjármálastjórnun og alla ákvarðanatöku.

Áframhald á þróun Völu leikskólakerfis

Þróa bréfakerfi og tölfraðihluta Völu ásamt faghlutanum samkvæmt þarfagreiningu sem búið er að vinna.

Þjónustugátt UTD og SFS

Áframhald á verkefni frá fyrra ári. Innleiða þjónustugátt/samráðsvettvang sniðinn að þörfum skóla- og frístundastarfs. Haldið er utan um allt á einum stað er tengist þjónustu UTD og skrifstofu SFS sem styður við breytta starfshætti og eflir notkun UT í skóla- og frístundastarfi. Upplýsingasíður, kennslumyndskleið og aukin upplýsingamiðlun í gegnum samfélagsmiðla (t.d. í O365).

Áætluð fjárþörf hjá Skóla- og frístundasviði er samtals 54 m.kr.

VELFERÐARSVIÐ

Velferðarkerfi

Áframhaldandi þróun og færsla þjónustupátta inn í Málaskrá.

Ný velferðarkerfi

Greining á Málaskrárkerfum Velferðarsviðs og þarfagreining á nýju upplýsingakerfi.

Áætluð fjárþörf hjá Velferðarsviði er samtals 30 m.kr.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Búnaður vegna loftgæðamælinga

Tengja mælistöðvar við kerfið og koma í loftið nýrri vefsíðu. Verkefnið snýst eingöngu um að miðla gögnum frá loftgæðamælistöðvum.

Myndasafn Grasagarðsins

Í Grasagarðinum hefur í gegnum árin hlaðist upp stórt safn mynda sem erfitt er orðið að halda utan um. Í dag er myndasafnið geymt á gömlu drifi Grasagarðsins.

Hugbúnaður sem heldur utan um ástand gatna, umsóknir og afgreiðslu grafraleyfa og afnot af borgarlandi

Val á hugbúnaði sem heldur utan um ástand gatna, umsóknir og afgreiðslu grafrarleyfa og afnot af borgarlandi.

Þróun vefjsáa

Uppfæra og þróa vefsjár í takt við nýjar þarfir.

Vinnuskólakerfi

Vinna úr greiningu sem mun liggja fyrir í haust. Líklegast verður annað hvort farið í að endurforrita Cronos núverandi kerfi eða fara í útboð með kerfið.

Endurskoðun á MainManager

Endurskoðun á hugbúnaði sem heldur utan um ábendingarvefinn „Borgarlandið“, fasteignavef og ofin svæði hjá SFV.

Áætluð fjárþörf hjá Umhverfis- og skipulagssviði er 16,5 m.kr.

SAMANTEKT

Svið	Helstu verkefni	Áætluð fjárþörf 2018	Tillaga að fjárveitingu 2018
SÞR	Upplýsingakerfi, framþróun og nánari greining þjónustu, ný tæknihögun, rafrænar undirskriftir	118.000	66.500
MOF	Grunnsýning Sjóminjasafnsins, nýþróun hjá Listasafni Íslands, persónulegra bókasafnið	58.270	49.000
ÍTR	Innleiðing aðgangs- og afgreiðslukerfis	58.000	55.000
USK	Búnaður vegna loftgæðamála, þróun vefsjáa, vinnuskólakerfi og myndasafnr Grasagarðsins	19.500	16.500
SFS	Þróun á skráningarkerfum fyrir frístundaheimili, grunnskóla og leikskóla, þjónustugátt UTD og SFS.	67.500	54.000
SBB	Áframhaldandi innleiðing stjórnunarupplýsinga, ferlagreiningar og kortlagning gagna	72.000	50.000
SBS	Lokið verður við innleiðingu á pappírslausum fundum.	4.000	3.000
VEL	Áframhaldandi þróun Málaskrár Velferðarsviðs.	50.000	30.000
FMS	Lokið verður við innleiðingu á nýju mannauðs- og launakerfi, uppgjörs- og áætlanagerfi og útboðskerfi.	94.000	76.000
Samtals		541.270	400.000

B-HLUTA FYRIRTÆKI

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun	Útkomuspá	Áætlun		Fimm ára áætlun		
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrartekjur	3.409.542	3.632.899	3.832.269	3.908.914	3.987.093	4.066.835	4.148.171
Tekjur samtals	3.409.542	3.632.899	3.832.269	3.908.914	3.987.093	4.066.835	4.148.171
Laun og launatengd gjöld	875.517	903.248	955.071	955.071	955.071	955.071	955.071
Annar rekstrarkostnaður	1.065.435	1.565.901	1.330.283	1.330.283	1.330.283	1.330.283	1.330.283
Afskriftir	764.238	820.000	820.000	852.998	947.960	1.028.386	1.028.652
Rekstrargjöld samtals	2.705.190	3.289.149	3.105.354	3.138.352	3.233.314	3.313.740	3.314.006
Fjármunatekjur/gjöld	38.436	10.000	0	-12.449	-11.614	-6.926	-10.846
Rekstrarniðurstaða	742.788	353.750	726.915	758.113	742.165	746.169	823.318

STARFSFÓLK


	2016	2017	2018
Fjöldi starfsmanna	77	77	77
Fjöldi stöðugilda	67	67,5	67
Eftir rekstrareiningum:			
Rekstrardeild	18	18	18
Hafnarþjónusta	32	32	33
Skrifstofa	17	17,5	16

HLUTVERK


Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

SKIPTING REKSTRAR 2018

Skipting rekstrartekna



Skipting rekstrargjalda



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Áætlun áráanna 2018 til 2022 byggist á þeim grunni sem áætlun ársins 2018 ber með sér og þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegri breytingu á umfangi rekstrar þessi ár en áætlaðar tekjur hækka að raungildi um 2% á ári. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangs röðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrargjöldum fyrirtækisins.

Ólíkt flestum öðrum höfnum innanlands og erlendis þá njóta Faxaflóahafnir sf. engra styrkja eða framlaga frá opinberum aðilum til uppbyggingar og mikilvægra verkefna. Fjárfestingar og framkvæmdir þurfa því að miðast við að til lengri tíma skili tekjur því að standa undir fjárfestingu, viðhaldi og rekstrarkostnaði. Þess vegna er áhersla lögð á mikilvægi þess að fjárhagur fyrirtækisins hafi ávallt þann styrk og slagkraft til þess að sinna því hlutverki sem fyrirtækið hefur í þágu eigenda sinna. Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að þeirri stöðu verði haldið.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa.

Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum.

Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða.

Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins.

Rekstur áhaldahúss og rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á umfangi þjónustu og rekstrar á næstu fimm árum.

FRAMLÖG (EF VIÐ Á)

Engin framlög til rekstrar eða fjárfestinga, sbr kaflann: Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining.

FJÁRFESTINGAR

Gamla höfnin:

- Lokið verður endurnýjun á 2. áfanga hafnarbakka á Norðurgarði. Verkið hófst árið 2016 og verklok verða vorið 2018. Heildarkostnaður Faxaflóahafna við verkið er áætlaður um 460 mkr.
- Unnið verður að endurbótum á rafdreifikerfum til skipa í Gömlu höfninni.
- Öldubríótur við Suðurbugt verður endurnýjaður og sá eldri færður í Vesturbugt.
- Önnur verk eru; ýmis frágangur hafnarmannvirkja, kaup á flotbryggjum, og ýmis frágangur lands, gatna og umhverfis.

Sundahöfn:

- Framkvæmdir við nýjan 470 metra langan Kleppsbakka í Sundahöfn standa yfir. Þetta er helsta framkvæmd hafnar á árunum 2016 - 2019 og kostnaður við verkið er áætlaður um 2.500 mkr.
- Hafin verður dýpkun Viðeyjarsunds og innsiglingar að Kleppsvík. Þetta er stórt verkefni sem standa mun yfir á árunum 2018 -2020.
- Unnið verður að þróun lands, gatnagerð og uppbyggingu á svæðinu utan Klepps í Sundahöfn á árinu.
- Gert er ráð fyrir kostnaði við landgerð við Sævarhöfða í samræmi við samning við Björgun ehf.

Grundartangi:

- Lokið verður við hækkun kantbita og ýmsan frágang Tangabakka.
- Land- og lóðafrágangur fyrir nýjar lóðir fyrir Eimskip á Grundartanga.

Akranes:

- Hafin verður endurnýjun og lenging fremsta hluta Aðalhafnargarðs ásamt dýpkun og lengingu brimvarnargarðs. Framkvæmdir við þessi verk öll munu standa yfir á árunum 2018 -2021.
- Gengið verður frá öldudempun og sjóvörn á milli Aðalhafnargarðs og Batabryggju.

í millj. kr.	2018	2019	2020	2021	2022
Gamla höfnin	360	330	260	270	350
Sundahöfn	1.080	1.170	640	625	880
Grundartangi	215	160	130	70	45
Akranes	160	500	380	280	0
Tæki og búnaður	30	30	530	530	30
Faxaflóahafnir sf. alls	1.845	2.190	1.940	1.775	1.305

í millj. kr.	2018	2019	2020	2021	2022
Hafnarvirki	1.265	1.650	1.040	770	730
Land og lóðir	270	165	65	60	5
Götur	220	215	185	250	290
Húseignir	30	100	110	140	250
Siglingarverndarbúnaður	30	30	10	25	0
Tæki og búnaður	30	30	530	530	30
Faxaflóahafnir sf alls:	1.845	2.190	1.940	1.775	1.305

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárhagsstaða Faxaflóahafna sf. er og hefur verið sterk og miðað er við að þeirri stöðu verði haldið á árinu 2018. Vegna aukinna verkefna lækkar handbært fé á árinu 2017 og með því umfangi framkvæmda sem stillt er upp árið 2018 er gengið enn frekar á handbært fé. Engar lántökur eru fyrirhugaðar, Faxaflóahafnir sf. framkvæma og starfa á eigin aflafé.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2014	2015	2016	Áætlað 2017	Áætlað 2018
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.406	1.447	1.502	1.500	1.500
Brúttótonn skipa í þús. tonna	9.118	9.233	9.316	10.300	10.500
Heildarflutningar í þús. tonna	3.645	3.778	3.813	4.100	4.180
Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	1.081	1.187	1.217	1.250	1.280
Innflutningur til stóriðju	1.131	1.211	1.240	1.270	1.300
Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	434	446	495	465	474
Útflutningur frá stóriðju	443	395	460	490	500
Landaður afli í þús. tonna	153	147	112	100	100
Skemmtiferðaskip	91	108	114	133	130
Fjöldi farþega	104.800	100.141	98.676	127.000	141.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	63	65	67	67,5	67
Eignarland alls í hekturum	1.025	900	890	890	890
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	348	322	329	330	335
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.316	8.368	8.326	8.350	8.500

MEGIN FORSENDUR OG MARKMIÐ

Eftirfarandi er frumvarp að áætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2017–2022. Hún er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir félagsins eru ekki afskrifaðar en eru endurmetnar í takt við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takt við vísitölur eins og skilgreint var af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir breytilegt verðlag á tímabilinu 2017 til 2022 og í takt við líklega þróun íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík á komandi árum.

Áætluð stækkun á eignasafni félagsins er metnaðarfull en gert er ráð fyrir að 736 nýjar leigugeiningar bætist við safnið á tímabilinu 2017–2022, þar af yfir 100 einingar á árinu 2018. Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með því að:

- Kaupa íbúðir á almennum fasteignamarkaði.
- Kaupa íbúðir úr verkefnum hjá óskyldum félögum eða nýbyggðar íbúðir af verktökum.
- Kaupa íbúðir úr Reykjavíkurborg.
- Byggja á vegum félagsins íbúðarhús á lóðum sem Reykjavíkurborg úthlutar félaginu.

Undanfarin tvö ár hefur helsta aðferð félagsins til stækkunar eignasafnsins verið kaup á notuðum íbúðum á almennum markaði, en langmest þörf er á að fjölga litlum íbúðum í eignasafninu. Framboð af slíkum eignum hefur hins vegar verið mjög takmarkað undanfarin misseri en hefur þó framboðið verið að glæðast á allra síðustu mánuðum og gert er ráð fyrir að kaup á markaði verði veruleg á árinu 2018. Frá árinu 2019 er gert ráð fyrir að litlar íbúðir verði aðallega keyptar úr verkefnum sem byggð eru í Reykjavík af aðilum ótengdum félaginu á lóðum þar sem Reykjavíkurborg hefur ítök. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagið byggi sjálft 44 almennar íbúðir sem tilbúnar verða til notkunar árið 2020.

FJÖLGUN EININGA TIL ÚTHLUTUNAR

Í samvinnu við Velferðarsvið viðhalda Félagsbústaðir áætlun um þróun eignasafns félagsins næstu árin. Eftirfarandi töflur eru unnar upp úr þessari áætlun. Gert er ráð fyrir að eignum fjölgi á tímabilinu um 736 leigugeiningar, þar af 85 í sértækum búsetuúrræðum. Talning miðar við árið sem leigugeiningar eru teknar í notkun. Hér eru ekki talin með verkefni sem mikil óvissa ríkir um að raungerist.

FJÁRMÖGNUNARÞÖRF

Gert er ráð fyrir að stærð leigugeininga sé á bilinu 40 - 80m² og einingaverðum sem eru í takt við reynslu félagsins af kaupum og framkvæmdum. Heildarfjármögnunarþörf vegna ofangreindra verkefna er áætluð eins og fram kemur á töflunni hér til hliðar. Heildar fjármögnunarþörf er ætluð rúmum 21 milljarðar á tímabilinu.

Fjölgun leigugeininga		Lok					
Reitur		2017	2018	2019	2020	2021	2022 Alls
Almennar	51	100	131	178	129	25	614
Utankjarnaíbúðir		5	6	16			27
Þjónustuíbúðir				10			10
Sértæk búsetuúrræði			19	15	45	6	85
Alls	51	124	162	239	135	25	736

Fjölgun leigugeininga		Lok					
Tegund framkvæmd		2017	2018	2019	2020	2021	2022 Alls
Forleiga				20			20
Kaup á markaði	46	98	30	38	25	25	262
Kaup nýframkvæmd				98	47	15	160
Kaupréttur nýframkvæ	5	14	14	110	89		232
Nýframkvæmdir FB			12	44	6		62
Alls	51	124	162	239	135	25	736

Fjárfestingar		2017	2018	2019	2020	2021	2022	Alls
Kaup á markaði	1.250	2.987	1.476	3.051	762	762		10.288
Nýframkvæmdir FB	378	616	476	574	252	0		2.296
Kaup nýframkvæmd	0	1.019	2.077	744	372	0		4.212
Kaupréttur nýframkvæ	157	360	198	555	2207	0		3.478
Eignfært viðhald	80	200	200	200	200	200		1.080
Alls	1.865	5.182	4.428	5.125	3793	962		21.354

TÖLULEGAR FORSENDUR

Eftirfarandi eru helstu tölulegu forsendur fyrir fjárhagsáætlun Félagsbústaða

Félagsbústaðir 2017 10 23 - AFI, KG										
Áætlun: 2017 - 2022			GRUNNMYND: Fimm ára áætlun breytilegu verðlagi 2018-2022							
Forsendur um þróun umhverfis	Vísit.	Eining	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Mitt ár - Vísitala neysluverðs	M-VNV	-	1,03%	1,93%	2,70%	2,90%	2,70%	2,60%	2,50%	
Mitt ár - Vísitala byggingakostnaðar	M-VBK		6,82%	-0,14%	7,00%	5,00%	2,50%	2,50%	2,50%	
Mitt ár - Launavísitala	M-LV	-	11,10%	7,06%	6,50%	5,90%	4,60%	4,30%	4,20%	
Mitt ár - Vísitala íbúðaverðs	M-VÍ	-	11,73%	19,60%	8,00%	7,00%	5,00%	2,50%	2,50%	
Mitt ár - Upps - Vísitala neysluverðs	M-VNV		1	1	1,027	1,0568	1,0853	1,1135	1,1414	
Mitt ár - Upps - Vísitala byggingarkost	M-VBK		1	1	1,07	1,1235	1,1516	1,1804	1,2099	
Mitt ár - Upps - Launavísitala	M-LV		1	1	1,065	1,1278	1,1797	1,2304	1,2821	
Mitt ár - Upps - Íbúðaverð	M-VÍ		1	1	1,08	1,1556	1,2134	1,2437	1,2748	
Lok árs - Vísitala neysluverðs	L-VNV		1,48%	2,10%	3,05%	2,80%	2,65%	2,55%	2,50%	
Lok árs - Vísitala íbúðaverðs	L-VÍ		15,67%	13,20%	7,50%	6,00%	3,75%	2,50%	2,50%	
Lok árs - Upps - Vísitala neysluverðs	L-VNV		1	1	1,0305	1,0594	1,0874	1,1152	1,143	
Lok árs - Upps - Vísitala íbúðaverðs	L-VÍ		1	1	1,075	1,1395	1,1822	1,2118	1,2421	
Þróun eignasafns										
Nýjar eignir		Íbúðir	115	51	124	162	239	135	25	
Sala eigna		Íbúðir	-3	-2	-2	-2	-2	-2	0	
Kaup á markaði		Mkr	754	3.296	2.987	1.476	3.051	762	762	
Nýframkvæmdir FB		Mkr	246	486	616	476	574	252	0	
Kaup nýframkvæmd		Mkr		5	1.019	2.077	744	372	0	
Kaupréttur nýframkvæmd		Mkr		0	360	198	555	2.207	0	
Eignfært viðhald		Mkr	215	80	200	200	200	200	200	
Annar eignfærður kostnaður - fast verðlag		Mkr	62	60	60	60	60	60	60	
Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald		-	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	
Lánshlutfall kaupa og nýframkvæmdir		-	66%	66%	66%	66%	66%	66%	66%	
Lánshlutfall sala		-	52%	47%	46%	45%	45%	45%	45%	
Stærð eignasafns		Íbúðir	2.438	2.487	2.609	2.769	3.006	3.139	3.164	
Mitt ár - Magnbreyting eignasafn			1,043	1,034	1,035	1,055	1,074	1,064	1,026	
Lok árs - Upps - Magnbreyting eignasafn		-	1,000	1,020	1,070	1,136	1,233	1,288	1,298	
Meðal markaðsverð í lok árs	L-VÍ	Mkr/íb	23,6	31,3	33,6	35,7	37,0	37,9	38,9	

Skýringar, hugleiðingar og fyrirvarar

- Allar upphæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs nema annað komi fram í texta.
- Blátt letur táknar forsendur, svart letur táknar afleiddar stærðir og rautt letur táknar útgönguspá ársins 2017.
- Áætlun fyrir rekstur í lok ársins 2017 hefur verið uppfærð m.t.t. 6 mánaða uppgjörs félagsins.
- Stækkun eignasafns verði til og með árinu 2017 fjármögnuð að 66% hluta með lánum, 12% hluta með eiginfjárframlagi/stofnstyrk frá Reykjavíkurborg en að 22% hluta með stofnstyrk frá ríki.
- Til að halda jafnvægi í sjóðstreymi næstu tvö árin er gert ráð fyrir að leiguverð FB hækki um 5% umfram vísitölu neysluverðs á miðju ári 2018.

REKSTUR

Tekjur		Eining	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Leigutekjur	M-ÍV	Mkr	3.081	3.381	3.878	4.316	4.760	5.197	5.464
Aðrar tekjur	M-ÍV	Mkr	222	282	314	350	386	421	443
Tekjur Alls	M-ÍV	Mkr	3.303	3.663	4.192	4.666	5.146	5.618	5.906
Kostnaður									
Rekstur fasteigna	M-VNV	Mkr	-390	-400	-434	-471	-519	-567	-596
Viðhald	M-VNV	Mkr	-714	-740	-802	-871	-961	-1.049	-1.103
Fasteignagjöld		Mkr	-315,5	-228	-278	-338	-387	-428	-444
Vatns- og fráveitugjöld		Mkr		-144	-175	-214	-245	-270	-280
Tryggingar		Mkr	-57,6	-59	-66	-73	-80	-88	-92
Laun og launatengd gjöld	M-LV	Mkr	-210	-245	-283	-316	-355	-394	-421
Annar skrifst.- og stjórnunarkostnaður	M-VNV	Mkr	-88	-81	-94	-102	-113	-123	-129
Framlag til afskrifta viðskiptakrafna	M-VNV	Mkr	-12	-35	-49	-53	-59	-64	-68
Afskriftir eigna til eigin nota	M-VNV	Mkr	0	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld, nettó	M-VNV	Mkr	-1.034	-1.224	-1.359	-1.497	-1.639	-1.771	-1.848
Alls		Mkr	-2.820	-3.156	-3.539	-3.934	-4.358	-4.754	-4.981
Afkoma fyrir verðbætur og matsbreytingu		Mkr	483	506	653	732	788	864	926
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		Mkr	1.517	1.730	2.012	2.229	2.427	2.635	2.774
Hagnaður fyrir fjármagnsliði/Tekjur		-	45,9%	47,2%	48,0%	47,8%	47,2%	46,9%	47,0%

Skýringar

- Í líkaninu er gert ráð fyrir að leigutekjur þróist í takt við vísitölu neysluverðs og magnbreytingu en þar að auki **hækki leiguverð allra eigna um 5% umfram verðlag á miðju ári 2018.**
- Leiguverð á markaði er nú að jafnaði um 40-60% hærra en hjá FB. Það er því nokkuð svigrúm til hækkunar leiguverðs hjá félaginu án þess að vera nærri markaðsleigu.
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds.
- Gert er ráð fyrir að launakostnaður hjá Félagsbústöðum þróist í takt við umfang eignasafns og launavísitölu.
- Gert er ráð fyrir fasteigna-, fráveitu og brunabótaiðgjöld þróist eins og kynnt hefur verið af borg og váttryggjanda.
- Önnur gjöld eru áætluð sem hlutfall af tekjum hvers árs, eftir að búið er að leiðrétta hlutfall fyrir leiguverðshækkun.
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald á hverju ári sé um 20% af tekjum hvers árs.
- Gert er ráð fyrir að eignfært viðhald verði 200 milljónir á ári á verðlagi ársins 2017 og verði fjármagnað að fullu með lántöku.
- Búið er að netta út allan VSK sem félagið getur fengið endurgreiddan.
- Spennu gætir á byggingamarkaði en félagið bregst við því með að reyna að halda viðhaldsframkvæmdum í lágmarki meðan ástandið varir og beina orku sinni í að skipuleggja og undirbúa framkvæmdir sem fara í framkvæmda þegar um hægist.
- Gert er ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum eigna.

MATSBREYTINGAR OG EFNAHAGUR

Matsbreyting		Eining	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils	L-ÍV	Mkr	53.494	65.654	78.417	89.592	99.693	109.217	116.161
Breyting á eignasafni á tímabilinu	L-ÍV	Mkr	941	3.724	5.294	4.726	5.786	4.214	971
Verðmæti fyrir matsbreytingu	L-ÍV	Mkr	54.435	69.378	83.711	94.318	105.479	113.431	117.133
Verðmæti eftir matsbreytingu	L-ÍV	Mkr	65.654	78.417	89.592	99.693	109.217	116.161	120.037
Breyting á verðmæti eignasafns	L-ÍV	Mkr	12.160	12.763	11.175	10.101	9.524	6.944	3.875
Keyptar eignir		Mkr	-754	-3.301	-4.702	-4.262	-5.199	-3.992	-971
Nýframkvæmdir	L-ÍV	Mkr	-246	-486	-659	-535	-661	-297	0
Seldar eignir	L-ÍV	Mkr	59	63	67	71	74	76	0
Eignfært viðhald	LV	Mkr	-261	-80	-214	-225	-230	-236	-242
Annar eignfærður kostnaður	M-VBK	Mkr	-62	-60,0	-64,2	-67,4	-69,1	-70,8	-72,6
Matsbreyting fjárfestingaeigna		Mkr	10.896	8.899	5.603	5.083	3.439	2.424	2.589
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		Mkr	1.517	1.730	2.012	2.229	2.427	2.635	2.774
Vaxtagjöld	M-VNV	Mkr	-1.034	-1.224	-1.359	-1.497	-1.639	-1.771	-1.848
Verðbætur langtímalána	M-VNV	Mkr	-477	-676	-1.020	-1.214	-1.234	-1.305	-1.342
Matsbreyting fjárfestingaeigna		Mkr	10.896	8.899	5.603	5.083	3.439	2.424	2.589
Söluhagnaður (tap)		Mkr	0						
Hagnaður		Mkr	10.902	8.729	5.236	4.601	2.994	1.982	2.173
Efnahagur í lok tímabils			2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Eigið fé		Mkr	32.712	42.748	49.829	56.085	61.094	64.558	67.086
Skuldir	L-VNV	Mkr	35.043	37.765	41.854	45.696	50.206	53.682	55.025
Alls fjárfestingaeignir	L-ÍV	Mkr	67.754	80.513	91.683	101.780	111.300	118.240	122.111
Eiginfjárlutfall		-	48,3%	53,1%	54,3%	55,1%	54,9%	54,6%	54,9%

Skýringar og hugleiðingar

- Skuldir og efnahagur í lok árs 2017 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 6 mánaða uppgjöri.
- Skuldir félagsins vaxa í takt við íbúðakaup og eignfært viðhald en minnka í takt við afborganir lána.
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggt jafngreiðslulán með 3,0% vöxtum til 40-50 ára, en það er í samræmi við þau kjör sem talið er að félaginu standi til boða í október 2017 þegar þessi áætlun er unnin.
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánum voru framreiknaðir í lánahermi.
- Hækkun á verðlagi fasteigna hefur jákvæð áhrif á eiginfjárlutfall félagsins. Þessa hækkun má að einhverjum hluta raungera í sjóðstreymi með því að selja lítið skuldsettar íbúðir, en það er ekki á dagskrá fyrr en unnið hefur verið á biðlistum. Hækkun á verðlagi fasteigna hefur líka þau áhrif að félagið þarf að greiða sífellt hærra verð fyrir nýjar fasteignir við stækkun eignasafnsins og hærri fasteignagjöld af öllum eignum félagsins.

SJÓÐSTREYMI



Sjóðstreymi	Eining	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)	Mkr	1.517	1.730	2.012	2.229	2.427	2.635	2.774
Breyting á skammtímaskuldum/kröfum		4	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	Mkr	-1.022	-1.224	-1.359	-1.497	-1.639	-1.771	-1.848
Handbært fé frá rekstri	Mkr	499	506	653	732	788	864	926
Kaup eigna	Mkr	-754	-3.301	-4.702	-4.262	-5.199	-3.992	-971
Sala eigna	Mkr	59	63	67	71	74	76	0
Nýframkvæmdir	Mkr	-246	-486	-659	-535	-661	-297	0
Eignfært viðhald	Mkr	-261	-80	-214	-225	-230	-236	-242
Annar eignfærður kostnaður	Mkr	-62	-60	-64	-67	-69	-71	-73
Breyting á skammtímakröfum	Mkr	-7	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar	Mkr	-1.271	-3.864	-5.572	-5.018	-6.085	-4.521	-1.286
Hlutfé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg	Mkr	160	523	738	662	806	593	142
Stofnframlag frá Ríki	Mkr	0	785	1.107	992	1.209	890	213
Afborganir lána	Mkr	-554	-632	-710	-795	-928	-1.086	-1.170
Ný lán (Kaup, framkvæmd og eignf. viðhald)	Mkr	4.939	3.069	3.795	3.435	4.143	3.114	931
Breyting skamtímalána	Mkr	-2.213	-1.779					
Uppgreidd lán (íbúðasala)	Mkr	-10,7	-32	-32	-33	-33	-34	0
Fjármögnunarahreyfingar	Mkr	2.321	1.934	4.898	4.262	5.198	3.477	116
Breyting á handbæru fé	Mkr	1.550,0	-1.424	-21,4	-24,1	-99,1	-180,4	-244,0
Áætlað handbært fé í lok tímabils	Mkr	1.414,0	-10	-31,6	-55,7	-154,9	-335,3	-579,2

Skýringar

- Gert er ráð fyrir að hlutfjárframlag/stofnframlag vegna nettó stækkunar eignasafnsins komi frá eiganda og Ríki.
- Innborgað hlutfé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg verði tæplega 3,0 milljarðar og tæplega 4,5 milljarðar frá ríki á tímabilinu 2018-2022.
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímakröfum/eignum á tímabilinu.
- Að þessu gefnu verður breyting á handbæru fé í járnnum á tímabilinu 2018-2019 þegar það byrjar að gefa nokkuð eftir.
- Í farvatninu er endurfjármögnun á óhagstæðum lánum félagsins sem ef vel tekst til mun lækka nokkuð greiðslubyrði lána og stuðla að betra jafnvægi í sjóðstreymi en hér kemur fram.
- Sjóðstreymi félagsins er mjög viðkvæmt fyrir breytingum á leiguverði, rekstrarkostnaði, stækkun eignasafns og lánskjörum.
 - Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða.
 - Aukning í gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur strax mikil áhrif á handbært fé félagsins.
 - Aukning í eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapar takmarkarkaðar nýjar tekjur en aukinn vaxtakostnað.
 - Stækkun eignasafns hefur neikvæð áhrif á sjóðstreymi þar sem nýjar dýrar íbúðir eru ósjálfbærar í útleigu.
 - Breyting á vaxtakjörum og/eða lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé félagsins.
- Gert er ráð fyrir að breyting á handbæru fé verði neikvæð í lok árs 2017.

HELSTU MÆLIKVARÐAR ÚR REKSTRI

Mælikvarðar, kennitölur	Eining	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Afborganir og vextir	Mkr	-1.576	-1.856	-2.069	-2.292	-2.567	-2.857	-3.018
Vaxtaþekja	-	1,47	1,41	1,48	1,49	1,48	1,49	1,50
Skuldaþekja	-	0,96	0,93	0,97	0,97	0,95	0,92	0,92
Eiginfjárhlutfall	-	48,3%	53,1%	54,3%	55,1%	54,9%	54,6%	54,9%
EBIT án gjaldfærðs viðhalds	Mkr	2.230	2.470	2.814	3.099	3.387	3.683	3.876
Vaxtagjöld	Mkr	1.034	1.224	1.359	1.497	1.639	1.771	1.848
Áætlað viðhald	Mkr	973,4	1049,1	1162,9	1269,7	1395,1	1491,8	1529,2
Sjálfbærni	-	1,11	1,09	1,12	1,12	1,12	1,13	1,15
Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum	-	47,7%	50,7%	49,4%	49,1%	49,9%	50,8%	51,1%
Gjaldfært viðhald	Mkr	714	740	802	871	961	1.049	1.103
Eignfært viðhald	Mkr	261	80	214	225	230	236	242
Alls	Mkr	974	820	1.016	1.095	1.191	1.285	1.345
Gjaldfært viðhald/Tekjur v-ás	-	21,6%	20,2%	19,1%	18,7%	18,7%	18,7%	18,7%
(Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Tekjur v-ás	-	29,5%	22,4%	24,2%	23,5%	23,1%	22,9%	22,8%
Eignfært viðhald / Efnahagur	-	0,4%	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
(Gjaldfært + Eignfært viðhald) / Efnahagur h-ás	-	1,4%	1,0%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%	1,1%




Skýringar, hættur, varnaglar og hugleiðingar

- Sjálfbærni = $(EBIT - \text{gjaldfært viðhald}) / ((\text{skuldir} / (40 * 0,9)) + \text{vaxtagjöld})$
- Vaxtaþekja, skuldaþekja og sjálfbærni eru ofan viðmiðunarmarka sem eru 1,4; 0,9 og 1,1 á áætlunartímanum nema hvað útlit er fyrir að sjálfbærniskilyrði verði ekki fullnægt á árinu 2017

ÞRÓUN EIGNASAFNS

Framundan er veruleg stækkun á íbúðasafni félagsins. Ef áætlunin gengur eftir mun fjöldi íbúða fara úr tæplega 2.500 íbúðaeiningum í lok árs 2017 í tæplega 3.200 íbúðareiningar í lok árs 2022. Þessi fjölgun eigna um ríflega 700 samsvarar um 30% stækkunar safnsins á 5 ára tímabili eða meira en 100 íbúðir á ári að meðaltali. Að stærstum hluta mun safnið vaxa með kaupum á íbúðum úr nýbyggingum. Það er nokkur breyting frá því sem verið hefur, en félagið hefur undanfarin ár að mestu treyst á kaup á notuðum íbúðum á markaði til að stækka eignasafn sitt. Gera má ráð fyrir að íbúðir í nýbyggingum verði léttari í viðhaldi heldur en eldri eignir félagsins.



Í mannfjöldaspá fyrir Reykjavík er í miðspá gert ráð fyrir að fjölgun íbúa í Reykjavík verði um 0,9% á ári að jafnið á tímabilinu. Hlutfallsleg fjölgun íbúða í safni Félagsbústaða er því nokkuð yfir hlutfallslegri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu á tímabilinu. Það verður til þess að fjöldi íbúða á hverja 1.000 íbúa vex úr því að vera 19,9 íbúðir í lok árs 2017 í 24,3 íbúðir í lok árs 2022 sem jafngildir hækkun á þessu hlutfalli um ríflega 20%.


		Raun		Áætlun					
Staða í lok tímabils		2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Almennar félagslegar íbúðir	fjöldi	1.901	1.926	1.977	2.082	2.219	2.413	2.542	2.567
Þjónustuíbúðir aldraðra	fjöldi	307	372	372	372	382	382	382	382
Sértæk búsetuúrræði	fjöldi	118	140	140	159	174	219	225	225
Íbúðir samtals	fjöldi	2.326	2.438	2.489	2.613	2.775	3.014	3.149	3.174
Mannfjöldi í Reykjavík	fjöldi þús	122,6	123,8	124,9	126,0	127,1	128,3	129,4	130,6
Félagslegar íbúðir á 1000 íbúa	-	15,5	15,6	15,8	16,5	17,5	18,8	19,6	19,7
Heildarfjöldi íbúða á 1000 íbúa	-	19,0	19,7	19,9	20,7	21,8	23,5	24,3	24,3
Breyting frá fyrra tímabili									
Almennar félagslegar íbúðir	fjölgun	84	25	51	105	137	194	129	25
Þjónustuíbúðir aldraðra	fjölgun	0	65			10			0
Sértæk búsetuúrræði	fjölgun	0	22		19	15	45	6	0
Alls		84	112	51	124	162	239	135	25

TILFELLAGREINING

Til að meta áhrif ólíkra forsenda á sjóðstreymi eru skilgreindar nokkrar samsetningar helstu áhrifabreyta árið 2018 (tilfelli) og reiknuð út áhrif á sjóðstreymi fyrir hvert tilfelli fyrir árið 2019. Ennfremur er metin þörf á leiguverðshækkun til að mæta neikvæðu sjóðsstreymi ársins 2019 fyrir hvert tilfelli.


Fjárfest 2018	Fjöl 2018	Verðbólga 2018	Fasteigna- verð 2018	Vextir á ný- fjármögnun	Keyra tilfelli	
6.036	224	10%	20%	2,85%		
4.511	174	5%	16%	3,00%		
2.986	124	2,7%	8%	3,15%		
1.461	74	0%	0%			
0	24					
Fjárfest 2018	Fjöl 2018	Verðbólga 2018	Fasteigna- verð 2018	Fjárm- ögnun	Sjóðstreymi 2019	Breyting tekna
6.036	224	2,70%	8%	3,00%	-282,2	6,4%
4.511	174	2,70%	8%	3,00%	-261,2	5,9%
2.986	124	2,70%	8%	3,00%	-240,8	5,4%
1.461	74	2,70%	8%	3,00%	-221,1	5,0%
0	24	2,70%	8%	3,00%	-204,5	4,6%
6.036	224	5,00%	8%	3,00%	-251,6	5,7%
4.511	174	5,00%	8%	3,00%	-230,7	5,2%
2.986	124	5,00%	8%	3,00%	-210,5	4,7%
1.461	74	5,00%	8%	3,00%	-190,8	4,3%
0	24	5,00%	8%	3,00%	-174,5	3,9%

Grafið hér að neðan sýnir samhengi stækkunar eignasafns árið 2018 og þörf á hækkun leiguverðs til að loka sjóðstreymisgáttu árið 2019 m.v. verðbólgu 2,7% eða 5,0% á árinu 2018. Samkvæmt því þyrfti að hækka leiguverð um ríflega 5% á árinu 2018 til að loka fullkomlega sjóðstreymisgáttu árið 2019 hvort sem verðbólga verður 2,7% eða 5,0%. Með meiri fjölgun eigna á árinu 2018 eykst þrýstingur á hækkun tekna/leiguverðs.



BREYTING Á LEIGUVERÐI

Að mati stjórnenda Félagsbústaða er nauðsynlegt að hækka leiguverð hjá félaginu um 5% á næsta ári til að reksturinn standi undir þeim skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur og mun takast á hendur með stækkun eignasafns. Breytingar á ytra umhverfi kalla á þessa hækkun s.s. hækkun fasteignaverðs (og þar með fasteigna- og brunabótaiðgjalda) og hækkun rekstrarkostnaðar, en hækkun vaxtagreiðslna vegna stækkunar eignasafns og ósjálfbærs leiguverðs nýrra eigna. Á grafinu hér að neðan er teiknuð upp þróun helstu rekstrarliða FB frá árinu 2013. Þar kemur fram að allir rekstrarliðir félagsins hafa hækkað umfram tekjur á árunum 2013-2017 nema „Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður“ og „Framlag til afskrifta viðskiptakrafna“.



Samkvæmt samþykktum Félagsbústaða hf á rekstur félagsins að vera sjálfbær. Það stefnir hinsvegar í að reksturinn verði í járnum á árinu 2017 og verði leiguverð ekki hækkað enn frekar en gert var á árinu 2017 lítur út fyrir að hann verði verulega ósjálfbær á árunum 2018–2022. Sjóðstreymi frá rekstri mun þá ekki ná að standa undir þeim skuldbindingum sem félagið hefur tekist á hendur og mun takast á hendur með þeirri stækkun eignasafns sem ofangreinda áætlun felur í sér. Verðbólga umfram spá myndi hafa jákvæð áhrif á sjóðstreymi félagsins þar sem tekjur eru tengdar vísitölu neysluverðs.

Taflan hér að neðan sýnir áætluð áhrif hækkunar leiguverðs á sjóðstreymi félagsins. Ef aðrar forsendur eru samkvæmt skilgreindri sviðsmynd áætlunarinnar en leiguverð er hækkað um 5% á miðju ári 2018 er gert ráð fyrir að sjóðstreymi verði í jafnvægi árin 2018 og 2019.

Lánsþörf s.b.v. breytingu leiguverðs	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Hækkun leigu 0%	1.550,0	-1.424,3	-123,6	-249,0	-346,4	-450,4
Hækkun leigu 2,5%	1.550,0	-1.424,3	-72,5	-137,2	-223,3	-316,0
Hækkun leigu 5%	1.550,0	-1.424,3	-21,4	-24,1	-99,1	-180,4
Hækkun leigu 7,5%	1.550,0	-1.424,3	29,7	90,5	26,1	-43,6

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Fimm ára áætlun			
			2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrartekjur	1.452.671.547	1.740.000.000	1.850.000.000	1.920.000.000	1.980.000.000	2.030.000.000	1.600.000.000
Tekjur samtals	1.452.671.547	1.740.000.000	1.850.000.000	1.920.000.000	1.980.000.000	2.030.000.000	2.090.000.000
Laun og launatengd gjöld	393.055.233	420.000.000	435.000.000	450.000.000	470.000.000	490.000.000	510.000.000
Annar rekstrarkostnaður	911.728.906	1.120.000.000	1.190.000.000	1.240.000.000	1.280.000.000	1.320.000.000	1.360.000.000
Rekstrarkostnaður samtals	1.304.784.139	1.540.000.000	1.625.000.000	1.690.000.000	1.750.000.000	1.810.000.000	1.870.000.000
Rekstrarniðurst. f. afskriftir	147.887.408	200.000.000	225.000.000	230.000.000	230.000.000	220.000.000	220.000.000
Afskriftir	76.986.196	72.000.000	76.000.000	80.000.000	80.000.000	84.000.000	86.000.000
Rekstrarniðurst. f. fjárl.	70.901.212	128.000.000	149.000.000	150.000.000	148.000.000	136.000.000	134.000.000
Fjármagnsliðir	6.702.273	3.500.000	4.000.000	4.500.000	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Skattar	12.435.312	24.900.000	29.000.000	29.100.000	26.210.000	26.300.000	29.900.000
Rekstrarniðurstaða	51.763.627	99.600.000	116.000.000	116.400.000	117.290.000	105.200.000	103.600.000

STARFSFÓLK

	2015	2016	2017	2018
Fjöldi starfsmanna	33	36	39	39
Fjöldi stöðugilda	36	38	39	39
Eftir rekstrareiningum:				
Hráefnadeild	5	5	5	5
Framleiðsludeild	5	4	4	4
Framkvæmdadeild	17	18	19	19
Yfirstjórn	6	9	11	11

HLUTVERK


Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við *Alverk95* og ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 9001* staðli og vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 14001* umhverfisstaðli. Fyrirtækið hefur hafið vinnu við að undirbúa vottun á vinnuöryggi með því að uppfylla kröfur *OHSAS 18000* öryggisstaðals.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er okkar vottunaraðili.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð- og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

SKIPTING REKSTRAR 2018

Skipting rekstrar



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur fyrirtækisins á næsta ári verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum í umsvifum árið 2018 frá fyrra ári. Framleiðsla Malbikunarstöðvar árið 2017 verður sú mesta frá árinu 2008, sem er talsvert meira en það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Sömuleiðis verður útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins sú mesta frá því fyrir hrun. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2018 verði svipuð, eða jafnvel að fjárframlög til viðhaldsaðgerða slitlaga verði aukin lítillega og reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð á næsta ári og hún stefnir í að verða árið 2017.

Forgangsatriði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma og framtíðar staðsetning ákveðin. Einnig er mikilvægt að dýpka innsiglingu og snúningssvæði skipa við Ártúnshöfn svo skip með asfaltfarma og steinefni til fyrirtækisins geti lagst við bryggju. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur fyrir að Malbikunarstöðin Höfði hf. mun víkja af svæðinu í Ártúnshöfða og íbúðabyggð koma í staðinn. Ekki liggur fyrir hvenær það verður né hvar fyrirtækinu verður fundinn staður til framtíðar en starfsleyfi fyrirtækisins gildir til ársins 2019. Eins er það yfirvofandi að þjónustu við Ártúnshöfðahöfn verði hætt fljótlega eftir að Björgun hverfur af svæðinu. Þar með mun lokast fyrir aðkomu skipa með nauðsynleg hráefni til starfseminnar. Unnið hefur verið ötullega að því að finna lóð undir starfsemi fyrirtækisins og ýmsar staðsetningar skoðaðar. Einnig hafa kostnaðargreiningar verið unnar, en þar er nokkrum atriðum ólokið. Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um staðsetningu og hvernig flutningar verða fjármagnaðir miðast áætlunin fyrir árið 2018 og næstu fimm ár við óbreyttar aðstæður.

FJÁRFESTINGAR

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2018 og líklegt er að þær verði svipaðar, eða heldur minni en undanfarið ár, miðað við óbreytta stöðu. Óvæntar uppakomur geta þó sett strik í reikninginn þannig að grípa þurfi til aðgerða. Fjárfestingar ársins 2017 eru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins, en aukin umsvif kölluðu á afkastameiri tæki, auk þess sem verkkaupar gera meiri kröfur um gæði og rekjanleika framleiðslunnar sem kostaði breyttan tækjabúnað. Reglulega þarf að endurnýja tæki og aðlaga framleiðsluferlið að nýjum framleiðslutegundum og til að auka gæði og hagkvæmni í rekstri. Fylgst er með nýjungum á markaði og brugðist við þeim eftir því sem við á við

íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins. Hins vegar er ljóst að þegar framtíðar staðsetning fyrirtækisins liggur fyrir verður að fara í gríðarlegar fjárfestingar við uppbyggingu nýrrar aðstöðu. Þau atriði verða rædd ítarlega í stjórn fyrirtækisins og kynnt eigandanum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fyrirtækið hefur ekki þurft að taka skammtímalán vegna reksturs til þessa og á því hvíla engar langtímaskuldir. Verði ákveðið að fara í auknar fjárfestingar er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir helstu lykiltölur:

Höfði	2013	2014	2015	2016	2017 áætl.	2018 áætl.
Eiginfjárhlutfall	75,3%	86 %	87%	85%	93%	93%
Arðsemi eigin fjár	-4%	2 %	10 %	5 %	8%	9%
Veltufjárhlutfall	2,56	4,39	5,01	4,00	10,9	14
Skuldsetningarhlutfall	0,0%	0,0 %	0,0%	0,0 %	0,0%	0,0%

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Fimm ára áætlun			
			2018	2019	2020	2021	2022
Rekstrartekjur	2.535.555	2.761.258	2.908.488	2.920.018	2.931.664	2.943.425	2.955.305
Tekjur samtals	2.535.555	2.761.258	2.908.488	2.920.018	2.931.664	2.943.425	2.955.305
Laun og launatengd gjöld	1.977.971	2.142.877	2.291.076	2.297.076	2.297.076	2.297.076	2.297.076
Annar rekstrarkostnaður	389.276	448.756	463.763	463.763	463.763	463.763	463.763
Afskriftir	83.026	80.790	90.981	124.190	140.735	149.444	151.816
Rekstrargjöld samtals	472.302	529.546	554.744	587.953	604.498	613.207	615.579
Fjármunatekjur/-gjöld	5.078	-2.463	-12.767	-13.106	-32.919	-32.125	-31.187
Dómsmál vegna gengislána	0	215.291	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	-40.685	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	49.675	243.663	49.902	29.331	6.289	12.141	24.137

STARFSFÓLK

	2016	2017	2018
Fjöldi starfsmanna	157	162	175
Fjöldi stöðugilda	157	162	175
Eftir rekstrareiningum:			
Aðgerðasvið	133	139	152
Aðrir	24	23	23

HLUTVERK

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPTING REKSTRAR 2018



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir að dótturfélag SHS, SHS fasteignir, yrði sameinað móðurfélaginu. Það ferli er enn í vinnslu.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að tekjur SHS, þ.e. samstæðunnar sem auk SHS telur SHS fasteignir og Almanna- og Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins, hækki milli ára um 147 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 74,8 m.kr., tekjur Almanna- og Almannavarna hækki um 0,25 m.kr., framlag eigenda í fjárfestingarsjóð lækki um 7,7 m.kr. Framlag eigenda til rekstrar hækkar um 71 m.kr. eða um 5%. Aðrar hækkanir á tekjum samstæðunnar eru vegna sértekna og tekna vegna húsaleigu.

Helstu áherslur eða breytingar í rekstri fyrir árið 2018 eru litlar en talsverðra breytinga er að vænta í fjárfestingum. Stefnt er að því að keyptar verði fjórar slökkvibifreiðar árið 2018. Einnig er gert ráð fyrir að hefja byggingu nýrrar slökkvistöðvar árið 2019 fyrir slökkvistöðina að Tunguhálsi sem verður seld og er ástæðan fyrst og fremst þörfin á betri staðsetningu með tilliti til viðbragðstíma liðsins.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Aðgerðasvið

Helstu hlutverk aðgerðasviðsins eru slökkvilið og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi útkalla á árinu 2018 er áætlaður 32.950, sem skiptist í 31.700 boðanir sjúkrabifreiða og 1.250 boðanir slökkvibifreiða. Fjöldi útkalla slökkvibifreiða milli ára hefur verið nokkuð stöðugur. Fjöldi sjúkraflutninga hefur aukist jafnt og þétt milli ára en nú í fyrsta sinn virðist vera að hægja á þessari aukningu og í áætlun fyrir árið 2018 er ekki gert ráð fyrir fjölgun sjúkraflutninga. Millispítalaflutningum hjá Landspítala (LSH) hefur fækkað milli ára vegna hagræðingar hjá LSH en á móti hefur öðrum almennum flutningum og flutningum með ósjúkratryggða (útflendinga) fjölgað. Áætlað er að tekjur af sjúkraflutningum aukist um 74,8 m.kr. milli ára eða um 6,9% og skýrist það fyrst og fremst af vísitöluhækkunum. Hlutar tekna vegna sjúkraflutninga af heildartekjum (án húsaleigutekna) er óbreyttur milli ára eða tæp 40%. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum hjá aðgerðasviðinu næstu árin, fyrir utan átak í endurnýjun slökkvibifreiða eins og þegar hefur komið fram.

Aðrir

Hinn mikli straumur ferðamanna til Íslands hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi SHS. Sjúkraflutningum með erlenda ríkisborgara hefur fjölgað verulega og kalla þeir á talsverða umsýslu við innheimtu. Verkefni forvarnasviðs hafa aukist til muna vegna fjölgunar gisti- og veitingastaða sem hafa þarf eftirlit með, sem og aukinnar búsetu í atvinnuhúsnæði. Mikið átak og framfarir í forvörnum í gegnum árin hafa skilað sér í fækkun alvarlegra útkalla slökkviliðsins og þróun SHS á upplýsingakerfi fyrir eldvarnaeftirlit hefur auðveldað eldvarnaskoðanir og eftirfylgni þeirra. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnasviðinu, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerða, öryggisvakta og öryggis- og lokaúttekta.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

FRAMLÖG

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem eru eigendur SHS fjármagna rúmlega 54% af rekstri SHS. Á árinu 2017 var framlagið til SHS um 1.520 m.kr. og gert er ráð fyrir að framlagið hækki í um 1.584 m.kr. fyrir árið 2018. Sveitarfélögin fjármagna einnig að fullu rekstur Almanna- og höfuðborgarsvæðisins og er upphæðin 7,8 m.kr. á ári.

	2015	2016	2017	2018
Framlag eigenda til rekstrar í m.kr.	1.336.056	1.336.056	1.416.874	1.488.000
Reykjavík	776.697	771.738	813.515	846.537
Kópavogur	207.154	209.669	226.578	242.233
Hafnarfjörður	175.231	176.238	187.099	197.161
Garðabær	90.658	91.546	97.038	104.472
Mosfellsbær	58.254	58.894	63.034	67.079
Seltjarnarnes	28.063	27.971	29.351	30.518

	2015	2016	2017	2018
Framlag eigenda í fjárfestingarsjóð í m.kr.	52.444	52.444	103.367	95.665
Reykjavík	30.488	30.293	59.349	54.424
Kópavogur	8.131	8.230	16.530	15.573
Hafnarfjörður	6.878	6.918	13.649	12.676
Garðabær	3.559	3.593	7.099	6.717
Mosfellsbær	2.287	2.312	4.599	4.313
Seltjarnarnes	1.102	1.098	2.141	1.962

Framlag Reykjavíkurborgar til Almanna- og höfuðborgarsvæðisins hækkar úr 4,30 m.kr. fyrir árið 2017 í 4,45 m.kr. fyrir árið 2018.

FJÁRFESTINGAR

Í stofnsamningi SHS er ákvæði um að eigendur leggi SHS til árlegt fjárfestingarframlag sem miðað er við fjölda slökkvistöðva. Framlagið breytist árlega miðað við gengisvísitölu (SDR) og verður 95,7 m.kr. fyrir 2018. Fjárfestingarsjóðurinn á að standa straum af nýfjárfestingum í bifreiðum og búnaði fyrir slökkviliðið. Á árunum 2018-2019 er gert ráð fyrir að kaupa fjórar nýja slökkvibifreiðar og gert er ráð fyrir að hver þeirra kosti um 100 m.kr. fullbúin með tækjum. Stjórn SHS hefur samþykkt þessa fjárfestingu. Aðrar fjárfestingar eru í húsnæðismálum. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að selja slökkvistöðina við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð sem verði betur staðsett. Gert er ráð fyrir að nýja stöðin kosti um 514 m.kr en söluverð gömlu slökkvistöðvarinnar við Tunguháls sé um 170 m.kr. Til að ráðast í þessa fjárfestingu, sem samþykkt hefur verið af stjórn SHS, þarf því að fjármagna um 344 m.kr. með auknu framlagi eða lántöku.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga. Fjárhagsleg staða þess er í jafnvægi. Í apríl sl. dæmdi Hæstiréttur Íslandsbanka til þess að greiða SHS 215 m.kr. vegna ólögmætra gengistryggðra lána og ákvað stjórn SHS að sú greiðsla myndi ganga upp í uppgjör til Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á A-deild í kjölfar breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en það uppgjör nemur 239 m.kr.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2014	2015	2016	2017	Áætlun 2018
Fjöldi sjúkraflutninga	26.377	28.567	30.797	31.700	31.700
Fjöldi útkalla slökkviliðs	1.159	1.150	1.221	1.250	1.250
Fjöldi skoðana/umsagna forvarnasviðs	3.758	4.000	2.747	2.724	2.964
Fjöldi starfsmanna	149	170	157	162	175
SHS samstæða					
Eiginfjárlutfall	54,4%	64,6%	70,0%	74,8%	73,7%
Veltufjárlutfall	0,52	0,68	0,8	1,06	0,51
Skuldsetningarlutfall	31,8%	20,0%	13,6%	11,8%	11,1%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	4	1	1,7	0,6	1,4

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fargjaldatekjur	1.986.968	2.159.608	2.289.233	2.325.826	2.363.029	2.400.853
Framlag eigenda og ríkis	5.605.187	6.105.196	6.011.564	6.011.564	6.011.564	6.011.564
Aðrar tekjur	185.775	190.791	190.791	190.791	190.791	190.791
Tekjur samtals	7.777.930	8.455.595	8.491.588	8.528.181	8.565.384	8.603.208
Laun og launatengd gjöld	2.423.562	2.502.203	2.511.677	2.518.767	2.525.918	2.533.127
Annar rekstarkostnaður	5.148.319	5.697.651	5.719.223	5.735.369	5.751.650	5.768.067
Afskriftir	210.473	230.000	242.000	254.000	266.000	278.000
Fjármunatekjur/gjöld	24.688	13.893	3.213	1.246	-513	-1.951
Rekstarniðurstaða	20.264	39.634	21.901	21.291	21.303	22.063

STARFSFÓLK

	2018
Fjöldi starfsmanna	321
Fjöldi stöðugilda	302
Stöðugildi eftir rekstrareiningum:	
Rekstarsvið	280,0
Farþegaþjónustuvið	18,5
Annar samrekstur	22,5

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að það þurfi 302 stöðugildi í heildina. Þar af er gert ráð fyrir að það þurfi 230 stöðugildi til að manna allar vaktir vagnstjóra, og þar af er gert ráð ráð fyrir að fjölga þurfi vagnstjórum um að minnska kosti 25 vegna þjónustuaukningar. Áætlun fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir að á meðaltali verði um 26 stöðugildi vagnstjóra mönnuð með yfirvinnu sem er sambærilegt miðað við árið 2017.

HLUTVERK

Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó) og akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Helstu breytingar á milli ára

Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur 2018 hækki um 262 m.kr. milli ára eða um 13,8%, gangi þetta eftir munu fargjaldatekjur 2018 vega um 33% af almennum rekstrarkostnaði Strætó, sem er sambærilegt og undanfarin ár. Í samræmi við eigendasamkomulagið vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur verði 40% af almennum rekstrarkostnaði á næstu árum. Undanfarin ár hefur verðlags hækkun á framlag eigenda miðast við svokallaða Strætó-vísitölu, að undaskildu árinu 2016.

	Vægi	Hækkun	2018
Laun	56%	6,5%	3,6%
Olía	16%	3,1%	0,5%
Nvt.	12%	2,7%	0,3%
Viðhald og varahlutir (undirvísitala nvt.)	16%	2,7%	0,4%
Vegið meðaltal	100%		4,9%

Þjóðhagsspá maí 2017

Í áætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að rekstrarframlag eigenda taki mið af framangreindri áætlaðri hækkun strætó vísitölu.

Í frumvarpi til fjárlaga 2018 er gert ráð fyrir að framlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu verði 889,6 m.kr. sem er jafnmikið og það var árið 2017. Meðfylgjandi er tafla yfir framlag ríkisins til Strætó og framlagið ef það hefði tekið breytingum í samræmi við verðlagshækkun eins og kveðið er á um í samningum.

Allar fjárh. í þús.kr	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018*
Framlagið skv. samningi, með hækkun v. verðlagsbreytinga, gr. 6, liður iii	350.000	902.204	925.620	927.198	962.144	1.030.045	1.077.551
Framlagið - raun og áætlað 2018	350.000	902.905	822.600	806.130	889.560	889.560	889.560
Mismunur frá því sem kemur fram í samningi og raun framlagi	-	-701	103.020	121.068	72.584	140.485	187.991

*Hækkun miðað við þjóðhagsspá maí 2017

Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinna gjaldaliða sem er í takt við Strætó-vísitölu, þar sem launakostnaður vegur langþýngst.

Áætlun 2018 felur í sér umtalsvert bættu og aukna þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að auka akstur töluvert t.a.m. með því að auka akstur um kvöld og helgar, auka tíðni ákveðna leiða og að sérstök sumaráætlun með minni þjónustu verði aflögð. Einnig er gert ráð fyrir að farið verði í tilraunaverkefni varðandi næturalakstur og ekið verði aðfaranótt laugardags og sunn dags á völdum leiðum. Samtals er gert ráð fyrir að kostnaður við þjónustuaukningu verði um 414 m.kr.

Helstu verkefni Strætó 2017

Í fjárhags- og starfsáætlun Strætó var samþykkt að fara í umtalsverðar breytingar á leiðakerfi Strætó sem taka eiga gildi í byrjun næsta árs, þar á meðal var samþykkt að auka akstur um kvöld og helgar, auka tíðni á ákveðnum leiðum og fara í tilraunaverkefni með næturalakstur aðfaranótt laugardags og sunnudags. Mikil vinna þarf að eiga sér stað á skipulags- og rekstrarsviði við undirbúning þessa leiðakerfisbreytinga.

Á árunum 2016 og 2017 var fjárfest í ný rafmagnsvögnum sem átti að taka í notkun á þessu ári. Afhending vagnanna hefur ítrekað verið frestað, en nú er gert ráð fyrir að fjórir af níu vögnum komi til landsins fyrir lok árs.


Á árinu 2017 hefur verið fjárfest fyrir um 56 m.kr. í upplýsingatækni, þar vegur þýngst áframhaldandi fjárfesting í rafrænum talningarbúnaði og miðað er við að talningarbúnaður verði komin í um 50% af öllum vagnaflothanum í lok árs. Einnig vegur þýngt áframhaldandi þróun á nýrri heimasíðu og uppfærsla á rauntímaupplýsingum í appinu og á heimasíðunni. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að setja búnað í alla vagna Strætó sem gerir þeim kleift að fá forgang við umferðarljós, gert er ráð fyrir að það verði komið í fulla virkni í lok þess árs.

Á árinu 2017 var samþykkt ný þjónustustefna, þar sem sérstök áhersla er á að veita góða almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna með það að leiðarljósi að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina Strætó. Innleiðing þjónustustefnunnar þvert á fyrirtækið er í gangi og gert er ráð fyrir að vinna við að bæta og efla þjónustu Strætó verði viðvarandi verkefni á næstu árum.

Ný markaðssýn og markaðsnálgun undir slagorðinu „Besta leiðin“ var kynnt í lok árs 2016. Meginmarkmið með þessari breyttu sýn var að ná til nýrra hópa, virkja starfsmenn, fjölga noetendum appsins, fjölga farþegum utan háannartíma og bæta heildarímynd Strætó. Ný markaðssýn, aukin áhersla á þjónustu og bein sölumennska hefur meðal annars skilað sér í bættri ímynd Strætó, fjölgun farþega og í aukinni starfsánægju starfsfólks á árinu 2017.

Undanfarin misseri hefur verið erfitt að manna í störf vagnstjóra og hafa allt að 50 stöðugildi verið mönnuð með yfirvinnu, en í lok árs 2016 og fyrri hluta 2017 hefur gengið heldur betur að fá vagnstjóra til starfa en undanfarin ár. Miðað við fyrirhugaða þjónustuaaukningu í byrjun árs 2018 er ljóst að fjölga þarf um að minnsta kosti 25 ný stöðugildi vagnstjóra.

SKIPTING REKSTRAR 2018



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Yfirstjórn og skipulagssvið

Helstu verkefni á sviði yfirstjórnar Strætó á árinu 2018 verður meðal annars að undirbúa og hafa yfirumsjón með endurnýjun vagnaflotans með tilliti til umhverfisáhrifa, flutningur á starfsemi Strætó í Mjódd upp á Hesthál, samhliða því selja húsnæði Strætó í Mjódd. Önnur helstu verkefni verður áframhaldandi vinna við að aðlaga leiðakerfi Strætó að borgarlínu í samstarfi við SSH.

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 233 starfsmenn. Þar af eru 187 vagnstjórar, 31 á verkstæði, innkaup og þvottahúsi, og 15 í stýringu flotans og í mótuneyti. Í kjölfar samþykktar SSH um aukinn akstur er gert ráð fyrir talsverðri fjölgun starfsmanna til að mæta auknum akstri og annari umsýslu hjá félaginu. Annars vegar er um að ræða lengingu aksturs frá og með janúar og hins vegar að hætta með sumarátætlun. Ráða þarf viðbótar vagnstjóra, flotafulltrúa og bifvélavirkja til að sinna þessum störfum, ásamt sumarafleysingarfólki með tilheyrandi þjálfun. Önnur verkefni ársins eru að taka í notkun rafmagnsvagna, hámarka nýtingu og aðlaga rekstrarþætti verkstæðis vegna þeirra, ásamt því að þjálfa starfsmenn í notkun rafmagnsvagna og hleðslustöðva. Sett verður upp viðbótar upplýsingakerfi vegna rafmagnsvagna og starfsfólki kennt á það. Á verkstæði þarf að setja upp búnað til að fylgjast með sliti, loftþrýstingi og spindilhalla hjólarða og er þar af leiðandi mikið öryggisatriði. Mikið rask verður á húsnæðismálum á Hesthál vegna flutninga starfsfólks frá Mjóddinni að Hesthál. Áfram verður lögð áhersla hagræðing í rekstri á öllu sviðinu.

Farþegaþjónustusvið

Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á farþegaþjónustusviðinu 2016 var lögð áhersla á að fækka símtölum með tæknilausnum og markvissari símsvörum þar sem miðast er við að leysa mál í fyrstu snertingu. Einnig var gerð breyting á vaktakerfi í símsvörum þar sem dregið var úr svörum um kvöldin og um helgar, og fjölgað í símsvörum á dagtíma. Við þetta hefur innhringingum fækkað um 30% á milli ára. Markmið hvers mánaðar er að svara yfir 80% af innhringingum. Einnig var

unnið í að auka einstaklingsmiðaða þjónustuvitund á meðal starfsmanna sem hefur skilað sér í betri þjónustu og ekki síður færri símtölum. Á árinu var starfsmönnum fjölgað í flotastýringu Akstursþjónustu fatlaðra sem hefur skilað sér í mun betri nýtingu á bílum, stöðugri þjónustu og talsverðri hagræðingu fyrir sveitafélögin sem greiða fyrir þjónustuna. Innleiðing á CRM kerfi er á lokametrinum í lok október og nýrri heimasíðu fyrir Akstursþjónustuna var varpað út ásamt því að Akstursþjónustan fékk nýtt símanúmer aðskilið frá aðalnúmeri Strætó. Með þessu stýttist biðtími verulega og símsvarinn stýttist. Framundan er síðan að innleiða „CallBack“ í símaverið sem gefur viðskiptavinum kost á að óska eftir að hringt sé til baka þegar álag er mikið í innhringingum.

Fjármál og rekstur

Undir fjármál og rekstur heyrir fjármál, launavinnsla og bókhald, sölu- og markaðsmál, og upplýsingatækni. Á sviðinu starfa nú 11 manns.

Á árinu hefur verið unnið sérstaklega að því að styrkja sölu- og markaðsmálin, með innleiðingu á nýrri markaðssýn „Besta leiðin“ og beinni sölumennsku, þar sem áhersla er lögð á að hvetja fólk til að nýta sér umhverfisvænar samgöngur og þá auðvitað sérstaklega Strætó. Á árinu hafa allir helstu framhalds- og háskólar landsins verið heimsóttir og nemum verið kynntir kostir þess að fjárfesta í árskortum í Strætó. Mikil áhersla hefur verið lögð á að fjölga fyrirtækjum sem eru með samgöngusamning við Strætó og eru nú 270 fyrirtæki með samning við Strætó. Einnig höfum við gert átak í því hvernig Strætó birtist á samfélagsmiðlum bæði í kynningum og hvernig við svörum viðskiptavinum.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að styrkja innra eftirlit Strætó. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að vinna að því og fylgja því eftir þvert á fyrirtækið á næsta ári ásamt því að nýta upplýsingakerfi til að bæta fjárhagsupplýsingagjöf til stjórnar og stjórnenda.

Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram þeirri vegferð sem nú er hafin við að uppfæra og endurnýja upplýsingakerfi Strætó. Frekari rafvæðing á fargjaldagreiðslum í Strætó, bæði til að gera viðskiptavinum auðveldara að greiða fyrir þjónustuna og auka öryggi greiðslunnar. Mikilvægt er að fara í endurnýjun á núverandi myndavélabúnaði í vögnunum þannig að hann nýtist við að auka öryggi og uppfæra WIFI í vögnunum. Áframhaldandi þróun og uppfærslur á farþegatalningabúnaði og öðrum upplýsingabúnaði í vögnum, eins og forgangur á ljósum o.s.frv. Að lokum er gert ráð fyrir að haldið verði áfram að þróa reglubundnar fjárhagsupplýsingar til stjórnar og stjórnenda.

Mannauðs- og gæðasvið

Mannauðsmál verða áfram í brennidepli í starfsemi Strætó 2018. Stærsta verkefni ársins verður innleiðing á þjónustustefnu. Það er langtímaverkefni sem hefur það að markmiði að efla ennfrekar þjónustu, þekkingu og viðmót starfsmanna Strætó auk þess að fjölga farþegum. Þá verður áfram áhersla á þjálfun og endurmenntun starfsmanna þar sem endurmenntun atvinnubílstjóra er stærsta verkefnið. Skoðaðar verða leiðir til aukinnar rafrænnar kennslu/þjálfunar. Áhersla á öryggismál starfsmanna verður töluverð 2018. Gert er ráð fyrir að efla ennfrekar fræðslu- og forvarnarsamstarf Strætó og VÍS og færa vörslu samstarfsins til mannauðs- og gæðasviðs. Fyrirhugaðar breytingar á akstri hafa í för með sér aukningu stöðugilda og mun því öflun umsækjenda og ráðningar verða annað stórt verkefni á sviðinu. Jafnlaunavottun er í undirbúningi og stefnt er á að þeirri vinnu ljúki í árslok 2018 eða í upphafi árs 2019. Einnig er hafinn undirbúningur vegna breytinga á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá verður áfram áhersla á velferð og heilsu, samvinnu og samskipti og upplýsingagjöf til starfsmanna. Áfram verður unnið að endubótum á rekstri vottaðra gæðakerfa og stuðst við aðferðafræði verkefnastjórnunar í umbóta- og gæðaverkefnum.

FRAMLÖG

Áætlun skipting á heildarframlag á milli eigenda					
	2017	Þjónustu- aukning	Verðlag	2018	
Reykjavík	2.023.775	89.463	95.835	2.209.073	
Kópavogur	454.858	40.760	22.088	517.706	
Hafnarfjörður	329.317	19.292	15.299	363.908	
Garðabær	207.108	15.408	9.948	232.464	
Mosfellsbær	147.469	9.675	7.086	164.230	
Seltjarnarnes	58.791	3.402	2.768	64.961	
Samtals	3.221.318	178.000	153.024	3.552.342	

*Fjárhæðir í þús.kr

FJÁRFESTINGAR

Áætlun 2018 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 700 m.kr. Haldið áfram verði með endurnýjun á vagnaflothanum og fjárfest verði í nýjum vögnum fyrir um 640 m.kr. Jafnframt yrði haldið áfram með þau verkefni sem unnið hefur verið að 2017 og fjárfest verði fyrir um 60 m.kr. í upplýsingatækni 2018, þar vegur þýngst endurnýjun á myndavélakerfi í vögnum og uppfærsla á WIFI, sem er grunnurinn að því að halda áfram með þróun rafrænna greiðslumöguleika í Strætó.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigin fé og lánsfé. Í áætlun fyrir 2018 er heimild fyrir allt að 300 m.kr. lántöku. Eldri lán verða greidd upp á árinu 2018.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	2015	2016	Spá 2017	Áætlun 2018
Heildarfjöldi ekinna KM	7.444.111	8.408.243	8.970.780	10.203.679	9.872.602	9.872.602	10.662.410
Fjöldi ekinna km verktakar	2.915.968	3.274.027	3.723.143	4.387.582	4.047.767	4.047.767	4.371.588
Fjöldi ekinna km Strætó	4.528.143	5.134.216	5.247.637	5.816.097	5.824.835	5.824.835	6.290.822
Olíunotkun Strætó fjöldi lítra	2.098.313	2.337.311	2.366.927	2.447.441	2.391.062	2.391.062	0
Meðaleyðsla á hverja 100 km	46	46	45	42	41	41	41
Fjöldi vagna í reglulegri notkun	133	143	143	148	148	148	158
Fargjaldatekjur í þús.kr.	1.277.416	1.421.798	1.476.801	1.655.369	1.820.595	1.897.711	2.159.608
Hlutfall fargjaldatekna af alm. rekstarkostn.	32,3%	31,1%	30,4%	32,5%	32,7%	31,8%	32,8%
Fjöldi stöðugilda	198	205	241	261	296	296	318

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

	Raun	Útkomuspá	Áætlun		Fimm ára áætlun		
	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Rekstartekjur	3.326	3.747	3.871	3.918	4.115	4.179	4.246
Tekjur samtals	3.326	3.747	3.871	3.918	4.115	4.179	4.246
Laun og launatengd gjöld	947	1.027	1.088	1.120	1.146	1.171	1.195
Annar rekstarkostnaður	1.829	2.035	2.203	2.223	2.243	2.263	2.283
Afskriftir	148	185	338	483	488	439	430
Rekstrargjöld samtals	2.924	3.246	3.628	3.826	3.877	3.872	3.909
Fjármunatekjur/gjöld	17	11	-58	-53	-39	-29	-24
Rekstarniðurstaða	419	512	185	38	199	278	313

HLUTVERK

Í stofnsamningi SORPU bs. er hlutverk fyrirtækisins skilgreint:

- Að útvega og starfrækja urðunarstað fyrir sorpi.
- Bygging og rekstur móttökustöðva.
- Flutningur á sorpi frá móttökustöðvum.
- Framleiðsla og sala á eldsneyti og orku úr sorpi eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Vinnsla og sala á efnum úr sorpi til endurnýtingar eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Samstarf og viðskipti við fyrirtæki er starfa á sviði endurvinnslu úrgangsefna eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Að fylgjast með tækniþróun á sviði sorpeyðingar og endurvinnslu.
- Að sjá um eyðingu hættulegra úrgangsefna.
- Að þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum.
- Að sinna kynningu á verkefnum SORPU bs. og gildi umhverfissjónarmiða við meðhöndlun sorps.
- Gera svæðisáætlanir sbr. lagakröfur hverju sinni.
- Önnur verkefni sem aðildarfélögin fela byggðasamlaginu sérstaklega.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

FORSENDUR

Á eigendafundi þann 6. september 2017 voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og fyrir árið 2017 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri til stærri framkvæmda (gas- og jarðgerðarstöð). Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2017 eru eftirfarandi:

- Vísitala byggingarkostnaðar (neyslúvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar


Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2018 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2017 skv.

útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Þetta á þó ekki við um magn sem berst endurvinnslustöðvunum en í ljós hefur komið að sama nálgun getur ekki átt við á endurvinnslustöðvunum. Í stað þess er magn sem berst endurvinnslustöðvunum áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2017.

Miðað við þróun úrgangs á endurvinnslustöðvunum til júliloka 2017 má gera ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á endurvinnslustöðvunum árið 2017 verði tæp 47.000 tonn. Miðað við áætlaða vísitölu einkaneyslu gengur það nokkuð vel eftir. Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum má sjá í næstu töflu:

Áætlaðar magnbreytingar á endurvinnslustöðvunum:

	2017 ¹	2018	2019	2020	2021	2022
Vísitala einkaneyslu, vísitala=100 árið 2005	115,0	121,0	125,1	128,7	132,4	135,7
Magnvísitala, vísitala=100 árið 2005	124,2	134,3	141,0	146,8	152,3	157,2
Tilsvarandi mótttekið magn, tonn/ári	48.112	52.049	54.646	56.867	59.011	60.929



Mynd 1. Samband vísitölu einkaneyslu og magns á endurvinnslustöðvum – báðar vísitölur settar 100 árið 2005.

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2017. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olú og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og/eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að sama magn af metani seljist á árinu 2018 og útkomuspá fyrir árið 2017 segir til um. Fram til 2019 er gert ráð fyrir óbreyttri sölu metans en hún taki kipp þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa.

Áætlun 2019 – 2022 er gerð á föstu verðlagi ársins 2018.

¹ Miðast við 7 mánaða magntölur

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

REKSTUR

Tekjur

Árin 2018 og 2019 er gert ráð fyrir svipaðri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2019 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2019 – 2022 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

Gjöld

Almennt

Laun taka breytingum skv. kjarasamningum þar sem slíkt er þekkt en annars skv. forsendum Reykjavíkurborgar um launavísitölu. Gert er ráð fyrir að breytingar á verktakasamningum séu í samræmi við áætlaðar gjaldskrárbreytingar, en hvert tilfelli skoðað fyrir sig. Almennur rekstrarkostnaður taki breytingum skv. neyslúvísitölu.

SORPA hefur verið í samstarfsverkefni við Lífdísil hf. um móttöku og vinnslu á sláturúrgangi í nokkur ár – efni sem farið hafði að stærstum hluta í Gými. Verkefnið hefur gengið hægt og hefur áætluðum nafnafköstum ekki verið náð. Bilanir og skemmdir sem hafa orðið á búnaði vegna aðskotahluta í úrganginum sem erfitt hefur verið að koma í veg fyrir. Lífdísil hf. hefur óskað eftir að SORPA yfirtaki rekstur þess hluta er snýr að SORPU bs. Verði af þessum mun starfsmönnum fjölga á urðunarstaðnum en á móti kemur lækkaður verktakakostnaður vegna samninga við Lífdísil hf. Nettóáhrif eru því engin.

Áfram verður unnið að framkvæmd þeirra verkefna sem tiltekin voru í rekstrarúttekt á vegum eigenda og til sparnaðar horfir. Nokkur verkefni eru þegar komin í framkvæmd en önnur í undirbúningi.

Rétt er að hafa í huga að starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi var felld úr gildi snemma árs 2017 af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Urðunarstaðurinn er nú rekin á undanþágu frá starfsleyfi sem gefið er út af umhverfiráðuneytinu. Sú undanþága rennur út 24. október 2018. Nýtt starfsleyfi verður ekki gefið út nema fyrir liggja breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur. Sú breyting getur hins vegar ekki orðið nema að nýtt eigendasamkomulag hafi verið undirritað. **Verði ekki komið nýtt starfsleyfi eða framlengd undanþága þann 24. október 2018 mun öll starfsemi SORPU vegna urðunar í Álfsnesi stöðvast.**

Endurvinnslustöðvar / grenndargámar

Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár eins og fram er komið en tekjur af innheimtu í hliði hafa ekki náð að þróa til jafns við þessa aukningu. Þó hefur innheimta í hliði aukist verulega. Brýnt er að eigendur og SORPA setjist yfir það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvarnar og skoðað sé hvort annað fyrirkomulag henti betur og sé til þess fallið að lækka kostnað.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekin upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin í notkun á Breiðhelli í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun á Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og hafa tekjur vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða aukist lítillega. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhelli. Tækjabúnaður sá sem notaður hefur verið á Ánanaustum fyrir þessa móttöku verður endurnýjaður og um leið tvöfaldaður árið 2018 og er það Endurvinnslan stendur straum af kostnaði við breytingarnar.

Mismun tekna og gjalda endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið var boðið út á árinu 2015 og tók nýr verktaki við verkefninu á árinu 2016. Verkefnið er vel skilgreint og ekki áætlað að kostnaður við verkefnið aukist umfram verðlag, nema þá sveitarfélögin óski eftir frekari þjónustu. Kostnaður við verkefnið skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma).

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva var fyrirkomulagi við móttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um áramótin 2015/2016. Bannað var að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt var ekki lengur leyfilegt að koma með úrgang í óegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlega“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Ekki hefur tekist að sinna þessu verkefni nægjanlega vel, en þar sem það hefur verið í framkvæmd má sjá árangur. Áfram verður unnið að þessu verkefni. Rétt er þó að hafa í huga að íbúar bregðast mjög misjafnlega við leiðbeiningum starfsmanna.

Álfsnes

Gerð reinar 20 var boðin út árið 2016 og klárast verkið á haustdögum 2017. Verður líklega hægt að hefja urðun í henni um áramót þegar búið er að ganga frá drenlögnum og botni. Gert hefur verið ráð fyrir að rein 20 entist út árið 2020 en vegna mikillar aukningar úrgangs, bæði sem fer í urðun (en einnig sem fer til endurvinnslu), eru áhöld um hvort reinin endist. Verkefnið er skilgreint sem fyrirframgreiddur kostnaður og er gjaldfært í takt við notkun reinarinnar.

Gufunes - móttökustöð

Á tímabilinu 2018 – 2022 verður fyrirkomulagi við þjónustu í Gufunesi og Álfsnesi breytt í samræmi við breytt verklag þegar ný gas- og jarðgerðarstöð tekur til starfa. Ekki er gert ráð fyrri að slíkar breytingar hafi áhrif á heildar rekstrarkostnað. Þjónusta í móttökustöð mun hins vegar óhjákvæmilega breytast í takt við breytt verklag.

FJÁRFESTINGAR

Álfsnes

Stærsta einstaka fjárfestingin á næstu árum er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Heildar byggingarkostnaður er á þessu stigi áætlaður um 3,09 milljarða fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi auk tengdra framkvæmda í móttökustöð í Gufunesi. Frekari undirbúningur hefur staðið yfir frá því eigendasamkomulag var undirritað um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar þann 25. október 2013. Fyrir liggur samþykkt eigenda á eigendafundi um framhald verkefnisins. Undirbúningur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar er þegar hafinn, en jarðvinna við væntanlega lóð var boðin út vorið 2015 og það verkefni klárað. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að gas- og jarðgerðarstöð verði risin á seinni hluta árs 2018. Rétt þykir að gera grein fyrir fjárfestingarþörf í áætlunum SORPU þar sem um framkvæmd lagaskyldu er að ræða á verksviði SORPU bs. **Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um fjármögnun verkefnisins heldur verður fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin í stjórn SORPU bs.** Í áætluninni eins og hún liggur fyrir nú, er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram 700 milljónir í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum, hluti verði fjármagnaður af rekstri og hluti með lánum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að eigendur leggi fram stofnfé árin 2018 og 2019. Gjaldskrá SORPU fyrir úrgang til urðunar var hækkuð um 1,00 kr /kg (án vsk) um áramótin 2014/2015 og er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir að gjaldskráin hækki meira vegna þessa. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá áætlun um fjármögnun gasgerðarstöðvar og þeim framkvæmdum sem henni fylgja (breytingar í móttökustöð og hreinsistöð):

Áætlun um fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar:

Fjármögnun	Ár				SAMTALS
	2016	2017	2018	2019	
Stofnfé			400	300	700
Langtíma lántaka			860		860
Skammtíma lántaka			600		600
Af rekstri	173	400	353		869
SAMTALS	173	400	2.213	300	3.086

Í áætluninn er gert ráð fyrir að skammtímalán tekin árið 2018 verði greitt upp á tveimur árum. Gert er ráð fyrir 4,5% vöxtum á lánum sem ekki er óeðlilegt í ljósi sögunnar.

Árin 2018 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 - 2017.

Á árunum 2019 – 2022 er gert ráð fyrir að hefja undirbúning að byggingu brennslustöðvar til að uppfylla frekar markmið um að draga úr urðun á úrgangi sem fram koma bæði í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingu, landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Fyrirséð er að ef áætlanir sem ganga undir heitinu „hringrásarhagkerfi“ hjá evrópusambandinu verða að veruleika, verða nýjar kröfur um takmörkun á urðun ekki uppfylltar nema með byggingu brennslustöðvar. Tímasetningar eru hins óljósar á þessu stigi.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum.

Gufunes

Gert er ráð fyrir að fjárfesta þurfi í flokkunarbúnaði/undirbúningi fyrir vinnslu úrgangsins í gasgerðarstöð og er gert ráð fyrir að sú vinnsla fari fram í Gufunesi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna þessa hefjist árið 2018 og verði lokið á sama tíma og bygging gasgerðarstöðvar. Um er að ræða búnað til frekari forvinnslu s.s. vegna flokkunar, mölunar / kurlunar úrgangsins og skilvirkari flokkun málma. Gert er ráð fyrir að í Gufunesi fari fram allur undirbúningur úrgangsins fyrir gasgerð fyrir utan blöndun með stoðefnum en sú aðgerð verði framkvæmd í Álfsnesi.

Flokkun plastumbúða eftir svokallaðri Seltjarnarnesleið mun hefjast í byrjun árs 2018 en fjárfesting vegna þessar er innan útkomuspár 2017.

Möttöku og flokkunarstöðin í Gufunesi er hönnuð fyrir 1990 og þörf á að meta rýmisþörf stöðvarinnar út frá verulega auknu magni og umferð og ekki síður vegna breyttrar og fyrirsjáanlega breyttri vinnslu í stöðinni. Kvörtunum yfir biðröðum hefur fjölgað mjög og brýnt að skoða stækkun stöðvarinnar. Í rekstrar – og eða fjárfestingaráætlun er ekki gert ráð fyrir stækkun enda liggja ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar til að svo sé hægt.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. hreifanleg vinnutæki – en um er að ræða endurnýjun gamalla og úr sér genginna véla. Enn verður frestað aðstöðu fyrir lestun pappírgáma.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára.

Endurvinnslustöðvar

Starfsmannahús á endurvinnslustöðinni á Breiðhelli í Hafnarfirði er ónýtt og verður það endurnýjað á árinu 2018. Það fjármagn sem eftir er af fjárfestingarlánum vegna síðustu breytinga á endurvinnslustöðvunum verður nýtt í þessa framkvæmd (lán vegna móttöku skilagjaldskyldra umbúða á Breiðhelli og í Ánanaustum og stækkun Ánanausta og Blíðubakka í Mosfellsbæ).

Mjög brýnt er að fundin verði lausn fyrir Dalveg þar sem aðstaðan var skorin verulega niður fyrir nokkrum misserum. Stöðin í Jafnaseli er að verða of lítil og nauðsynlegt að skoða stækkunarmöguleika eða færslu stöðvarinnar. Íbúðabyggð við Ánanaust færir nær og nær stöðinni og þegar byrjaðar kvartanir vegna umferðar og hávaða. Er ekki ólíklegt að hentugt sé að flytja stöðina til, eða kosta til hljóðvarna við stöðina.

Frá árinu 2010 hefur úrgangur í gegnum endurvinnslustöðvarnar aukist um rúmlega 80%. Umferð hefur jafnframt aukist verulega og er orðið mjög erfitt um vik á sumum endurvinnslustöðvunum. Ástandið er sýnu verst á stöðinni á Dalvegi og er brýnt að sveitarfélögin setjist niður og skipuleggi kerfi endurvinnslustöðvanna í sameiningu þ.a. þjónusta þeirra sé svipuð hvað varðar aðgengi, opnunartíma, viðmót osfrv.

Gert er ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki vegna nýrra skipulagsáætlana í Reykjavík og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins á árunum 2018-2019. Í fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir byggingu þessarar stöðvar. Eðli máls samkvæmt hefur nákvæm útfærsla ekki verið ákveðin, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður haldist óbreyttur að svo stöddu.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum og viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.


Liður	Útkomuspá	Áætlunarár					Viðmið
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	
Framlegð/tekjur	18,3%	15,0%	14,7%	17,7%	17,8%	18,1%	> 15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	18,6%	13,5%	13,3%	16,7%	17,2%	17,5%	> 7,5%
Heildarskuldir/reglulegar tekjur	25,4%	62,7%	55,2%	47,3%	44,3%	41,2%	< 150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	952	1.115	735	422	515	790	jákvætt

Skyggðu reitirnir eru þar sem einstök skilyrði eru ekki uppfyllt. Rétt er þó að skoða öll skilyrðin til samans þegar þetta er metið.


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

[Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri verði birtar með samanburði við fyrri ár.]


Þróun magntalna á endurvinnslustöðvum:



MAGN Í MÓTTÖKUSTÖÐ GUFUNESI



MÓTTEKIÐ MAGN Í ÁLFSNESI





Orkuveita Reykjavíkur – samstæða

*Horfur 2017, fjárhagsspá 2018 og langtímaspá 2019 - 2023
Samþykkt af stjórn 20.10.2017*

EFNISYFIRLIT

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur	2
Forsendur og viðmið fjárhagsspár	4
Fjárhagsspá 2018	6
Langtímaspá 2019-2023	8
Horfur 2017 og spá 2018-2023	14

INNGANGUR

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2018 og langtímaspá fyrir árin 2019-2023 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Fjárhagsspá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuspá var samþykkt í stjórn OR. Helstu forsendur hennar eru eigendastefna OR, stefnumótun OR og dótturfélaga á ýmsum sviðum rekstursins, þjóðhagsspá, spár Reykjavíkurborgar og OR um þróun ýmissa áhrifapátta rekstursins og alþjóðlegar spár um þróun ytri þátta.

Við gerð þessarar fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er haldið áfram á braut stefnumiðaðrar spágerðar (Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að hefðbundin áætlanagerð er einfölduð, afkomuspár eru tíðari og áætlunum breytt til samræmis við þær. Aðferðin felur í sér aukna ábyrgð stjórnenda og annarra starfsmanna í fjármálum og daglegum rekstri enda styðjast þeir við skráða stefnu og skýr markmið. Fjárhagslegir lykilmælikvarðar og markmið eru sett fram með myndrænum hætti í spánni.

Rekstur Orkuveitusamstæðunnar er í traustum farvegi og gert er ráð fyrir minni háttar breytingum á tekjum og gjöldum í fyrirséðri framtíð. Fjárfestingar eru töluverðar eins og jafnan í rekstri af þessu tagi. Endurnýjun mikilvægra stofnæða í veitukerfum heldur áfram. Mikilvægur áfangi er þar þó að baki þar sem byggingu nýrra fráveitna á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi með tilheyrandi dælu- og hreinsistöðvum er lokið. Stækkun nets Ljósleiðarans til nágrannasveitafélaga Reykjavíkur verður haldið áfram og tengibúnaður heimila uppfærður þannig að öll heimili á svæðinu geti keypt 1.000 megabita flutningshraða af fjarskiptafyrirtækjunum.

Helstu fjárfestingaverkefni virkjana tengjast umhverfismálum og gufuöflun. Á meðal verkefna eru niðurrennslisverkefni og borun vinnsluholna fyrir báðar virkjanirnar á Hengilssvæðinu. Einnig er áætlað að annar áfangi varmastöðvar Hellisheiðarvirkjunar, sem þjónar hitaveitunni á höfuðborgarsvæðinu, verði byggður á spátímabilinu. Áhersla verður lögð á fjölnýtingu og uppbyggingu á Jarðhitagarði við Hellisheiðarvirkjun. Þar er líka gert ráð fyrir nýju niðurrennslisvæði í útjaðri núverandi vinnslusvæðis eða að vinnsluvatni verði veitt til sjávar. Heildarúttekt á Andakílsárvirkjun stendur yfir. Engar fjárfestingar við hana eru í spánni. Niðurstaða úttektar getur breytt því.

Á næstu árum verður haldið áfram að greiða niður skuldir OR. Gert er ráð fyrir að nettóskuldir OR lækki um 24 milljarða frá árslokum 2017 til ársloka 2023.

Arðgreiðslur til eigenda OR hefjast að nýju árið 2017. Þær byggjast á þeim ströngu arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2018 og fimm ára spá 2019-2023 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlunum samstæðu Reykjavíkurborgar.

Starfssvæði OR og dótturfélaga nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orka náttúrunnar á og rekur þrjár virkjanir; jarðgufuvirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði og vatnsaflsvirkjun í Andakílsá í Borgarfirði. Jarðgufuvirkjanirnar, sem báðar eru á Hengilssvæðinu, eru margfalt aflmeiri en vatnsaflsvirkjunin.



VIRKJANIR

Uppsett rafafli virkjana er 120 MW á Nesjavöllum, 303 MW í Hellisheiðarvirkjun og Andakílsá er 9 MW. Viðskiptavinir eru dreifðir um allt land.

RAFMAGNSVEITA

Raforkudreifing nær til liðlega helming landsmanna í sex sveitarfélögum við Faxaflóa. Dreifikerfið tengist landsneti raforkuflutningsins á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er í tengivirkjunum við Korpu, á Geithálsi og Hnoðraholti. Þaðan er rafmagnið leitt í háspennustrengjum til 13 aðveitustöðva, víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.



HITAVEITA

Á höfuðborgarsvæðinu rekur OR og dótturfélög jarðhitaveitu auk smærri veitna á sunnan- og vestanverðu landinu sem þjóna yfir 70% landsmanna. Mest er framleiðsla heits vatns í virkjuninni á Nesjavöllum, 300 MWth, en á fjölda lághitasvæða eru samtals framleidd 600 MWth. Í Hellisheiðarvirkjun eru framleidd 133 MWth af heitu vatni.



VATNSVEITA

OR og dótturfélög reka 13 vatnsveitur á starfssvæði sínu auk þess að selja neysluvatn í heildsölu til tveggja sveitarfélagaveitna, samtals til um helming þjóðarinnar.



FRÁVEITA

OR og dótturfélög eiga fráveitur í sex byggðarlögum og rekur dælustöðvar fyrir tvö sveitarfélög til viðbótar. OR og dótturfélög þjóna liðlega helmingi þjóðarinnar í fráveitumálum.

GAGNAVEITA

OR og dótturfélög hafa byggt upp verðmætt gagnaflutningskerfi, sem heimili og fyrirtæki á suðvesturhorninu hafa notið góðs af.

STARFSEMI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

KORT AF VEITUSVÆÐI



FORSENDUR OG VIÐMIÐ FJÁRHAGSSPÁR

FORSENDUR

Forsendur fjárhagsspár 2018 - 2023 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í maí 2017 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange). Við áætlun vaxta var miðað við fölgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

FORSENDUR

Lýsing	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	1,9	2,7	2,9	2,7	2,6	2,5	2,5
Byggingarvísitala, breyting (%)	1,4	2,9	2,4	3,3	2,7	2,6	2,5
Launavísitala, breyting (%)	6,7	6,5	5,9	4,6	4,3	4,2	4,2
Gengisvísitala, breyting (%)	-14,1	-3,1	-0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.061	2.121	2.159	2.195	2.227	2.262	2.307

FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar við mat á forgangsröðun fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru á fjárfestingaráætlun hafa verið lengi til umfjöllunar og hlotið forgangsröðun áður en þau eru lögð fram. Áður en endanleg ákvörðun um verkefni er tekin er unnin frekari undirbúningsvinna og ítarlegt áhættumat framkvæmt. Þegar nánari undirbúningsvinnu sérhvers verkefnis er lokið fer það í samþykktarferli innan hvers félags og síðar stjórnar og eiganda, ef við á, eftir skilgreindu verklagi. Stuðst er við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukin notkun eða eftirspurn
- Bilanasaga
- Aldur
- Efni
- Ástandsgreining
- Öryggi starfsmanna og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi

FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Í samræmi við eigendastefnu og aðgerðaráætlun eigenda er markvisst stefnt að heilbrigðari fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að bæta markvisst lykiltölur í rekstri s.s. veltufjárlutfall, eiginfjárlutfall, skuldabekju o.fl. Áætlunin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum í anda eigendastefnu og stefnumiðaðrar áætlunargerðar (beyond budgeting). Í neðangreindri töflu má sjá lykiltölur eins og þær voru í árslok 2016 og áætlaðar nú:

LÝSING	RAUN 2016	HORFUR 2017	SPÁ 2018
Framlegð	61,2%	61,5%	62,4%
Eiginfjárlutfall	40,4%	46,9%	47,8%
Veltufjárlutfall	0,8	1,1	1,0
(Vaxtaberandi skuldir - handbært fé) / EBITDA	5,2	4,4	4,3
Vaxtaþekja	5,0	4,5	3,8
FCF / Nettó skuldir	6,1%	4,3%	-4,0%
RCF / Nettó skuldir	16,5%	16,6%	13,7%
ROCE	5,2%	6,3%	6,2%

Á eigendafundi OR í nóvember 2015 voru samþykkt arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins. Samþykkt var tillaga stjórnar OR um að greiða eigendum sínum ekki arð nema að fjárhagsstaða fyrirtækisins uppfylli tiltekin skilyrði. Skilyrðin eru þessi:

	2016-2018	2019-
1. Veltufjárlutfall	>1,0	>1,0
2. Eiginfjárlutfall	>35%	>40%
3. Vaxtaþekja	>3,5	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>11%	>13%
5. FFO / nettó skuldir	>13%	>17%
6. Hlutfall arðs af hagnaði hvers árs	≤50%	≤50%

Skilgreiningar:

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

FCF = Heildarsjóðstreymi (e. free cash flow)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir – handbært fé

EBITDA = Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir

Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Veltufé frá rekstri - arðgreiðslur

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2018 verði 8.651 m.kr. samanborið við 18.462 m.kr. samkvæmt horfum fyrir árið 2017, þetta er lækkun upp á 9.811 m.kr. sem skýrist einna helst af gengishagnaði og gangvirðisbreytingu innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum á árinu 2017. Eiginfjárhlutfall er áætlað 47,8% m.kr. í árslok 2018 samanborið við 46,9% árið 2017.

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur

Rekstrartekjur eru áætlaðar 43.249 m.kr. en eru 42.996 m.kr. í horfum ársins 2017, sem er 0,6% hækkun.

Gjöld

Rekstrarkostnaður án afskrifta er áætlaður 16.256 m.kr. samanborið við 16.538 m.kr. í horfum fyrir árið 2017 sem er 1,7% lækkun.

EBITDA er áætluð 26.993 m.kr. árið 2018 en horfurnar gerir ráð fyrir 26.457 m.kr. árið 2017.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Gert er ráð fyrir að heildareignir nemi 292.086 m. kr. í árslok 2018 samanborið við 284.944 m.kr í árslok 2017 sem er 2,5% hækkun milli ára.

Eigið fé og skuldir

Gert er ráð fyrir að eigið fé nemi 139.637 m.kr. árslok 2018 samanborið við 133.525 m.kr. í árslok 2017. Þá er gert ráð fyrir að heildarskuldir hækki í 152.449 m.kr. úr 151.419 m.kr. í árslok 2018 sem er 0,7% hækkun milli ára.

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er áætlað 18.195 m.kr. árið 2018 samanborið við 20.071 m.kr. árið 2017.

Greiddur tekjuskattur eru áætlaður 3.248 m.kr. árið 2018 en 1.720 m.kr. árið 2017.

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 20.169 m.kr. árið 2018 samanborið við 13.676 m.kr. árið 2017.

Helstu fjárfestingar ársins 2018 eru vegna gufuöflunar og umhverfismála hjá Orku náttúrunnar. Í veitukerfum eru helstu fjárfestingar endurnýjun stofnæða í hita-, vatns- og fráveitu ásamt uppbyggingu og endurnýjun dreifi- og aðveitustöðva í rafmagni.

Ástæður hárri fjárfestinga á árinu 2018 skýrist m.a. af hugmyndum um möguleg endurkaup og endurbótum á fasteignum að Bæjarhálsi. Þó hafa engar ákvarðanir verið teknar ennþá í þeim efnum.

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir uppgjöri á skuldabréfaeign sem tengd er álverði að ákveðnu marki, 4.270 m.kr.

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir skulda árið 2018 eru áætlaðar 14.215 m.kr. króna og lántökur eru áætlaðar 14.725 m.kr.


Handbært fé í lok árs 2018 er áætlað 12.810 m.kr. samanborið við 11.258 m.kr. árið 2017.

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að greiða 750 m.kr. í arð til eigenda og 1.250 m.kr. árið 2018.

REKSTRARREIKNINGUR

Tekjur

Áætlað er að rekstrartekjur hækki um 10.184 m.kr. frá 2018 til 2023 eða sem nemur 23,5%. Tekjur vegna raforkusölu á almennum markaði hækka um 3.278 m.kr. eða 26,1% og tekjur vegna sölu á heitu vatni hækka um 2.311 m.kr. eða 21,0%. Tekjur vegna heildsölu rafmagns hækka um 803 m.kr. eða 12,2%



Mynd 1 - upphæðir í milljörðum króna


Gjöld

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2018 til 2023 um 4.035 m.kr. eða 24,8%. Orkukaup og flutningur hækka um 1.748 m.kr. eða 27,1%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar um 2.286 m.kr. eða 17,1%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA hækkar úr 26.993 m.kr. árið 2018 í 33.142 m.kr. árið 2023 eða sem nemur 22,8%.

Afkoma


Eins og sjá má á mynd 2 er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 13.866 m.kr. árið 2023. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins eins og sjá má á árunum 2016-2018.



Mynd 2 - upphæðir í milljörðum króna


EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir í fjárhagsspá hækka frá 2018 til 2023 um 21.100 m.kr. eða 7,2% og verða um 313.186 m.kr. árið 2023. Eiginfjárhlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2019-2023, þ.e. frá því að vera 47,8% í árslok 2018 í 59,3% í árslok 2023.



Mynd 3 - upphæðir í milljörðum króna

Eigið fé í árslok 2023 er áætlað 185.823 m.kr. og eykst um 46.186 m.kr. frá árslokum 2018. Þá er gert ráð fyrir því að skuldir lækki á tímabilinu 2018 til 2023 úr 152.449 m.kr. í 127.363 m.kr. eða um 16,5%.



Mynd 4 – upphæðir í milljörðum króna

LANGTÍMASPÁ 2019-2023

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri er áætlað 117.872 m.kr. á árunum 2019-2023.

Greiddir tekjuskattar á árunum 2018-2023 eru áætlaðir 15.780 m.kr.

Fjárfestingahreyfingar

Á árunum 2018 til 2023 eru fjárfestingar áætlaðar 91.312m.kr.

Fjárfesting í veitukerfum er áætluð 49.217 m.kr. og eru helstu fjárfestingaverkefnið endurnýjun stofnæða í hitaveitu, endurnýjun aðveitu- og dreifistöðva í rafmagni og samstarfsverkefni með sveitarfélögum á starfssvæði veitnanna.


Fjárfesting í virkjunum er áætluð 29.975 m.kr. og eru helstu fjárfestingaverkefnið tengd gufuöflun og umhverfismálum.

Fjárfestingar

Hér getur að líta sundurliðun fjárfestingahreyfinga í varanlegum rekstrarfjármunum í milljónum króna.

FJÁRFESTINGAR

LÝSING	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Virkjanir	3.075	4.304	4.209	6.191	7.090	3.798	4.385
Veitukerfi	9.268	8.955	8.976	8.495	7.768	7.592	7.432
Önnur fjárfesting	1.333	6.911	2.370	863	684	644	648
Fjárfestingar alls	13.676	20.169	15.554	15.548	15.541	12.034	12.465



Mynd 5 – upphæðir í milljörðum króna

LANGTÍMASPÁ 2019-2023

HELSTU FJÁRFESTINGAR 2018-2023

Virkjanir	29.975
Heitt vatn	17.494
Rafmagn	10.213
Kalt vatn	5.488
Fráveita	8.478
Gagnaveita	7.478
Upplýsingarkerfi	1.871
Annað	10.315

Fjármögnunarhreyfingar


Afborganir skulda eru áætlaðar á milli 12.581 – 14.565 m.kr. króna á árunum 2018 - 2023, samtals um 80.147 m.kr.

Lántökur eru áætlaðar 45.900 m.kr. á tímabilinu eða sem nemur um 50,3% af fjárfestingu og 57,3% af afborgunum skulda.

Arðgreiðslur til eigenda eru áætlaðar 14.250 m.kr. á tímabilinu

Handbært fé í lok tímabilsins fer úr 12.810 m.kr. árið 2018 í 12.162 m.kr. árið 2023.

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri



Mynd 6 - upphæðir í milljörðum króna

FJÁRHAGSLEGIR LYKILMÆLIKVARÐAR



Mynd 7 - Fjárhagsleg viðmið og mælikvarðar áætlunar

HORFUR 2017 OG SPÁ 2018-2023

Rekstrarreikningur	Raun 2016 (mkr)	Horfur 2017 (mkr)	Spá 2018 (mkr)	Spá 2019 (mkr)	Spá 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)
Rekstrartekjur	41.423	42.996	43.249	45.168	47.163	49.301	51.344	53.433
Smásala	31.029	31.757	32.048	33.235	34.722	36.280	37.827	39.537
Rafmagn	11.850	12.656	12.579	13.116	13.708	14.385	15.093	15.857
Heitt vatn	10.816	10.869	11.026	11.387	11.866	12.354	12.845	13.337
Kalt vatn	3.482	3.200	3.275	3.388	3.549	3.702	3.836	4.012
Fráveita	4.881	5.033	5.167	5.344	5.599	5.840	6.053	6.330
Heildsala	6.815	7.000	6.823	7.105	7.186	7.357	7.498	7.679
Rafmagn	6.606	6.747	6.573	6.847	6.916	7.077	7.206	7.376
Heitt vatn	140	194	192	198	206	215	223	232
Kalt vatn	69	59	59	61	63	66	69	72
Aðrar tekjur	3.576	4.238	4.378	4.828	5.255	5.664	6.020	6.216
Rekstrargjöld	16.062	16.538	16.256	16.828	17.648	18.546	19.382	20.290
Orkukaup	2.798	2.496	2.075	2.097	2.293	2.512	2.822	3.122
Flutningur	3.407	3.473	3.589	3.734	3.860	4.001	4.143	4.290
Laun og launatengd gjöld	5.241	6.371	6.661	7.061	7.367	7.708	8.044	8.385
Annar rekstrarkostnaður	4.617	4.199	3.932	3.936	4.129	4.325	4.373	4.493
Rekstrarhagnaður EBITDA	25.361	26.457	26.993	28.340	29.515	30.755	31.962	33.142
Afskriftir	10.392	9.029	9.421	9.931	10.287	10.629	10.912	11.134
Rekstrarhagnaður EBIT	14.968	17.429	17.572	18.409	19.228	20.127	21.049	22.008
Fjármagnsliðir	3.089	8.446	-7.420	-6.361	-6.092	-5.919	-5.687	-5.349
Vaxtatekjur	433	702	636	680	701	783	784	786
Vaxtagjöld	-5.190	-5.352	-6.041	-6.624	-6.591	-6.671	-6.628	-6.348
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	7.845	13.096	-2.015	-417	-202	-31	157	213
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	18.053	25.874	10.152	12.048	13.135	14.207	15.362	16.659
Tekjuskattur	-4.702	-7.212	-1.301	-1.645	-1.683	-1.771	-2.097	-2.040
Fjármagnstekjuskattur	0	-200	-200	-200	-610	-620	-690	-740
Hagnaður (tap) ársins	13.352	18.462	8.651	13.352	13.352	13.352	13.352	13.352

HORFUR 2017 OG SPÁ 2018-2023

Efnahagsreikningur	Raun 2016 (mkr)	Horfur 2017 (mkr)	Spá 2018 (mkr)	Spá 2019 (mkr)	Spá 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)
Eignir	300.450	284.944	292.086	298.590	303.280	309.006	311.817	313.186
Fastafjármunir	277.843	259.718	269.394	275.716	281.395	286.796	288.496	290.428
Varanlegir rekstrarfjármunir	264.823	254.210	261.904	266.692	271.785	276.540	277.516	278.712
Aðrar óefnislegar eignir	1.504	1.725	1.924	2.106	2.275	2.433	2.578	2.713
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	59	59	59	59	59	59	59	59
Eignarhlutar í öðrum félögum	3.285	3.285	3.285	3.285	3.285	3.285	3.285	3.285
Afleiðusamningar	365	438	452	454	454	454	454	454
Reiknuð skattineign	3.715	0	1.770	3.120	3.538	4.025	4.604	5.205
Veltufjármunir	22.607	25.226	22.692	22.874	21.885	22.210	23.320	22.758
Vörubirgðir	583	576	574	574	574	574	574	574
Viðskiptakröfur	4.597	4.134	4.164	4.320	4.475	4.643	4.813	4.994
Afleiðusamningar	393	513	513	513	513	513	513	513
Aðrar fjáreignir	0	4.092	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	545	521	498	476	445	428	402	382
Bundnar bankainnstæður	4.132	4.132	4.132	4.132	4.132	4.132	4.132	4.132
Sjóður og bankainnstæður	12.357	11.258	12.810	12.858	11.745	11.919	12.885	12.163
Eigið fé og skuldir	300.450	284.944	292.086	298.590	303.280	309.006	311.817	313.186
Eigið fé	121.476	133.525	139.637	147.709	156.552	165.868	175.443	185.823
Sérstakur endurmatsreikningur	72.918	72.918	72.918	72.918	72.918	72.918	72.918	72.918
Bundinn reikningur	7.060	7.060	7.060	7.060	7.060	7.060	7.060	7.060
Þýðingarmunur	-1.786	-7.449	-8.737	-8.868	-8.868	-8.868	-8.868	-8.868
Gangvirðisreikningur	2.822	2.822	2.822	2.822	2.822	2.822	2.822	2.822
Óráðstafað eigið fé	40.461	58.173	65.574	73.776	82.619	91.935	101.510	111.890
Skuldir	178.974	151.419	152.449	150.881	146.728	143.138	136.373	127.363
Langtímaskuldir	149.881	129.038	130.448	128.672	125.539	121.861	112.800	103.714
Skuldir við lánastofnanir	129.317	115.661	117.234	115.175	111.813	107.995	98.696	89.773
Lífeyrisskuldbinding	592	623	665	710	756	805	855	908
Aðrar fjárskuldir	2.713	2.745	2.712	2.697	2.697	2.697	2.697	2.697
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	8.913	1.414	1.409	1.467	1.579	1.559	1.387	1.170
Tekjuskattsskuldbinding	8.345	8.595	8.427	8.623	8.694	8.806	9.164	9.166
Skammtímaskuldir	29.094	22.381	22.001	22.209	21.189	21.276	23.573	23.649
Viðskiptaskuldir	2.318	2.432	2.534	2.708	2.901	3.102	3.297	3.498
Skuldir við lánastofnanir	1.304	0	847	924	971	982	992	1.003
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14.029	13.147	11.861	12.240	11.797	11.573	13.559	13.181
Ógreiddir skattar	1.737	3.248	3.215	2.774	2.003	2.122	2.293	2.613
Aðrar fjárskuldir	2.312	2.467	2.473	2.474	2.474	2.474	2.474	2.474
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	1.406	68	85	140	179	211	223	227
Aðrar skammtímaskuldir	5.989	1.020	986	949	864	812	736	654

HORFUR 2017 OG SPÁ 2018-2023

Sjóðstreymi	Raun 2016 (mkr)	Horfur 2017 (mkr)	Spá 2018 (mkr)	Spá 2019 (mkr)	Spá 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)
Rekstrarhreyfingar								
(Tap) Hagnaður tímabilsins	13.352	18.462	8.651	10.203	10.843	11.816	12.575	13.879
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-3.089	-8.446	7.420	6.361	6.092	5.919	5.687	5.349
Hlutdeild í afkomu dótturfyrirtækja	3	0	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	4.702	7.412	1.501	1.845	2.293	2.391	2.787	2.780
Afskriftir	10.392	9.029	9.421	9.931	10.287	10.629	10.912	11.134
Lífeyrisskuldbinding hækkun (lækkun)	49	31	42	44	47	49	51	53
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	25.407	26.489	27.035	28.384	29.562	30.804	32.012	33.195
Birgðir, lækkun (hækkun)	27	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, (hækkun)	12	178	-77	-163	-157	-169	-171	-183
Skammtímaskuldir, hækkun	-465	235	128	176	193	201	195	201
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-427	413	51	13	36	32	24	18
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	24.981	26.901	27.086	28.397	29.598	30.836	32.036	33.213
Innborgaðar vaxtatekjur	461	702	485	438	411	487	506	525
Greidd vaxtagjöld ISK	-4.146	-4.479	-4.413	-4.632	-4.654	-4.661	-4.622	-4.372
Greiddur tekjuskattur	0	-1.921	-3.448	-3.438	-3.409	-2.649	-2.838	-3.058
Greiddur fjármagnstekjuskattur	0	-200	-200	-200	-610	-620	-690	-740
Greiddslur annarra fjármagnsliða	-1	-1.132	-1.514	-204	-26	-9	-1	0
Handbært fé frá rekstri	21.324	20.071	18.195	20.561	21.919	24.004	25.081	26.307
					610			
Fjárfestingarhreyfingar								
Orkuver	-3.849	-3.075	-4.304	-4.209	-6.191	-7.090	-3.798	-4.385
Veitukerfi	-8.214	-9.268	-8.955	-8.976	-8.495	-7.768	-7.592	-7.432
Önnur fjárfesting	-890	-1.333	-6.911	-2.370	-863	-684	-644	-648
Fjárfestingar rekstrarfjármuna alls	-12.953	-13.676	-20.169	-15.554	-15.548	-15.541	-12.034	-12.465
Afborganir skuldabréfa	0	0	4.270	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar alls	-15.003	-13.676	-15.900	-15.174	-15.548	-15.541	-12.034	-12.465
Fjármögnunarhreyfingar								
Tekin ný langtímalán	8.162	11.253	14.725	9.475	7.700	7.000	3.500	3.500
Afborganir vaxtaberandi skulda	-15.631	-16.886	-14.215	-12.814	-13.184	-12.789	-12.581	-14.565
Greiddur arður	0	-750	-1.250	-2.000	-2.000	-2.500	-3.000	-3.500
Skammtímalán, breyting	3.958	-1.098	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	-3.511	-7.481	-740	-5.339	-7.484	-8.289	-12.081	-14.565
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	7.363	-1.086	1.555	48	-1.113	174	966	-723
Handbært fé í ársbyrjun	5.264	12.357	11.258	12.810	12.858	11.745	11.919	12.885
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	-270	-13	-3	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabilsins	12.357	11.258	12.810	12.858	11.745	11.919	12.885	12.162

